


# SJÚKRALIÐINN

2. TÖLUBLAÐ 24. ÁRGANGUR JÚNÍ 2010



## Kjör sjúkraliða verði leiðrétt

– sjá 19. fulltrúafing SLFÍ á bls. 11-17





**Framkvæmdastjórn**  
Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ):  
Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður.  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður.  
Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri.  
Jóhanna Traustadóttir, ritari.

**Skrifstofa félagsins:**  
Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands er að Grensásvegi 16, 108 Reykjavík. Sími 553 9493 eða 553 9494. Símaþrá, fax 553 9492. Heimasíða félagsins er [www.slfi.is](http://www.slfi.is) Skrifstofan er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 08:00 til 12:30 og 13:00 til 16:00.

Starfsfólk félagsins annast alla almenna skrifstofuþjónustu, upplýsingamiðlun túlkun kjarasamninga og erindrekstur fyrir félagið og félagsmenn. Skrifstofan sér um sjóði félagsins svo sem félagssjóð, orlofsjóð, Minningar- og styrktarsjóð, Vinnudeilu- og verkfallssjóð auk þess sem hún afgreiðir erindi Starfsmenntasjóðs BSRB og Styrktarsjóðs BSRB. Ennfremur sér skrifstofan um úthlutun á orlofsbúðum og orlofshúsum félagsins í umboði Orlofsnefndar.

**Starfsfólk á skrifstofu**  
Sjúkraliðafélags Íslands  
Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður,  
[netfang: kristin@slfi.is](mailto:kristin@slfi.is)  
Gunnar Örn Gunnarsson,  
framkvæmdastjóri,  
[netfang: gunnar@slfi.is](mailto:gunnar@slfi.is)  
Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri,  
[netfang: birna@slfi.is](mailto:birna@slfi.is)  
Margrét Tómasdóttir, bókeri,  
[netfang: margret@slfi.is](mailto:margret@slfi.is)  
Lilja Laxdal, skrifstofumaður,  
[netfang: lilja@slfi.is](mailto:lilja@slfi.is)

**Sjúkraliðinn:**  
Sjúkraliðinn er gefinn út af Sjúkraliðafélagi Íslands í 2.900 eintökum.

**Ábyrgðarmaður:**  
Kristín Á. Guðmundsdóttir

**Ritnefnd:**  
Guðlaug Steinunn Kristófersdóttir,  
LSH-Hringbraut  
Júlíus Snorrason, LSH-Landakoti  
Jón Símon Gunnarsson, LSH-Fossvogi  
María Búsk, St. Franciskusspítali,  
Stykkishólmi, varamaður

**Umsjón:**  
Gunnar Örn Gunnarsson

**Prentvinnsla og umbrot:**  
Stafræna prentsmiðjan ehf, Hafnarfirði

# Fimmtán þúsund öryrkjar

Á árinu 2009 voru 15 þúsund einstaklingar með örorkumat í gildi hjá Tryggingastofnun, og er þá átt við herra örorkustigsmat, það er fólk með yfir 75% örorku. Þar af eru 1600 einstaklingar yngri en 30 ára, 827 karlar og 773 konur.

Geðraskanir eru metnar sem fyrsta orsök örorku hjá rúmlega 37% öryrkja, en hlutfallið var 35% á árinu 1999. Geðraskanir eru því algengasta orsök örorku. Stoð-

kerfissjúkdómar fylgja fast á eftir og er önnur algengasta orsök.

Fleiri konur eru með örorkumat en karlar. Af fyrrgreindum 15 þúsund einstaklingum eru 9 þúsund konur en um 6 þúsund karlar. Munur er einnig á dreifingu sjúkdómaflokka eftir kynjum. Hjá körlum eru geðraskanir stærsti flokkurinn, en stoðkerfissjúkdómar hjá konum.



## Danskir sjúkraliðanemar

Danskir sjúkraliðanemar voru í góðu yfirlæti á hjúkrunarheimilinu Eir fyrr á þessu ári og fengu meira að segja að æfa sig í að hekla, en myndin var tekin við það tækifæri. Frá vinstri: Susanne Kruse Cristensen, sjúkraliðanemi frá Danmörku, Guðlaug Ingvarsdóttir, sjúkraliði, Þórunn Arnardóttir, sjúkraliði, Erla Sigtryggsdóttir, aðstoðardeildarstjóri, og Michelle Pedersen, sjúkraliðanemi frá Danmörku. Nemarnir heim sóttu skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands þar sem þeir fengu kynningu á starfssemi félagsins.

## Nýir sjúkraliðar

Á síðasta ári, 2009, fengu 118 sjúkraliðar útgefið starfsleyfi hér á landi samkvæmt upplýsingum frá Landlækniseimbættinu, eða um 70 færri en árið á undan.

Á síðustu fimm árum, 2005 til 2009, hafa alls 715 sjúkraliðar fengið útgefið starfsleyfi. Skiptingin milli ára er sem hér segir: 2005: 92. 2006: 151. 2007: 165. 2008: 189. 2009: 118.

<b>Á DAGSKRÁ</b> .....	2
- Fimmtán þúsund öryrkjar	
- Danskir sjúkraliðanemar	
- Nýir sjúkraliðar	
<b>FORMANNSPISTILL</b> .....	3
- Lægri laun vegna meiri lífeyrisréttinda	
<b>SJÚKRALIÐASTARFIÐ</b> .....	4-7
- Litlu Hitlerarnir blómstra	
- „Stéttarlegt ofbeldi“	
- Hörð mótmæli sjúkraliða	
<b>MENNTAMÁL</b> .....	7-8
- 23 í sérnáminu	
- Trúnaðarmenn útskrifast	
- Seinkun á framhaldsnámi í geðhjúkrun	
<b>KJARAMÁLIN</b> .....	9-10
- Nýja hugsun, nýtt þjóðfélag	
- Ekkert þokast í samningamálum	
<b>FULLTRÚAÞINGIÐ</b> .....	11-17
- Að vernda störf og réttindi	
- Kjör sjúkraliða verði leiðrétt	
- Rangur og villandi málflutningur,	
- Sérnam í geðhjúkrun hefjist í haust	
<b>SJÚKRALIÐAFÉLAGIÐ</b> .....	18-19
- Allir horfi og rói í sömu átt	
- Markmið á næstu árum	
<b>RITGERÐIR SJÚKRALIÐA</b> .....	20-23
- Ný kenning um öldrunarinnisæi	
<b>RITGERÐIR SJÚKRALIÐANEMA</b> .....	24-25
- Veikindi barns er mikið áfall	
<b>STARFSENDURHÆFING</b> .....	26-29
- Gaman að sjá hvað margir blómstra	
- Nú hlakka ég til framtíðarinnar	
<b>FERÐALÖG</b> .....	30-31
- Hálendisferð sjúkraliða í ágúst	
<b>STUTTFRÉTTIR</b> .....	31
- Pláss fyrir nema	
- Enn hækkar styrkurinn	
<b>HJÚKRUNARHEIMILIN</b> .....	32
- Brynt að ákveða grundvallarviðmið	
- Hvað er fullnægjandi hjúkrun?	
<b>SJÓÐIRNIR</b> .....	33-34
- Leit að skjótfengnum gróða?	
- Kallar á sérstaka rannsókn	
<b>SJÚKRALIÐAÐEILDIRNAR</b> .....	35-39
- Ríflega tólf hundruð félagsmenn	
- Tuttugu ára afmæli	
- Fimm í framhaldsnámi	
- Fullskipað á námskeiðum	
- Stjórnin til Vopnafjarðar	
- Góð námskeið fyrir norðan	
- Vinsælt þorablót	
- Nemar ánægðir með námið	
<b>AUGLÝSINGAR</b> .....	40
- Vetrarleiga orlofshúsa og íbúða	
<b>FORSÍÐUMYNDIN</b>	
Kristín Á. Guðmundsdóttir flytur	
ávarp 1. maí.	

# Lægri laun vegna meiri lífeyrisréttinda



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, skrifar.

Hrun íslenska bankakerfisins gekk verulega á stóran hlut uppsafnaðra eigna íslensku lífeyrissjóðanna. Hrunið mun því verða sjóðfélögum þungt í skauti um langa framtíð. Sú spurning brennur á vörum fólks hvort slæg ávöxtun hafið verið vegna vanhugsaðra eða glæfralegra fjárfestinga og bent á að búið hafi verið að vara við því í marga mánuði fyrir hrun að fjármálakerfi landsins stæði illa. Umræða hefur einnig skapast um hvernig staðið er að skipun stjórnarmanna í sjóðina. Þetta eru allt góðar og gildar umræður sem alltaf eiga rétt á sér. Við eigum að vera gagnrýnin og hafa skoðanir á svo mikilvægum málum. Umræðan á að vera virk um leið og hún getur verið uppbyggileg.

Það skýtur hinsvegar skökku við þegar Viðskiptaráð sendir frá sér yfirlýsingu um að stjórnvöld eigi ekki að standa við gerða samninga við opinbera starfsmenn um lífeyrisréttindi þeirra og hvetja til að lög verði brotin. Er verið að slá ryki í augu almennings? Eða trúir Viðskiptaráð því að hægt sé að fara með kjarasamninga opinberra starfsmanna eftir geðþótta stjórnvalda? Það er öllum ljóst að um er að ræða lífeyrisréttindi sem gengið var frá í kjarasamningum.

Viðskiptaráð segir enn fremur: „Erfitt er að sjá réttlæti í því að starfsmenn almenna vinnumarkaðarins skuli þurfa að taka á sig skerðingu lífeyrisréttinda, samhliða því að þurfa að standa undir ósjálfbærni lífeyriskerfi opinberra starfsmanna með auknum skattgreiðslum. Slíkt getur vart annað en flokkast undir mismunun af versta tagi.“ Hvað er ráðið að fara með þessum ummælum sínum? Gerir það sér enga grein fyrir kjaralegri stöðu opinberra starfsmanna samanborið við það sem gerist á almenna markaðnum? Niðurstaða launakönnunar SFR-stéttarfélag og VR, sem birt var í október 2007, var sú að launamunur milli ríkisstarfsmanna og starfsmanna á hinum almenna markaði var að meðaltali 20%, ríkisstarfsmönnum í óhag. Auk þess sem konur voru með 15% lægri laun en karlar. Telur Viðskiptaráð að laun opinberra starfsmanna hefðu átt að vera 20% hærri og lífeyrisréttindin þau sömu og á almenna markaðnum? Ekki verður séð að skattar á almenning á Íslandi væru lægri með þeim hætti.

Þær koma ekki á óvart óbilgjarnar aðdróttanir fulltrúa Viðskiptaráðs, ráðsins sem með stefnu sinni átti þátt í að leggja grunninn að því kerfishruni sem hér varð. Hitt er erfiðara og þyngra en tárur taki að þurfa að sætta sig við að aðilar innan verkalyðshreyfingarinnar skrifi og tali á sömu nótum. Forysta Alþýðusambands Íslands hefur haft þá skoðun til fjölda ára að opinberir starfsmenn eigi takmarkaðan tilverurétt og að kjaraleg réttindi þeirra leiði bara til hærri skatta. Forseti sambandsins hefur ítrekað rekið fleyg milli þeirra stéttarsamtaka sem ættu að vinna saman að hagsmunum hins almenna starfsmanns hvar sem hann vinnur.

Það er þekkt í félagsfræðinni að þegar fólki líður illa vegna eigin verka hefur það ríka tilhneigingu til að kenna öðrum um og sjá þá eina leið færa að draga aðra niður með sér. Slíkt er Alþýðusambandi Íslands ekki samboðið.

*Telur Viðskiptaráð að laun opinberra starfsmanna hefðu átt að vera 20% hærri og lífeyrisréttindin þau sömu og á almenna markaðnum? Ekki verður séð að skattar á almenning á Íslandi væru lægri með þeim hætti.*

Stjórnendur notfæra sér ótta starfsmanna við uppsagnir

# Litlu Hitlerarnir blómstra núna

„Eins og staðan er núna er ástandið þó alvarlegast á Landspítalanum,“ segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands. „Þar er eiginlega allt í uppnámi vegna framgöngu stjórnenda stofnunarinnar. Við gagnrýndum það mjög á síðasta fundi í samstarfsnefnd spítalans hversu mikil breyting hefur orðið til hins verra á vinnubrögðum stjórnenda gagnvart sjúkraliðum og samskiptum Landspítalans við stéttarfélagið.“

Viðbrögð stjórnenda heilbrigðisstofnana við þrengri fjárhag vegna bankahrunsins hafa lent af miklum þunga á kjörum sjúkraliða. Bláðið ræddi við Kristínu og Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóra Sjúkraliðafélagsins, um ástandið á vinnustöðum sjúkraliða og spurði hvort breytt vinnubrögð Landspítalans væru afleiðing þess að nýr forstjóri hefur tekið við stjórn spítalans.

„Sú spurningin hlýtur að vera áleitin,“ svarar Kristín. „Í tíð Magnúsar Péturssonar sem forstjóra Landspítalans varð mikil breyting til batnaðar á öllum samskiptum við stéttarfélagið, en því hefur nú verið kastað fyrir borð. Mér finnst það verulega gagnrýnisvert. Það þarf ekki annað en að lesa frásagnir Sjúkraliðans af heimsóknum á hinar ýmsu deildir Landspítalans síðustu misseri til að sjá hvernig ástandið var; þar kom fram mikil ánægja yfirmanna með sjúkraliða, og mikil ánægja sjúkraliða með yfirmenn sína og vinnustaðinn, en nú er verið að kasta þessu öllu á glæ.“

## Hreinsanir á Vökudeild

„Eitt gleggsta dæmið um þessi gjörbreyttu vinnubrögð er staðan á Vökudeildinni, þar sem stjórnendum þykir það allt í einu ekki nægilega faglegt að hafa sjúkraliða í störfum,“ segir Kristín. „Við höfum gengið hart eftir því að fá skýringar á meintum faglegum ástæðum breytinganna, og fengum lögfræðing BSRB í lið með okkur. Það svar sem barst eftir dúk og disk var efnislega ekkert svar. Lögfræðingurinn hefur nú ítrekað fyrirspurn sína og krafist þess að fá þau gögn sem



Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélagsins, og Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins, á fundi sjúkraliða á Landspítalanum.

stjórnendur hljóti að hafa undir höndum ef ákvörðunin var byggð á faglegum rökum.“

„Við höfum ekki enn fengið neinar upplýsingar sem gefa til kynna að faglegt mat á störfum sjúkraliða á Vökudeild hafi í raun og veru farið fram,“ segir Gunnar Örn. „Við vorum líka nýbúin að vera á fundi hjá forstjóra Landspítalans þar sem hann gortaði sig af því að þetta væri heimsins besti spítali með minnsta barnadaða. Það skýtur því skökku

við að stjórnendur hafi í ljósi slíks árangurs á barnasviðinu talið faglegra þörf á að ýta sjúkraliðum í burtu.“

„Stjórnendur Landspítalans halda því fram að þessi breyting á barnasviðinu hafi legið í loftinu löngu áður en gripið var til sparnaðar- aðgerða, þannig að mannaþrengingarnar séu ekki hluti af niðurskurðinum,“ segir Kristín. „Kenning þeirra er sú að þar sem mæður eigi að staldra skemur við á Barnaspítalanum en áður sé ekki lengur þörf fyrir sjúkraliða. Skjólstæðingarnir sem fara fyrir heim fá í staðinn umönnun í heimahúsum, og ef litlið væri heildrænt á verkefnið ættu sjúkraliðar auðvitað að annast þessa umönnun áfram í heimahjúkrun, en því er ekki að heilsa því þessi hluti heimahjúkrunar verður í höndum sérstaks teymis hjúkrunarfræðinga. Þarna er um að ræða sjúkraliða sem hafa jafnvel tuttugu ára reynslu af umönnun og hjúkrun. Að halda því fram að slík reynsla sé minna fagleg en hæfni nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga er auðvitað fáránlegt.“

„Já, það segir sig sjálft að það eru engin fagleg sjónarmið á bak við slíkar breytingar,“ bætir Gunnar Örn við.

## Hörð mótmæli

Fjölmennur fundur sjúkraliða á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, sem haldinn var 25. mars síðastliðinn, samþykkti að „koma á framfæri við heilbrigðisyfirvöld og stjórnendur sjúkrahússins hörðum mótmælum við því að lög og reglugerð um sjúkraliða séu ekki virt.“

Fundurinn „skorar á heilbrigðisráðherra að ganga fram fyrir skjöldu og krefja heilbrigðisstofnunina um að lögbundið starfssvið og starfsréttindi sjúkraliða verði virt.“



Fjöldmennir var á fundi sjúkraliða á LSH með forystu Sjúkraliðafélagsins og stjórnendum Landspítalans um ástandið á LSH.

## Hreinsunareldar á Landspítala

„Er þá bara verið að hreinsa út sjúkraliða til að rýma fyrir hjúkrunarfræðingum?“

„Já,“ svarar Kristín. „Við höfum minnt á að sjúkraliðar séu ekkert óvanir slíkum hreinsunareldum sem geisað hafa af og til á Landspítalanum. Það er til dæmis enn ofarlega í minni okkar þegar sjúkraliðum var hent út af gjörgæslunni fyrir nokkrum árum með þeirri skýringu að það væri ekki nógu faglegt að hafa sjúkraliða þar inni. Það liðu að vísu ekki margir mánuðir þar til stjórnendur Landspítalans óskuðu eftir að fá sjúkraliða þar inn aftur, en þá hafði stofnunin hrakið frá sér þann mannaúð sem fólst í reyndum sjúkraliðum á gjörgæslu. Svipað gerðist á skurðstofum Landspítalans fyrir nokkrum árum, þannig að við vitum alveg af fenginni reynslu hvað er hér á ferðinni.“

„Það kom fram nýlega á fundi með sjúkraliðum að líta mætti á framkomu stjórnenda Landspítalans við sjúkraliða sem mælistiku á atvinnuástandið í þjóðfélaginu,“ segir Gunnar

Örn. „Hjúkrunarfræðingar leiti annað þegar frjálsi markaðurinn bjóði betur, en um leið og kreppi að í samfélaginu sé sjúkraliðum ýtt út af Landspítalanum til þess að hjúkrunarfræðingar komist í öruggari höfn. Þannig væru sjúkraliðar notaðir sem eins konar ventill á góðæri og kreppu; sóst væri eftir þeim á spítalanum þegar mikil þensla væri á vinnumarkaði, en þeim síðan ýtt út þegar kreppti að og hjúkrunarfræðingar þyrftu að fá störf.“

„Nú er verið að sameina bráðamóttökuna við Hringbraut og í Fossvogi og við þær breytingar hefur átt sér stað uppstokkun á mannafla þar sem flestum sjúkraliðunum hefur verið ýtt út,“ segir Kristín. „Þeir sem halda að þetta séu fagleg vinnubrögð ættu að kynna sér ummæli yfirmanna þessara deilda í Sjúkraliðanum fyrir skömmu, en þá máttu þeir ekki vatni halda yfir mikilvægi sjúkraliða sem nú þykja ekki lengur nógu faglegir. Það styrkir enn frekar þá skoðun okkar að með mannbreytingunum sé verið að búa til pláss fyrir aðra.“

„Enda er auðvitað ljóst hverjir sjá í reynd

um mannaáðningar á Landspítalanum,“ bætir Gunnar Örn við. „Það eru í langflestum tilvikum hjúkrunarfræðingar, og það virðist vera meðvitað stefna þeirra að koma kollegum sínum að.“

## Vaktakerfið misnotað

„Þær breytingar sem orðið hafa á heilbrigðisstofnunum úti á landi felast ekki í því að verið sé að koma sjúkraliðunum í burtu, heldur er meira verið að spara og þá með því að tæta í sundur vaktirnar þeirra,“ segir Kristín. „Sjúkraliðarnir þurfa þannig að vinna svokallaðar stubbavaktir sem dreift er á álagstoppa stofnananna. Þá hefur öll yfirvinna verið felld niður, og reynt er í lengstu lög að kalla ekki inn fólk vegna veikinda starfsmanna.“

„Við teljum atvinnurekendur vera að misnota ákvæði í kjarasamningi okkar um að vaktir megi vera 4-10 tímar,“ segir Gunnar Örn. „Þetta ákvæði var sett inn í samninginn á sínum tíma til að auka sveigjanleika í vinnutíma fyrir vaktavinnufólkið og var sem slíkt

## Ályktun sjúkraliða á Landspítalanum „Stéttarlegt ofbeldi“

„Fjöldmennur fundur sjúkraliða á Landspítala haldinn mánudaginn 22. mars 2010 vill koma á framfæri við heilbrigðisyfirvöld og stjórnendur sjúkrahússins hörðum mótmælum við óþolandi vinnuálagi og undirmönnun á öllum deildum. Álagið hefur valdið og veldur starfsmönnum óbæt-anlegu heilsuleysi, kvíða og vaxandi óöryggi í starfi.“

Jafnframt mótmælir fundurinn ómarkvissum og tilviljunarkenndum ákvörðunum stjórnenda sjúkrahússins til sparnaðar. Uppsögn sjúkraliða með áratuga reynslu að baki við störf á vökudeild spítalans, án faglegra raka, er óréttlæt看legt stétt-

arlegt ofbeldi sem sjúkraliðar sætta sig ekki við. Fundur sjúkraliða á Landspítalanum skorar á heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir raunhæfum aðgerðum til lausnar á bráðavanda Landspítalans. Ráðherra komi í veg fyrir stéttarlega mismunun og sjái til þess að starfsfólk sjúkrahússins njóti reynslu sinnar.“

Fundur eftirlaunadeildar sjúkraliða, sem haldinn var 24. mars síðastliðinn, samþykkti „einróma stuðningsyfirlýsingu við SLFÍ um kröfu félagsins þess efnis að minnka vinnuálag á sjúkraliða, sem sífellt eykst á deildum.“

## „Flottustu sjúkraliðarnir“

“Þekking sjúkraliða á barnasviði er mjög mikil, enda er starfsaldurinn hár ... Ég hef verið 21 ár í starfi og mér hefur alltaf fundist gott að vinna með sjúkraliðum og er stolt af því að hafa hérna flottustu sjúkraliðana ... Þekkingin er mjög dýrmæt og nauðsynleg fyrir spítalann ... Mér finnst mikilvægt að reyna að halda í þann mannafla sem við höfum.”

Þetta sagði þáverandi sviðsstjóri barnasviðs Landspítalans, Anna Ólafía Sigurðardóttir, um sjúkraliðana sem störfuðu meðal annars á Vökudeild þegar Sjúkraliðinn heimsótti barnasviðið fyrir rúmu ári, vorið 2009.

Það er annað hljóð í núverandi stjórnendum Landspítalans sem telja ekki nógu faglegt að hafa „flottustu sjúkraliðana“ á Vökudeild barnasviðsins. Fjölmennur fundur sjúkraliða á Landspítalanum kallaði þessa aðgerð yfirmanna „stéttarlegt ofbeldi.“

## „Mjög vel sett með góðan sjúkraliða“

Það var líka mikil ánægja með sjúkraliðana á bráðadeildunum við Hringbraut og í Fossvogi síðastliðið haust þegar Sjúkraliðinn heimsótti þær stofnanir.

Anne Mette Pedersen, deildarstjóri við Hringbraut, sagði til dæmis í blaðinu: „Það á að vera þannig að einn hjúkrunarfræðingur og einn sjúkraliði taki á móti hverjum sjúklingi, en það kemur að sjálfsögðu fyrir að allir hjúkrunarfræðingarnir eru uppteknir og þá annast sjúkraliðinn fyrstu móttöku. Verkefni fara auðvitað eftir þekkingu og reynslu einstaklingsins eins og hjá öllum öðrum stéttum, en það er staðreynd að þú ert mjög vel sett með góðan sjúkraliða.“

En skjótt skipast veður í lofti: „Nú er verið að sameina brádamóttökuna við Hringbraut og í Fossvogi og við þær breytingar hefur átt sér stað uppstokkun á mannafla þar sem flestum sjúkraliðunum hefur verið ýtt út,“ segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, í meðfylgjandi viðtali.



Ástandið á Landspítalanum er mjög alvarlegt að mati sjúkraliða.

hluti þeirra stefnu að gera vaktavinnu fjölskylduvænni. Nú hefur þessu ákvæði verið snúið upp í andhverfu sína þannig að starfsfólk þarf að mæta á stubbavaktir þegar stjórnendurnir krefjast þess og það án tillits til fjölskylduáðstæðna starfsmanna. Þetta fjölskylduvæna ákvæði, sem átti að vera til þess að auka val vaktavinnufólks, er þannig orðið að misbeitingartæki stjórnenda stofnananna. Þetta ástand undirstrikar enn frekar þann mikla mun sem er á stöðu dagvinnumanna og vaktavinnufólks. Það myndi engum stjórnanda detta í hug að skikka dagvinnumann til þess að fara að vinna á kvöldin eða um helgar af því að það henti stofnuninni, en það virðist vera algjörlega hægt að henda vaktavinnufólki út og suður – og það jafnvel þótt fólk hafi ráðið sig inn á tilteknar vaktir. Nýlegt dæmi er af sjúkraliða sem réði sig í 10% starf á mánudags- og þriðjudagskvöldum, en var síðan skikkaður til að vinna á allt öðrum tíma sem hentar fjölskyldunni alls ekki.“

„Og þetta eru allt saman einhliða ákvarðanir stjórnenda stofnananna?“

„Já, það er því miður ekkert í samningnum sem bannar þetta og þess vegna komast stjórnendur upp með að misnota samninginn á

þennan hátt,“ segir Kristín. „Ef það er hins vegar tekið skýrt fram í ráðningarsamningi að sjúkraliði skuli vinna tilteknar vaktir þá stendur sjúkraliðinn oftar en ekki frammi fyrir erfiðu vali; að fallast á breytingarnar sem stjórnandinn krefst eða láta reka sig með þriggja mánaða fyrirvara. Það er auðvitað ekkert val í núverandi atvinnuástandi.“

„Það eru ótti í mörgum með störfunum og sumir stjórnendur nýta sér þennan ótta til að knýja fram vilja sinn,“ bætir Gunnar Örn við.

„Já, litlu Hitlerarnir blómstra núna sem aldrei fyrr,“ segir Kristín.

## Brot á samningum

Kristín segir að sumar heilbrigðisstofnanir misnoti ákvæði kjarasamninga með því að telja sjúkraliða skulda stofnuninni vinnutíma eða þá að stofnunin skuldi þeim. Lögmaður félagsins, Gísli Guðni Hall, tekur í lögfræðialiti af allan vafa um að slíkir útreikningar á vinnutíma sjúkraliða sé brot á samningum:

„Fyrirkomulagið er þá á þá leið að starfsmaður á ýmist inni á tímabanka eða að hann er í skuld, allt eftir því hve mikið hann hefur unnið á þeirri stundu samanborið við starfshlutfallið sem hann er í. Það munu vera til dæmi um að



Sjúkraliðar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands ræða málin. Sjá ályktun þeirra á bls. 4.

starfsmenn séu í hárrí skuld í svona tíma-banka, af þeirri einföldu ástæðu að vinnuveit-andinn hafi ekki lagt fyrir starfsmennina að vinna upp í starfshlutfall þeirra.

Fyrirkomulag, eins og ég hef lýst hér að ofan, er ekki í samræmi við kjarasamning SLFÍ. Ég lít svo á að starfsmaður, sem ráðinn hefur verið í tiltekið starfshlutfall, eigi rétt á að fá greitt samsvarandi, að því tilskyldu að hann hafi sinnt vinnuskilyldu sinni. Sem dæmi, þá tel ég að vakavinnustarfsmaður í 70% starfshlutfalli eigi ekki að gjalda þess í formi launalækkunar að vinnuveitandinn úthluti honum vaktir sem svara til 50% starfshlutfalls. Í þessu tilviki myndast að mínu áliti engin vinnuskuld starfsmannsins við vinnuveitandann. Úthluti vinnuveitandinn sama starfsmanni vaktir sem svara til 90% starfshlutfalls í næsta mánuði á eftir, þá ber starfsmanninum að mínu áliti yfirvinnulaun fyrir alla vinnu umfram 70% starfshlutfallið," segir í lögfræðialitinu.

„Þessar reikningskúnstir eru notaðar til að þurfa ekki að borga yfirvinnu heldur skikka fólk til að taka sér frí í staðinn og þá yfirleitt á tímum sem henta stofnuninni frekar en starfsmanninum," segir Kristín. „Með þessu er verið að misnota fólk og þess vegna hvet ég alla sem lenda í slíkum málum að hafa samband við Sjúkraliðafélagið.“

## Ljós í myrkrinu

Kristín bendir á að sumstaðar í heilbrigðis-kerfinu sé haldið allt öðruvísi á málum og sú staðreynd sýni að engin þörf sé fyrir stjórnendur stofnana að haga sér með þessum hætti gagnvart sjúkraliðum. „Ég var nýverið í heim-sókn á Sólvangi í Hafnarfirði og það voru mjög góð viðbrigði að spjalla við sjúkraliðana um ástandið á þeirri stofnun, því þeim líður vel í starfinu," segir Kristín. „Það er ágætlega mann-að á Sólvangi og sjúkraliðum þar hefur fjölgað. Eftir slíka heimsókn spyr maður sig hvort það sé ekki fyrst og fremst viðhorf stjórnandans sem ræður því hvernig andrúmsloftið er á stofnununum.“

Mörg mál einstakra sjúkraliða hafa komið á borð Sjúkraliðafélagsins og lögfræðinga þess síðustu mánuði, en yfirleitt hefur tekist að leysa þau flest með viðræðum án þess að ágreininga-málin fari fyrir dómstóla.

Atvinnuleysi sjúkraliða er svipað og verið hefur undanfarin misseri. Á vormánuðum voru 30 sjúkraliðar skráðir atvinnulausir á öllu land-inu, þar af átta á höfuðborgarsvæðinu. „Við höfum verið í sambandi við formenn deilda félagsins vegna þessa og þeir hafa rætt við atvinnulausa sjúkraliða á sínu svæði," segir Kristín. „Það er mikilvægt fyrir okkur að fá að vita ef þeir sem eru á skrá hafa sótt um störf sjúkraliða en ekki fengið, því sjúkraliðar eiga lagalegan forgangsrétt á sjúkraliðastörfum.“



Tólf sjúkraliðar brautskráðust úr framhaldsnámi sjúkraliða í öldrunarhjúkrun í desember síðastliðnum.

## 23 sjúkraliðar í sérnámi

„Á vorönn 2010 eru 23 sjúkraliðar í framhaldsnámi sjúkraliða í öldrunarhjúkrun við Fjölbautaskólann við Ármúla og verða þeir brautskráðir frá skólanum í desember næstkomandi. Þessir sjúkraliðar stunda allir námið í fjarnámi með staðbundnum lotum," segir Guðrún Hildur Ragnarsdóttir, kennslustjóri.

„Engir sjúkraliðar voru teknir inn í framhaldsnám sjúkraliða í öldrunarhjúkrun í dagskóla á vorönn 2010 vegna þess að fyrirhugað var að byrja framhaldsnám í geðhjúkrun fyrir sjúkraliða í samstarfi við LSH á þessari önn. En því miður féllst menntamálaráðuneytið ekki á að námið færi af stað á vorönn 2010," segir Guðrún Hildur.

Aðsókn að almennu sjúkraliðanámi við skólann er góð. „Á haustönn 2009 voru 72 nýir nemendur teknir inn á sjúkraliðabraut og 30 nýir á vorönn 2010, en aðsókn um áramót er alltaf minni en á vorin. Það er mikið spurt um sjúkraliðanámið og framhaldsnám sjúkraliða, en við stefnum að því að framhaldsnám fari aftur í gang í haust eða síðasta lagi næsta vor og verði þá á 4. stigi framhaldskólans, svokölluðu fagháskólastigi.“

Fimmtán sjúkraliðar brautskráðust frá skólanum 21. maí síðastliðinn, en í desember 2009 brautskráðust fimm sjúkraliðar og tólf sjúkraliðar úr framhaldsnámi sjúkraliða í öldrunarhjúkrun.

### Trúnaðarmannanám BSRB og FA

## Sjúkraliðar útskrifast

Fyrstu nemendurnir í trúnaðarmannnámi BSRB og Félagsmálaskóla alþýðu útskrifuðust á vordögum, samtals 26 trúnaðarmenn, þar af tólf sjúkraliðar. Þetta var fimmta önnin sem þessir nemendur sóttu sér fræðslu sem trúnaðarmenn, en námið gildir sem 10 einingar í framhaldskólanámi.

Trúnaðarmannafræðsla BSRB og Félagsmálaskóla alþýðu hófst vorið 2008, segir Sigurður Á. Friðþjófsson hjá BSRB. „Námið er í fimm þriggja daga námskeiðum og einu tveggja daga námskeiði og er í sex þrepum. Í fyrsta hlutanum er lögð höfuðáhersla á vinnumarkaðinn og verkalýðs-hreyfinguna, störf og stöðu trúnaðarmannsins og samskipti á vinnustað. Í öðru þrepi er starfsemi stéttarfélaga tekin fyrir, vinnuréttur, launaseðlar, launaútreikningar og Starfsendurhæfingarsjóður. Í þriðja þrepi er áhersla lögð á hagfræði, samskipti á vinnustað og tjáningu. Í fjórða þrepi er fjallað um stjórnunarstíla og leiðtoga, einelti, skipulögð vinnubrögð og samningataekni. Í fimmta þrepi er á dagskrá samtalstækni og íhlutun, vinnuvernd, hnattvæðing og fyrirtækjasamningar. Í sjötta þrepi er svo kynning á náms- og starfsráðgjöf og færnimappa talsmannsins.“



Brautskráning nemenda úr trúnaðarmannnámi BSRB og Félagsmálaskóla alþýðu á vorönn 2010.

Framhaldsnámi sjúkraliða í geðhjúkrun seinkaði

# Námskráin enn til meðferðar

Menntamálaráðuneytið hefur óskað eftir frekari útfærslu á tilteknum atriðum á tillögu starfsgreinaráðs um námskrá fyrir framhaldsnám sjúkraliða í geðhjúkrun, en tillagan var send til umsagnar hagsmunaaðila í desember síðastliðnum. Á síðasta ári var ákveðið stefnt að því að hefja þetta framhaldsnám við Fjölbautaskólann við Ármúla í janúar 2010, en því varð að fresta þar sem umfjöllun um námskrána hefur tekið lengri tíma en reiknað var með.

Fyrirliggjandi námskrá var unnin af fulltrúum frá Landspítala, FÁ og Sjúkraliðafélagi Íslands. Í hópnum voru Þórléif Drífa Jónsdóttir verkefnastjóri á mannauðssviði Landspítala, Gísli Ragnarsson, skólameistari Ármúlastólá, Birna Ólafsdóttir skrifstofustjóri Sjúkraliðafélagsins, Svava Kr. Þorkelsdóttir deildarstjóri á mannauðssviði Landspítala, Guðrún Hildur Ragnarsdóttir kennslustjóri sjúkraliðabrautar Ármúlastólá, Rannveig Þóll Þórisdóttir, hjúkrunarfræðingur, og Eydis K. Sveinbjarnar-dóttir, fyrrverandi sviðstjóri á geðsviði Landspítalans.

Drög að námskránni voru fyrst send til frekari meðferðar síðast liðið haust og þá reiknað með að námið gæti hafist í byrjun þessa árs. Drátturinn hefur því komið ýmsum á óvart, enda hafa allmargir sjúkraliðar sem ætla í þetta framhaldsnám þegar aflað sér nauðsynlegrar undirbúningsmenntunar til að standast inntökuskilyrði.

## Á „fagháskólastigi“

Markmið námsins byggjast á frumtillögum starfshóps á geðsviði Landspítala sem hóf störf vorið 2008, og hugmyndum Starfsgreinaráðs heilbrigðis- og félagsgreina, Sjúkraliðafélags Íslands og Fjölbautaskólans við Ármúla um þróun framhaldsnáms sjúkraliða. Námskráin byggir á gildandi lögum um framhaldsskóla, en þau voru afgreidd frá Alþingi árið 2008.

Í 20. grein laga um framhaldsskóla er fjallað sérstaklega um viðbótarnám af þessu tagi, en þar segir:

„Heimilt er framhaldsskólum að hafa í boði nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á framhaldsskólastigi, sbr. 17., 18. og 19. gr. Skal ráðherra staðfesta námsbrautarlýsingar fyrir slíkt nám, sbr. nánar ákvæði V. kafla, sem og heiti viðkomandi próf-



Geðdeild Landspítalans við Hringbraut.

gráða. Nám sem stundað er samkvæmt grein þessari skal metið í einingum, sbr. 15. gr., og þegar við á í námseiningum háskóla, sbr. 6. gr. laga nr. 63/2006. Nám sem í boði er samkvæmt grein þessari getur veitt sérstök eða aukin réttindi.“

Í greinargerð með frumvarpinu var þessi nýja heimild skýrð með þessum orðum:

„Hér er um nýmæli að ræða. Mikil umræða hefur átt sér stað á undanförunum misserum um að þörf sé fyrir nám sem skilgreint sé í framhaldi af námi á framhaldsskólastigi en falli þó ekki að öllu að skipulagi náms á háskólastigi. Sérhæft nám í framhaldi af starfsnámi er oft nefnt í þessu sambandi. Til að bregðast við því er gert ráð fyrir að framhaldsskólar geti haft í boði nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á framhaldsskólastigi samkvæmt námsbrautarlýsingum sem menntamálaráðherra samþykkir. Hér er lagt til að slíkt nám verði skilgreint í stöðluðum námseiningum og geti veitt sérstök réttindi. Hugsanlegt er að slíkt nám fái staðfesting af háskólum sem hluti af námi á háskólastigi. Mögulegt er að framhaldsskólar

„Framhaldsnám fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun hefur þann tilgang að auka færni og þekkingu sjúkraliða til þess að sinna hjúkrun skjólstaðinga með geðraskanir og vinna að fyrirbyggingu þar að lútandi.“

Skólameistari Ármúlastólá í viðtali við Sjúkraliðann í október 2009.

og háskólar hafi samstarf um framboð á námi af þessari gerð.“

## Námið verður 65 einingar

Námskráin um framhaldsnám sjúkraliða í geðhjúkrun er samin á þessum lagagrundvelli og miðast þannig við að framhaldsnám sjúkraliða sé á svokölluðu fjórða stigi framhaldsskólans, það er fagháskólastigi, en með því er vísað til eftirtalinnna fjögurra viðmiða sem nám við framhaldsskóla er skipt í:

Nám á 1. þrepi er skilgreint sem stutt nám almenns eðlis. Nám á 2. þrepi er styttra starfsnám þar sem krafist er ákveðinnar sérhæfingar. Nám á 3. þrepi er stúdentspróf og lengra starfsnám á borð við nám til sveinsprófs og nám til löggiltra starfa á heilbrigðisviði, meðal annars sjúkraliðanám, þar sem krafist er talsverðar ábyrgðar og sjálfstæðis í vinnubrögðum. Viðbótarnám við framhaldsskóla er staðsett á 4. þrepi viðmiðarammans, en gert er ráð fyrir að þeir sem lokið hafa námi á því þrepi séu færir um að vinna sjálfstætt og axla meiri ábyrgð, stjórna verkum, leiðbeina öðrum og svo framvegis. Iðnmeistaránám flokkast til dæmis á þessu þrepi framhaldsnáms.

Í fyrirliggjandi námskrá um framhaldsnám sjúkraliða eru annars vegar almennir áfangar sem gilda fyrir allt viðbótarnám af þessu tagi, en hins vegar sérhæfðir áfangar í geðhjúkrun. Reiknað er með að námið sé tekið með vinnu og taki tvö ár.

Almennu áfangarnir í námskránni eru fimm, samtals 16 einingar: Fagmennska í starfi, heilbrigðisvísindi, kennslufræði heilbrigðisstétta, stjórnun í heilbrigðisþjónustu og upplýsingatækni innan heilbrigðisþjónustunnar.

Sérhæfðir áfanga í geðhjúkrun á heilbrigðisviði eru sjö talsins, samtals 49 einingar: Geðsjúkdómafræði, geðhjúkrun I, geðhjúkrun II, geðhjúkrun III, geðhjúkrun IV, klínísk sálarafræði og lyfjafræði geðsjúkdóma.

Framhaldsnámið getur ekki hafist fyrr en menntamálaráðherra hefur staðfest námskrána og því er ljóst að námið hefst ekki fyrr en á næsta ári.



Ávarp Kristínar Á. Guðmundsdóttur 1. maí

# Nýja hugsun, nýtt þjóðfélag

„Langstærsti hluti af störfum hjá hinu opinbera eru kvennastörf. Það er meðal annars hin neikvæða umræða um þessi störf þar sem grunnurinn er lagður að því ótrúlega ójafnrétti sem konur eru beittar þegar kemur að launum og öðrum kjörum og vinnuáðstöðu. Ójafnrétti kynjanna er mein í íslensku samfélagi sem við viljum ekki hafa með okkur inn í framtíðina. Því verður að linna að litid sé á að þau störf er konur inna af hendi séu óaðri hefðbundnum karlastörfum. Við viljum ekki taka þetta mein með okkur inn í framtíðina. Við viljum nýja hugsun, við viljum nýtt þjóðfélag,“ sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, í ávarpi á hátíðisdegi verkalýðsins.

Stéttarfélagin héldu upp á fyrsta maí með kröfugöngum og fundum víða um landið. Í Hafnarfirði flutti Kristín ávarp í tilefni dagsins og sagði þá meðal annars:

## Ábyrgð einstaklingsins

„Þeir sem stýrt hafa íslensku þjóðfélagi og dansað í kringum gullkálfinn undanfarna áratugi hafa misst völdin. Það er samspil á milli þeirra sem hafa stjórnað landinu og þeirra sem hafa malað gull sér til handa óáreittir í atvinnulífinu. Fyrir utan stendur almenningur. Almenningur sem hefur spáð í spilin og veðjað í kjörklefanum á þá sem þeir töldu líklegasta til að færa þeim velmegun. Almenningi var talin trú um að störfín í stjórnsýslunni og einnig í bönkunum væru best komin í höndum ungliða nýútskrifaðra potintota úr háskólum landsins, þeim væri ekkert ófyrstíganlegt í fjármálaheiminum! Almenningur vissi ekki að á bak við tjöldin spiluðu ákveðnir aðilar og flokksgæðingar sem voru að varna því að upp kæmu efasemdaraddir þeirra er reynsluna hefðu. Það var meðal annars ástæðan fyrir ungliðadýrkuninni

Við það að fyrri valdhafar á alþingi hafa tapað völdum hafa viðskiptajöfrar í verslun og viðskiptum tapað stuðningmönnum sínum úr ráðáðherrastóli, þeim sem voru því samþykkið að þeir möluðu sér gull óáreittir.

Við skulum ekki gleyma því að það voru þessir valdhafar undanfarinna áratuga sem keyrðu þjóðina í gjaldþrot með frjálshyggju og



Kristín Á. Guðmundsdóttir flytur ávarp sitt í Hafnarfirði.

afskiptaleysi af þeim sem fóru með verslun og viðskipti. Það gerðu þeir með trausti yfirgnæfandi fjölda almennings, gleymum því ekki. Ábyrgð einstaklinga á kjördegi er því mikil.“

## Hættuleg pólitísk trú

„Nýir valdhafar á alþingi íslendinga hafa fengið það erfiða hlutverk að reisa þjóðina úr öskustónni. Allur almenningur hefur sagst vilja vinna með að uppbyggingunni. Hinsvegar eru þeir eðlilega mjög tortryggir í garð þeirra sem stjórna. Það er eðlilegt í ljósi þess sem á undan er gengið. Margir setja samasemmerki á þá sem valdið hafa og gera ekki greinamun á stefnum flokka. Meira að segja mjög margir líta á flokkapólitík sem trúmál. Þeir trúa í blindni.

Pólitísk trú getur verið mjög hættuleg og

„Við skulum ekki gleyma því að það voru þessir valdhafar undanfarinna áratuga sem keyrðu þjóðina í gjaldþrot með frjálshyggju og afskiptaleysi af þeim sem fóru með verslun og viðskipti.“

pólitíkin spilar á trúna. Sem dæmi hafa þeir flokkar sem hrakist hafa af valdastóli reynt að sýna fram á að með því að nýjir menn setjist í forystustóla flokkanna sé komin önnur stefna. Þvílík fjarstæða!! Það eru ekki þessir einstaklingar sem ráða stefnu flokkanna, það eru flokksgæðingarnir! Þeir eru hvergi horfnir. Sjáið viðskiptajöfrana, sjáið útgerðarmennina með Samtök atvinnulífsins, SA, sem samnefnara. En þeir hafa sagt skilið við stöðugleikasmálmálann og bera fyrir sig að þeir fái ekki lengur að ráðskast yfir auðlindunum og benda á í því sambandi skötuselinn! Það eru þessar valdablokkir sem ráðið hafa stefnuskrám í ríkisstjórnun undanfarinna áratuga. Í þeirra valdatíð hefur verið komið fyrir trúbræðrum í æðstu embættum innan ríkisgeirans. Það eru sömu valdablokkir sem stýrðu því hvað sagt var inni á alþingi íslendinga. Segið svo að trúin flytji ekki fjöll!

Í skoðanakönnunum eykur sá flokkur, sem lengst hefur stýrt, fylgi sitt að nýju. Sem sýnir að almenningur er aftur farinn að veðja á viðskiptajöfrana, útgerðina og æðstu embættismenn. Þegar ákvarðanir nýs valds á alþingi fá ekki hljómgrunn meðal þessara manna, þá eru þeir í aðstöðu til þess að draga lappirnar til þess meðal annars að gera nýja valdhafa óvinsæla. Þá skiptir ekki máli hvort um tafir í uppbyggingu er að ræða eða ekki. Það er nauðsynlegt að hvetja almenning til þess að opna augun ef við eigum ekki að hefja aftur þá ferð til glötunar sem við nýlega stóðum frammi fyrir og ekki sér enn fyrir endann á.“

## Gagnrýnum til jákvæðra verka

„Auðvitað líður almenningi illa. Auðvitað viljum við að heimilum verði bjargað frá gjaldþroti. Auðvitað viljum við að sköpuð verði aukin atvinnutekifæri til sjávar og sveita. Auðvitað viljum við að kaupmáttur aukist að nýju. Og auðvitað þykir okkur allt seint ganga. Allt þetta gagnrýnum við.

Við eigum að gagnrýna! En við eigum að gagnrýna til jákvæðra verka! Við getum ekki ætlast til þess að gjaldþrota þjóð rísi upp hraðar og nái sér fyrir en önnur gjaldþrot. Við

eigum að gagnrýna og meðal annars það að ríkissjóður geti haldið áfram að gefa auðlindir okkar til útgerðarinnar! Við getum ekki heldur samþykkt að orkan sé seld fyrir slíkk! Við hljótum líka að þurfa að vera gagnrýnin á hvaða stóriðja sé sett upp hér á landi.

Gagnrýni verður að vera réttmæt og sett fram af heilindum. Sem dæmi má nefna þá umræðu sem geisað hefur um mismunandi lífeyrisréttindi launþega. Aldrei fylgir með í umræðunni hve rýr launakjör opinberra starfsmanna eru og að hlutur launa þeirra séu greidd með þeim réttindum sem samið hefur verið um á vettvangi kjarasamninga. Í staðinn er stöðugt alið á öfund og ófriði í þessum málum.

Sama á við þegar kemur að umræðunni um hvar störfín liggja þá er ágreiningur milli verkalýðssambanda á almenna vinnumarkaðnum og þess opinbera. Það er ekki lítið sem brigslað hefur verið um að störfum hjá hinu opinbera hafi fjölgað allt of mikið á kostnað starfa á almenna markaðnum! Það er þvert á það sem fram kemur í nýútkominni rannsóknarskýrslu Alþingis. Þar kemur fram að alltof lítið eftirlit hafi verið með fjármálamarkaðnum. Í því sambandi hefði þurft að fjölga opinberum störfum. Skattsvik eru af sama meiddi og er nú verið að frysta eignir, ef það er ekki bara of seint í rassinn gripið. Hingað til hefur ekki verið hægt að fylgjast náið með þeim málum vegna skorts á mannafla. Þetta eru allt störf hjá hinu opinbera!“

## Litla gula hænna

„Mikið hefur verið rætt og ritað um að það þurfi að verja grunnstöðir samfélagsins, meðal annars heilbrigðiskerfið, skólana og félagsþjónustuna. Það er sátt um það í samfélaginu. Hinsvegar þegar komið er að því að framkvæma þá hefst ágreiningurinn um leiðir. Þá koma menn meðal annars úr verkalýðshreyfingunni og krefjast þess að fækka verði störfum á opinbera markaðnum. Hinsvegar er enginn sem vill líða skort á þjónustu þegar kemur að honum sjálfum. Þar er sama hver á í hlut. Dæmisagan um litlu gulu hænuna er sígilt dæmi. Dýrin sögðu öll ekki ég, en litla gula hænna sagði ég skal baka brauðið. Við vitum öll hvernig sagan endaði. Dýrin vildu öll boða brauðið, enginn ætlaði sér að líða skort.

Í anda frjálslyggjunnar segir að störf grunnþjónustunnar þurfi alls ekki að vera á hendi opinberra aðila. Þetta hefur svo sem verið reynt, en hver er krafinn um fjármuni til þess að standa undir þeim störfum? Er það ekki ríkiskassinn? Er ekki gerð krafa um að ríkið greiði til sjálfseignastofnana innan heilbrigðiskerfisins? Eða með einkaskólunum? Ekki er hægt að gera kjarasamninga við þessa aðila vegna þess að það veltur á fjárlögum og samningum við ríkið hvort þeir geti greitt laun,“ sagði Kristín.



Nokkrir fulltrúar Sjúkraliðafélagsins á sáttafundi í Karphúsinu. Frá vinstri Ingibjörg Friðriksdóttir, Þórunn Ólafsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, Ragna Ágústsdóttir og Kristín Á. Guðmundsdóttir.

Orlofsuppbótin sú sama og í fyrra, 25.200 krónur

## Ekkert þokast í samningamálum

„Eftir viðræður okkar við fulltrúa ríkis og sveitarfélaga varð ljóst að sjúkraliðar fá í sumar orlofsuppbót í samræmi við það sem gildi fyrir ári síðan, eða 25.200 krónur,“ segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands. „Þetta gildir hjá öllum viðsejendum okkar, það er ríkinu, sjálfseignarstofnunum og sveitarfélögum. Þess má geta að orlofsuppbót samkvæmt þeim skammtíma kjarasamningi sem við og fleiri stéttarfélag opinberra starfsmanna höfnuðum í fyrra er einungis 600 krónur hærrí, sem sýnir auðvitað enn frekar hversu lítils virði sá samningur var fyrir okkar félagsmenn.“

Að öðru leyti hefur staðan í kjaramálum sjúkraliða lítið breyst það sem af er þessu ári, en kjarasamningar Sjúkraliðafélags Íslands hafa verið lausir frá 31. mars 2009.

## Árangurslausir fundir

„Sjúkraliðafélagið vísaði kjaradeilu félagsins við ríkisvaldið til sáttasemjara ríkisins,“ segir Kristín. „Magnús Pétursson ríkissáttasemjari hefur boðað okkur til nokkurra funda, enda ber honum að gera það með þriggja vikna millibili, en á þeim fundum hefur ekkert þokast fram á við. Við fórum yfir það með sáttasemjara hvers vegna við tókum ekki þátt í þeim samningi sem gerður var í fyrra í tengslum við stöðuleikasáttmálann. Það var vegna þess að sá samningur gaf stærstum hluta félagsmanna okkar ekkert í aðra hönd, enda kom í ljós að lögreglumenn, tollverðir og fleiri stéttir felldu þennan samning í atkvæðagreiðslu af þessari sömu ástæðu. Svörin sem við höfum fengið frá viðsejendum okkar eru á þá leið að þessi gagnslaui samningur standi okkur til boða áfram en ekkert meira.

Sáttasemjari notaði fyrstu sáttafundina til að safna upplýsingum frá báðum aðilum um álit þeirra á kjarastöðu sjúkraliða. Viðsejandi okkar lagði fram upplýsingar um fjölda sjúkraliða hjá ríkinu og hvar þeir stæðu í launatöflunni. Við lögðum hins vegar fram ný gögum um það mikla ósamræmi sem er á launum sjúkraliða og félagsliða. Gunnar Gunnarsson, hagfræðingur hjá Seðlabankanum, vann fyrir okkur nýjan samanburð á kjörum sjúkraliða, félagsliða og hjúkrunarfræðinga. Hann reiknaði fyrst út byrjunarlaun þessara stétta, en fylgdi þeim síðan eftir allt til fjórtán ára starfsaldurs og miðaði við að stéttirnar nýttu sér allar þær kjarabætur vegna viðbótarnáms og starfsaldurs sem samningarnir hafa upp á að bjóða. Niðurstaða útreikninga hans var sú að sjúkraliðar eru alls staðar verr settir kjaralega en félagsliðar.

Samanburðurinn sýndi ennfremur að á Landspítalanum hefur haldist sá munur á launum sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga sem gengið var út frá þegar nýja launakerfið var tekið upp. Hins vegar hafa sjálfseignarstofnanir augljóslega hækkað laun hjúkrunarfræðinga mun meira en laun sjúkraliða. Fulltrúar þeirra stofnana hafa alltaf sagt við okkur að þeir geti ekki samið um neitt meira en ríkisvaldið hafði áður gert, en sú regla virðist ekki hafa gildi um hjúkrunarfræðinga hjá þessum stofnunum.

Sáttasemjari mat stöðuna þannig í byrjun apríl að það væri til lítils að halda sáttafundi til þess eins að hittast og óskaði eftir því að fundum yrði frestað fram í maí. Að okkar mati var ástæða frestunarinnar einnig sú að deila lögreglumanna við ríkið var á þeim tíma að fara í gerðadóm. Okkur þótti ekkert verra að bíða eftir niðurstöðu dómsins og fellumst því á að bíða. Við höfum ekki rætt um nýja kjarasamninga við aðra viðsejendur, enda hafa þeir yfirleitt ekki verið tilbúnir til viðræðna fyrr en ríkisvaldið hefur gefið tóninn,“ segir Kristín.

## Ársskýrsla Sjúkraliðafélags Íslands

# Að vernda störf og réttindi

„Síðasta starfsár hefur einkennst af mikilli umræðu um fjármál þjóðarinnar og hinn mikla niðurskurð í öllum opinberum rekstri. Heilbrigðiskerfið hefur orðið fyrir gríðarlega grimnum niðurskurði sem ekki er séð fyrir endann á. Nú er svo komið að lítið má útaf bera svo að ekki hljótist stórslys af,“ sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, í skýrslu sinni til 19. fulltrúaþingsins, sem var haldið í húsakynnum BSRB í Reykjavík 11. maí síðastliðinn.

Á fulltrúaþinginu, sem var vel sótt, fóru fram venjuleg aðalfundarstörf og var Kristín endurkjörin formaður félagsins til næstu þriggja ára. Þá voru samþykktar ályktanir um kjaramál, menntamál og lífeyrismál og eru þær birtar hér í blaðinu.

## Vernda störf og réttindi

Í skýrslu stjórnarinnar fór Kristín yfir alla þætti í starfsemi félagsins á liðnu starfsári, og er helstu atriða getið hér:

Áherslu félagsins á að vernda störf og réttindi félagsmanna sinna hefur verið aðaláherslumálið á síðasta starfsári. Fjöldi mála hafa komið til afgreiðslu hjá Réttindanefnd BSRB, lögfræðingi BSRB, lögmonnum félagsins og síðast en ekki síst hefur formaður og framkvæmdastjóri SLFÍ leyst úr mörgum málum með fundum og viðtölum við yfirmenn stofnana.

Á 42. þingi BSRB sem haldið var dagana 21.-24. október síðastliðinn var formaður félagsins, Kristín Á. Guðmundsdóttir, kjörin í framkvæmdanefnd bandalagsins. Með setu formanns SLFÍ í nefndinni hefur félagið fengið meiri möguleika en áður á að hafa áhrif á þá vinnu sem unnin er undir merkjum bandalagsins.

Kjarasamningar hafa verið lausir frá 31. mars 2009. Eitt stærsta mál sem verkalýðsfélögin hafa staðið frammi fyrir er staða lífeyrissjóðanna. Það er mál sem snertir alla og því hefur verið skipaður lífeyris-



Kristín Á. Guðmundsdóttir var endurkjörin formaður SLFÍ til næstu þriggja ára.

hópur BSRB sem er gert að fara yfir stöðu mála og koma með tillögur um hvernig því ástandi verði mætt.

Oft hefur mikið reynt á mannskapinn á skrifstofunni, en aldrei sem nú það starfsár sem er að líða. Skrifstofan hefur starfað undir miklu álagi sem er í raun endurspeglun á því ástandi sem er í þjóðfélaginu. Allur sá órói sem er á vinnustöðum sjúkraliða hefur margfaldað þau mál sem koma inn á borð félagsins. Þau þarf að skilgreina, skrá og afgreiða á einn eða annan hátt. Veikindi hafa hamlað störfum á skrifstofunni að hluta og má segja að þegar fjöldi starfsmanna er jafn knappur

og raun ber vitni þá er það mikil blóðtaka þegar einn vantar til starfa í langan tíma. Einn starfsmanna okkar hefur verið í langvarandi veikindum, en þrátt fyrir það hefur hún sinnt hluta af vinnu sinni heima, þar til nú fyrir skemmstu að hún er komin í fullt veikindaleyfi.

## Kjaramálin

Kjarasamningar félagsins hafa verið lausir frá 31. mars 2009. Kjaramálanefndin hefur haldið tvo fundi auk þess að hafa setið tvo fundi með fulltrúum fjármálaráðuneytisins. Ríkissáttasemjari tók yfir verkstjórn í málinu að ósk Sjúkraliða-

## Framkvæmdastjórn SLFÍ

**Að loknu 19. fulltrúaþingi Sjúkraliðafélags Íslands er framkvæmdastjórn félagsins þannig skipuð:**

Kristín Á Guðmundsdóttir formaður SLFÍ 2010–2013.

Kristín Ólafsdóttir, varaformaður, Skógarbær, 2010–2012.

Jóhanna Traustadóttir, ritari, LSH-Hringbraut, 2010–2012.

Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri, Heimahjúkrun Ísafirði, 2010–2012.

Varastjórn: Gurí Liv Stefánsdóttir, vararitari, Egilsstöðum, 2010–2012, og

Sif Eiðsdóttur, varagjaldkeri, Hrafnista Vífilstaðir, 2010–2012.



Félagsstjórn Sjúkraliðafélagsins hélt nokkra fundi á starfsárinu. Á þessum fundi voru formaður og framkvæmdastjóri BSRB sérstakir gestir.

félagsins, en undir hans stjórn hafa verið haldnir fjórir fundir. BSRB og aðildarfélög þess, að undanskildu Sjúkraliðafélagi Íslands, undirrituðu samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila við ríkið í júlí 2009. Gildistími samningsins er til 30. nóvember 2010. Í samkomulaginu fólust leiðréttingar á lægstu launum eins og gert var ráð fyrir í stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar frá 25. júní. Persónu- og orlofsuppbót hækkaði lítillega og þá er í samningnum sérstakt ákvæði um Starfsendurhæfingarsjóð. Í bókunum er að finna nýtt ákvæði um aðkomu aðildarfélaga BSRB að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þá fylgir samningnum sameiginleg framkvæmdaáætlun, en þar er um að

ræða verkefni í tengslum við vaktavinnu- fyrirkomulag, slysatryggingar, bættu stöðu trúnaðarmanna og fleira sem vinna á að á samningstímanum.

Kjaramálanefnd Sjúkraliðafélagsins taldi ógerning að skrifa undir kjarasamning í nafni Stöðugleikasáttmála og fylgja þannig öðrum félögum innan BSRB í ljósi þess að mikið hafði dregið saman milli launa sjúkraliða og lægst launuðu starfshópanna innan BSRB með krónutöluhækkuninni sem samið var um árið 2008. Í sumum tilfellum höfðu starfshópar með minni menntun farið yfir sjúkraliða í launum og má þar sérstaklega nefnda félagsliðastéttina, en í stofnanasamningum hafði náðst mun hagstæðari röðun fyrir þá en aðra sambærilega starfshópa. Ljóst var að

launahækkunarinnar 1. júlí 2009 og 1. nóvember 2009 kæmu sjúkraliðum að mjög litlu leyti til góða, aftur á móti næði hækkunin 1. júní 2010 til fleiri innan stéttarinnar. Eftir að skrifað var undir stöðugleikasamninginn í nafni BSRB felldu lögreglumenn, tollverðir og sjúkraflutningamenn samninginn þegar hann var borinn undir félagsmenn.

Á fundunum hjá ríkissáttasemjara með fulltrúum fjármálaráðuneytisins hefur félagið lagt fram gögn unnin af virtum hagfræðingi sem sýna fram á að kjör sjúkraliða eru mun lakari en eðlilegt má teljast þegar skoðaður er samanburður á sjúkraliðum, hjúkrunarfræðingum og félagsliðum. Síðasti samningafundur var haldinn undir stjórn Ríkissáttasemjara 14. apríl síðastliðinn. Á starfsárinu hafa fjöldi funda verið haldnir í samstarfsnefndum með atvinnurekendum. Stærstu málin hafa verið ágreiningsmál um túlkun kjarasamninga og réttindi almennt. Einnig hefur þurft að bregðast við ákvarðanatökum atvinnurekenda sem til eru komnar vegna þess ástands sem er á vinnumarkaði í dag.

## Fjögur tölublöð

Árið 2009 voru gefin út fjögur tölublöð af Sjúkraliðanum, þar af eitt orlofsblað með upplýsingum um orlofsstaði og orlofskosti sem sjúkraliðar hafa aðgang að og geta nýtt sér allt árið. Um margt hefur verið fjallað í síðustu tölublöðum. Mikill fengur er af því að birtar eru ritgerðir nýútskrifaðra nemenda í Sjúkraliðanum. Betur má ef duga skal og er alltaf gott að fá ábendingar um meira fræðsluefni, hvort



Formaður Sjúkraliðafélagsins var kjörinn í framkvæmdanefnd BSRB á þingi bandalagsins síðastliðið haust. Á myndinni eru frá vinstri Kristín Á. Guðmundsdóttir, ritari, Árni Stefán Jónsson, fyrsti varaformaður, Elín Björg Jónsdóttir, formaður, Garðar Hilmarsson, annar varaformaður, og Þuríður Einarsdóttir, gjaldkeri.

## Ályktanir 19. fulltrúaþings SLFÍ um kjaramál

# Kjör sjúkraliða verði leiðrétt

„Sjúkraliðafélag Íslands hefur verið með lausa kjaramninga vel á annað ár, án þess að nokkuð hafi þokast í samningsátt. Samningaviðræður hafa síðastliðna mánuði verið undir stjórn ríkissáttasemjara. Kaupmáttur launa hefur minkað um og yfir 30% á síðastliðnu ári. Á þeim tíma hafa heildarlaun sjúkraliða einnig lækkað á bilinu 9-13% vegna lækkunar á starfsprósentu, fækkunar álagsvakta og minni yfirvinnu,“ segir í ályktun 19. fulltrúaþingsins um kjaramál.

Ennfremur segir í samþykkt fundarins, sem haldinn var 11. maí 2010:

„19. Fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands gerir þá kröfu til viðsemjenda sjúkraliða að þeir sýni dug, þor og kjark og setjist að samningaborðinu til alvöru samningaviðræðna um að kjör sjúkraliða verði leiðrétt.

19. Fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands krefst þess að menntun og starfsréttindi sjúkraliða séu metin að verðleikum og þeir eigi kröfu á stöðugleika í störfum sínum

19. Fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands krefst þess að vinnutími vaktavinnufólks verði endurskoðaður og lagaður að norrænu velferðarsamfélagi.

Kjarakannanir sýna að kynbundin launamunur sé 17% í félögum innan BSRB. Kynbundin launamunur er mein í íslensku samfélagi sem við eigum ekki að hafa með okkur inn í framtíðina. Því verður að linna að litið sé á þau störf er konur inna af hendi séu óæðri hefðbundnum karlastörfum. 19. Fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands krefst þess að kynbundin launamunur verði leiðréttur í eitt skipti fyrir öll.

Hlutverk trúnaðarmanna er aldrei mikilvægara en á tímum sem þessum, bæði í formi stuðnings við starfsmenn og þegar kemur að réttindum eða öryggi á vinnustað. 19. Fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands krefst þess að nú þegar verði gengið betur frá réttindum trúnaðarmanna í kjarasamningum og þeim gert kleyft að starfa sem slíkir.“

sem það er í formi ritgerðar eða greina-skrifa. Gaman er að geta þess að sjúkraliðar eru mjög ánægðir með blaðið sitt samkvæmt könnun sem gerð var fyrir félagið á síðasta ári.

Heimasíðan [www.slfi.is](http://www.slfi.is) er mjög aðgengileg og er gott að leita á henni ef sjúkraliða vantar upplýsingar varðandi kjaramál og fleira. Það er rétt að áréttar réttar upplýsingar þurfa að berast svo hún virki rétt og hægt sé að leita eftir réttum upplýsingum.

Hjá laganefnd félagsins hefur starfsárið gengið vel fyrir sig að venju. Haldnir hafa verið tveir formlegir fundir og nokkrir óformlegir á starfsárinu. Tvö erindi bárust laganefnd frá framkvæmdastjórn SLFÍ, annars vegar um lengd fulltrúaþings og hins vegar um að leggja niður fræðslusjóðinn Framför

## Fleiri bústaðir

Stjórn Orlofssjóðs Sjúkraliðafélags Íslands hélt 9 stjórnarfundi á síðasta starfsári. Stjórnin hefur reynt að fylgjast vel með þörfum og væntingum félagsmanna varðandi orlofsmál til að geta brugðist við þeim kröfum sem uppi eru hverju sinni. Í upphafi síðasta árs taldi stjórnin ljóst að áherslur félagsmanna yrðu á ferðir innanlands. Í ljósi þess var ákveðið að bjóða ekki upp á sólarlandaferðir eða pakkaferðir erlendis. Stjórnin lagði aukna áherslu á gistimöguleika innanlands og afþreyingu fyrir félagsmenn.

Ákveðið var að bæta við sumarhúsa-eign félagsins með kaupum á bústað í Munaðarnesi og að Eiðum. Þessir bústaðir voru í töluverðri niðurníðslu þannig að byrjað var á að fara í gagngerar endurbætur á þeim. Í dag eru þessir bústaðir í mjög góðu ásigkomulagi og hafa verið mjög vinsæl viðbót við eignir félagsins.

Eftir vinnustaðafundi með sjúkraliðum þar sem fram komu óskir um að félagið athugaði með að bjóða upp á Veidíkort og

Útilegukort, var það kannað og í framhaldi af því boðið upp á þessa kosti sem hafa mælst mjög vel fyrir. Einnig var ákveðið að bjóða félagsmönnum upp á frítt í golf í ákveðnum bústöðum.

Fjórðingsting félagsins og endurnýjanir hafa gengið töluvert nærri orlofssjóði en á móti kemur að eignir félagsins eru í mjög góðu ásigkomulagi í dag og félagsmenn eru ánægðir með þá möguleika sem þeim stendur til boða.

## Mörg fræðsluverkefni

Fræðslunefnd Sjúkraliðafélags Íslands hélt þrjá formlega fundi á síðasta starfsári, auk þess að eiga samskipti á netinu. Anna Björgmundsdóttir, fulltrúi nefndarinnar á Ísafirði, sat fundina í gegnum síma. Fundirnir voru allir haldnir í húsnæði félagsins að Grensásvegi 16. Varamaður nefndarinnar situr alla fundina.

Umræða og verkefni fræðslunefndar SLFÍ hefur endurspeglad ástand þjóðfélagsins og heilbrigðisstofnana á síðasta starfsári. Mikil gróska var í námskeiðahaldi á síðasta starfsári, sem aldrei fyrr. Talið að um aðsóknarmet sé í námskeiðsþátttöku þetta árið. Námskeiðsgjöldin hjá Framvegis voru einnig endurskoðuð og lækkuð, eftir að Ungliðadeild SLFÍ gagnrýndi verðlagningu námskeiðanna. Framvegis hefur frá upphafi lagt höfuðáherslu á símenntun stétta í heilbrigðis- og félagsþjónustu, en þjónusta við aðrar

## Kjaramálanefnd félagsins

**Kjaramálanefnd Sjúkraliðafélags Íslands er nú þannig skipuð, auk formanns félagsins, Kristínar Á. Guðmundsdóttur, sem er jafnframt formaður nefndarinnar:**

Ragna Ágústsdóttir, LSH-Fossvogi, Margrét Auður Óskarsdóttir, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Þórunn M.J.H. Ólafsdóttir, LSH-Fossvogi, Ingibjörg Friðriksdóttir, Seljahlíð, Kristín Ólafsdóttir, Skógarbær, Hólmfríður Eiríksdóttir, Akureyri, Birkir Högnason, LSH-Fossvogi og Jóhanna Traustadóttir, LSH-Fossvogi.

starfsstéttir eins og starfsfólk í skrifstofu- og þjónustustörfum er vaxandi þáttur í starfsemi. Þjónustusvæðið er allt landið. Framvegis sendir námskeið út í fjarfundi, býður upp á fjarnám í gegnum Web CT fjarvinnslukerfið og í auknum mæli sendir miðstöðin námskeið út á land. Leiðbeinendur sem kenna á námskeiðum Framvegis eru í kringum 60 talsins og hefur miðstöðin átt því láni að fagna að hafa á að skipa mjög færur leiðbeinendum. Fulltrúi SLFÍ í stjórn Framvegis er Birna Ólafsdóttir.

Mestur tími fræðslunefndar hefur farið í að klára undirbúning að námskrá fyrir framhaldsnám sjúkraliða í geðhjúkrun. Óformlega hefur þessu námi verið fagnað og vel tekið, en bent er á mikinn niðurskurð til skólamála. Á þessu augnabliki er ekkert hægt annað en að bíða og vona að námið verði sett í gang áður en langt um líður. Í framhaldsnámi í hjúkrun aldraðra eru nú 23 sjúkraliðar í fjarnámi og útskrifast í desember næstkomandi.

Formaður fræðslunefndar fór ásamt formanni ungliðadeildar félagsins í framhaldsskóla til að kynna Sjúkraliðafélagið og hvað það hefur uppá að bjóða. Mikil og öflug trúnaðarmannafræðsla hefur verið í gangi á vegum BSRB og Félagsmálaskóla Alþýðu í allan vetur. Stór hópur sjúkraliða hefur tekið þátt í fræðslunni og hafa fyrstu hóparnir nú þegar útskrifast. Námskeið fyrir leiðbeinendur sjúkraliðanema var haldið á vegum Framvegis síðastliðið haust og komust færri að en vildu. Mikil eftirspurn er eftir þessum námskeiðum og



Margrét Þóra Óladóttir og María Busk fara yfir málin á Fulltrúaþinginu.

eru þau haldin eins oft og fjárveiting frá menntamálaráðuneytinu leyfa. Gefin var út handbók fyrir sjúkraliða sem leiðbeina sjúkraliðanemum. Eins og nú árár í heilbrigðiskerfinu hefur borið á því að of fá nemapláss séu til staðar fyrir sjúkraliðanema í starfsþjálfun og þá sérstaklega á almennum sjúkradeildum.

Verkefnið starfsþróun sjúkraliða innan barna- og endurhæfingarsviðs LSH, sem unnið var á grundvelli styrks frá Starfsmenntaráði Félagsmálaráðuneytisins, lauk í apríl á síðasta ári. Gera átti samanburðarkönnun á verkefninu í haust til að sjá hvort um breytingar á starfsþróun sjúkraliða hafi

verið að ræða eftir námskeiðið. Þeirri samanburðarkönnun var frestað þar sem miklar breytingar hafa átt sér stað á þessum sviðum og samanburðarkönnunin ekki talinn gefa rétta mynd af þeirri þróun er þessu verkefni var ætlað að skila.

### Fræðslunefnd BSRB

Stjórn BSRB ákvað á fundi sínum 19. nóvember 2009 að innan BSRB verði áfram starfandi fræðslunefnd. Hlutverk nefndarinnar er að halda utan um trúnaðarmannafræðslu og aðra félagslega fræðslu á vegum BSRB. Jafnframt ber fræðslunefnd að fylgja eftir áherslum 42. þings BSRB í ályktun þingsins um fræðslumál. Stjórn og/eða framkvæmdanefnd BSRB getur falið fræðslunefnd önnur verkefni eftir þörfum.

Fræðslunefnd BSRB skipuleggur námskeið sem haldin eru á vegum samtakanna, og er markmiðið að miðla fróðleik og þjálfun til félagsmanna sem nýttist þeim vel á vettvangi félagsmála og í samskiptum við annað fólk. Trúnaðarmannafræðsla BSRB og Félagsmálaskóla alþýðu hófst vorið 2008. Trúnaðarmannanámið er í fimm þriggja daga námskeiðum og einu tveggja daga og er metið til 10 eininga á framhaldsskólastigi. Þá hefur fræðslunefnd BSRB forystufræðslu fyrir stjórnarmenn í aðildarfélögunum. Einnig hafa verið haldin námskeið fyrir samningatækni fyrir samninganefndir aðildarfélögunanna. Að lokum má nefna starfslokánámskeið fyrir BSRB félag og maka þeirra sem hafa verið mjög fjölmenn undanfarin ár. Fulltrúi SLFÍ í Fræðslunefnd er Birna Ólafsdóttir.



Fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands að störfum.

Ályktanir 19. fulltrúaþings SLFÍ um menntamál

# Sérnám í geðhjúkrun hefjist næsta haust

„Menntun íslenskra sjúkraliða er ein sú besta á Norðurlöndum. Námið er til fyrirmyndar og hefur nýst heilbrigðiskerfinu mjög vel í þeim fjölbreyttu störfum sem sjúkraliðar inna af hendi. Námið er reglulega endurskoðað og aðlagð að kröfum samtímans hverju sinni. Sjúkraliðafélag Íslands í samvinnu við menntayfirvöld hafa markvist aðlagð viðbótarnám/framhaldsnám sjúkraliða að þeim kröfum sem gerðar eru til þekkingar og færni sjúkraliða í þeim störfum sem þeir gegna,“ segir í ályktun 19. fulltrúaþingsins um menntamál.

Ennfremur segir í ályktun fundarins sem haldinn var 11. maí 2010:

„Með menntun felast tækifæri til framþróunar, aukinnar fagmennsku og ábyrgðar, því er það nauðsynlegt að standa vörð um menntun stéttarinnar þrátt fyrir þá erfiðu tíma sem geisa í samfélaginu.

Sjúkraliðar vara við því að ein heilbrigðisstétt hafi það vægi að geta staðið í vegi fyrir framþróun og aukinni

menntun annarrar stéttar. Með því er verið að etja stéttum gegn hvor annarri sem að öllu jöfnu hafa sameiginlega hagsmuna að gæta.

SLFÍ hefur í langan tíma unnið að skipulagningu framhaldsnáms í Geðhjúkrun fyrir sjúkraliða í samstarfi við menntamálaráðuneytið og fagfólk innan heilbrigðiskerfisins. Námið hefur enn ekki farið af stað meðal annars vegna ótrúlegs seinangangs og máttleysis menntamálayfirvalda, neikvæðrar umsagnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og andstöðu háskólasamfélagsins.

19. fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands krefst þess að menntamálaráðherra setji menntun sjúkraliða á oddinn og veiti framhaldsnáminu í geðhjúkrun brautargengi á næstu haustönn.

Mennt er máttur. Með henni felast tækifæri til að vinna sig út úr þeim hremmingum sem hér hafa gengið yfir. Með aukinni menntun er hægt að byggja upp réttlátt, kröftugt og skapandi samfélag,“ segir í ályktun þingsins.

## Jafnréttisnefnd BSRB

Eitt af hlutverkum BSRB er að gæta þess og fylgja því eftir að mannréttindi séu virt. Hugtakið felur í sér að allir eiga rétt á að njóta mannréttinda án mismununar, eins og til að mynda vegna kynferðis, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, aldurs, trúar, tungumáls, búsetu, stjórnmálaskoðana, þjóðernis, félagslegrar stöðu, fötlunar eða efnahags. BSRB skal standa vörð um að allir atvinnurekendur fylgi eftir markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það felur meðal annars í sér að komið verði á jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla á öllum sviðum þjóðfélagsins og staðinn vörður um það. Bandalagið á að tryggja að allir félagsmenn þess búi við jafnrétti á vinnumarkaði. Skyldur BSRB í baráttunni fyrir jafnrétti eiga að vera hvort tveggja í senn; inn á við sem út á við. Starfsemi aðildarféлага BSRB og skrifstofa bandalagsins skal endurspeglar að unnið sé í samræmi við jafnréttislög. Fulltrúi félagsins í Jafnréttisnefnd er Margrét Þóra Óladóttir.

## Réttindanefnd BSRB

Stjórn BSRB ákvað á fundi sínum 10. desember 2009 að innan BSRB verði áfram starfandi réttindanefnd BSRB. Hlutverk réttindanefndar er að taka til

skoðunar erindi sem stjórn eða einstök aðildarfélög vísa til hennar. Fulltrúar BSRB sem skipaðir eru í nefndir og ráð um réttindamál á vegum bandalagsins geta leitað liðsinnis réttindanefndar við vinnslu gagna og skal nefndin vera þeim til ráðgjafar sé eftir því leitað. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði tekið til athugunar mál sem snerta sameiginlega hagsmuni. Niðurstöður réttindanefndar

eru ráðgefandi. Fulltrúi SLFÍ í réttindanefnd er Gunnar Örn Gunnarsson.

## Heilbrigðis- og velferðarhópur BSRB

Stjórn BSRB ákvað á fundi sínum 10. desember 2009 að innan BSRB verði starfandi heilbrigðis- og velferðarhópur. Hlutverk hópsins er að fylgja eftir áherslum 42. þings BSRB í ályktun þingsins um opinbera almannaþjónustu og ályktun um nýsköpun í almannaþjónustu, ásamt ályktun um félagsmál. Hlutverk hópsins er einnig að vera leiðbeinandi fyrir stjórn um heilbrigðis- og velferðarmál. Hópurinn á að afla upplýsinga um aðstæður félagsmanna BSRB sem starfa innan velferðarþjónustunnar og fylgjast með umræðum og vera bakland fyrir Velferðarvakt ríkisstjórnarinnar þar sem BSRB á fulltrúa. Stjórn og/eða framkvæmdanefnd BSRB getur falið heilbrigðis- og velferðarhópnunum önnur verkefni eftir þörfum. Fulltrúi SLFÍ í nefndinni er Kristín Ólafsdóttir

## Lífeyrissjóðsnefnd BSRB

Lífeyrissjóðsnefnd BSRB er samráðsvettvangur fulltrúa BSRB í stjórnnum lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Þeir eru frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins: Árni Stefán Jónsson, Þórveig Þormóðsdóttir,

## Uppstillinganefnd

**Að loknu 19. fulltrúaþingi Sjúkraliðafélagsins eiga eftirtaldir sjúkraliðar sæti í uppstillinganefnd félagsins:**

Jóhanna Garðarsdóttir, LSH-Fossvogi, Elsa E. Sigurfinnsdóttir, LSH-Fossvogi, María Ólafson, LSH-Landakoti, Jóhanna Traustadóttir, LSH-Hringbraut, Marín Jónsdóttir, Dalvík. Varamenn eru: Kristín Nielsen, Suðurnesjum, og Hanna Sigurjónsdóttir, Reykjavík.

Trausti Hermannsson og Kristín Á. Guðmundsdóttir, frá Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga: Elín Björg Jónsdóttir og Garðar Hilmarsson og frá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda: Gunnar Gunnarsson.

## Starfsgreinaráð á vegum menntamálaráðuneytis

Starfsgreinaráð skilgreina þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setja fram markmið starfsmáms. Að fengnum tillögum starfsgreinaráða gefur menntamálaráðherra út námskrá í sérgreinum starfsmáms.

Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar. Í starfsgreinaráði eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi menntamálaráðherra. Birna Ólafsdóttir situr sem fulltrúi BSRB í ráðinu.

## Starfsþróunarsjóður

Styrktarsjóður SLFÍ og Starfsmenntasjóður BSRB vinna mjög náið saman að því að sjá sjúkraliðum fyrir styrkjum til að stunda nám og námskeið. Á starfsárinu var ákveðið að hækka styrki úr Starfsmenntasjóði SLFÍ til námskeiða, úr því að vera 40.000 krónur á tveggja ára fresti í 70.000 krónur, og er þá samanlagður möguleiki sjúkraliða 130.000 krónur á tveggja ára fresti þegar styrkur í Starfsmenntunarsjóðs BSRB er hafður með.

Styrkveitingar milli árána 2008-2009 fóru úr því að vera 9.154.649 krónur í 10.317.531 krónur. Samtals eru það 679 einstaklingar sem hafa fengið styrki úr báðum



Fulltrúar á fulltrúaþingi Sjúkraliðafélagsins.

sjóðum á síðasta starfsári. Taka má fram að bak við hverja kennitölu geta verið fleiri en ein úthlutun.

Fræðslusjóðurinn Framför var á sínum tíma stofnaður er félagsmenn höfðu lítinn starfsmenntasjóð í að sækja. Síðan þá hefur verið samið um verulega viðbót við starfsmenntasjóði félagsmanna með tilkomu Starfsþróunarsjóðs SLFÍ. Ákvæði er í sjóðsreglum að ekki sé hægt að sækja í Framför hafi félagsmenn nýtt sér réttinn í öðrum. Tillaga er um það á þessu þingi að sjóðurinn verði lagður niður

Ekkert hefur verið úthlutað úr Minningarsjóði félagsins þar sem hann hefur aldrei náð þeim styrkleika að það sé hægt.

## Starfsmenntasjóður BSRB

Eins og fyrri ár hefur Sjúkraliðafélagið úthlutað styrkjum úr sjóðnum samkvæmt reglum sjóðsins og sent reikning á stjórn Starfsmenntunarsjóðs BSRB. Lítið hefur verið um fundi í sjóðstjórn.

Á síðasta starfsári var styrkjum úthlutað sem hér segir: Nám innanlands 18.247.775 krónur. Nám erlendis: 122.500 krónur. Ferðastyrkur innanlands: 83.670 krónur. Ferðastyrkur erlendis: 277.250 krónur. Úthlutað var alls 18.731.195 krónum.

## Styrktarsjóður

Sjúkraliðafélag Íslands er aðili að Styrktarsjóði BSRB sem stofnaður var með samkomulagi viðríkisjóð, Reykjavíkurborg og Launanevnd sveitarfélaga og hóf sjóðurinn starfsemi 1. janúar 2001. Á árinu 2008 voru iðgjaldagreiðslur 0,37 % af heildarlaunum launþega þeirra aðildarfélaga sem að sjóðnum standa, en frá og með 1. janúar 2009 hækka iðgjaldagreiðslur í 0,75% af heildarlaunum. Úthlutanir styrkja úr sjóðnum hófust í janúar 2002. Af hálfu SLFÍ er Kristín Á. Guðmundsdóttir í stjórn sjóðsins.

Styrktarsjóður BSRB hefur fest sig í sessi og eru sjóðfélagar í vaxandi mæli upplýstir um rétt sinn hjá sjóðnum. Umsóknum hefur fjölgað jafnt og þétt frá stofnun sjóðsins og hefur afgreiddum umsóknum fjölgað um 450 milli ára. Mest útgjöld eru vegna sjúkradagpeninga, tannlæknakostnaðar, líkamsræktar, sjúkraþjálfunar og útfarar sjóðfélaga. Umsóknum vegna sálfræðiaðstoðar, laseraðgerða, gleraugnakaupa og kaupa á heyrn-



Gestafyrirlesari á fulltrúaþinginu var dr. Gyða Margrét Pétursdóttir, aðjúnkt í kynjafræði við Háskóla Íslands. Hér er Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri SLFÍ, að kynna Gyðu sem situr við borðið. Erindi hennar fjallaði um samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu, kynjahlutverk og eðli starfa.



Ályktun 19. fulltrúaþings SLFÍ um lífeyrismál

# Rangur og villandi málflutningur

„Hrun íslenska bankakerfisins gekk verulega á stór-  
an hlut uppsafnaðra eigna íslensku þjóðarinnar í lífeyr-  
issjóðakerfinu. Það mun verða þjóðinni þungt í skauti  
um langa framtíð. Í ljósi þess er hafin mikil áróðurs-  
herferð gegn lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna og  
krafa gerð á að atvinnurekendur þeirra brjóti gerða  
kjarasamninga. Það er öllum ljóst sem það vilja vita að  
fyrirkomulag á greiðslum í lífeyrissjóði opinberra  
starfsmanna eru samningar sem gengið var frá í kjarasam-  
ningum,“ segir í ályktun 19. fulltrúaþingsins um lífeyrismál.

Ennfremur segir í ályktun fundarins sem var haldinn 11.mái 2010:

„Á þenslutímanum hækkuðu margir almennir lífeyris-

sjóðir ávinnsluréttindi sinna félaga, en ávinnsluréttindi úr lífeyrissjóði opinberra starfsmanna héldust óbreytt. Það er einnig ljóst að á opinbera markaðnum eru meðallaun mun lægri en á almenna markaðnum.

Í niðurstöðu úr launakönnun SFR-stéttarfélags í almannaþágu, sem birt var í október 2007, kemur fram að laun-  
munur milli ríkisstarfsmanna og starfsmanna á hinum almenna markaði var að meðaltali 20%, ríkisstarfsmönnum í óhag. Umrædd launakönnun sem hér er vitnað í var samstarfsverkefni SFR-stéttarfélags og VR.

19. fulltrúaþing Sjúkraliðafélags Íslands krefst þess að látið verði af málflutningi sem er bæði rangur og villandi og að við kjarabundin réttindi starfsmanna í opinberri þjónustu verði staðið,“ segir í samþykkt þingsins.

artækjum hefur fjölgað umtalsvert á milli ára.

Breytingar urðu á rekstri Styrktarsjóðs BSRB um áramótin þegar sjóðurinn tók yfir afgreiðslu á styrkjum vegna fæðingarorlofs sem hefur verið á hendi Fjölskyldu- og styrktarsjóðs. Sjóðfélagi sem hefur verið starfandi síðustu 6 mánuði fyrir fæðingu barns og hefur gildan ráðningarsamning við upphaf fæðingarorlofs á rétt á styrk. Styrkurinn miðast við starfshlutfall að lágmarki 25%. Styrkurinn er 170.000 krónur miðað við fullt starf. Sjóðfélagar geta nálgast allar upplýsingar um hvernig sótt er um á veg sjóðsins.

Þrátt fyrir að hafa ekki farið varhluta af því ástandi sem nú er í efnahagslífinu ákvað stjórn Styrktarsjóðs BSRB að rýmka úthlutunarreglum sjóðsins fyrir árið 2010. Heimilt er að greiða sjúkradagpeninga í allt að 45 daga til þeirra sem lokið hafa 360 daga veikindarétti hjá vinnuveitanda. Sjóðurinn lítur björtum augum til framtíðar, tilbúinn til að mæta aukinni þörf félagsmanna fyrir þjónustu.

## Starfsendurhæfingar- sjóðurinn Virk

Fjölmenni var á morgunverðarfundi og ársfundi Starfsendurhæfingarsjóðsins

síðastliðinn fimmtudag, en um 130 manns hlýddu á erindi Vigdísar Jónsdóttur um starfsemi sjóðsins. Gylfi Arnbjörnsson formaður stjórnar Starfsendurhæfingarsjóðs hélt erindi, ársreikningar voru samþykktir, stjórn skipuð til næstu tveggja ára og endurskoðandi kjörinn. Starfsendur hæfingarsjóður hefur gefið út ársrit um starfsendurhæfingu, en með útgáfunni vill sjóðurinn miðla upplýsingum um starf-

semina auk þess að koma á framfæri bæði innlendri og erlendri þekkingu og reynslu á sviði starfsendurhæfingar.

Frá upphafi hafa Árni Stefán Jónsson formaður SFR verið aðalmaður í stjórn sjóðsins fyrir hönd BSRB og Kristín Á. Guðmundsdóttir, SLFÍ, varamaður. Á síðasta ársfundi sjóðsins tók Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, við af Árna Stefáni Jónssyni en Kristín verður áfram varamaður.

## Erlent samstarf EPN

Aðalfundur EPN var haldinn í Álasundi í Noregi 2.-3. júní 2008. Síðan þá hefur stjórn EPN undir stjórnarforustu Íslands haldið þrjá stjórnarfundi, haustið 2008 í Stavanger í Noregi, í júní 2009 í Kaupmannahöfn og síðast í nóvember 2009 í Reykjavík. Framundan er fulltrúaþing samtakanna sem haldið verður í júní 2010 í Luxemburg. Samtímis þeim fundi verður haldin ráðstefna í samstarfi við þarlenda sjúkraliða.

Formaður Sjúkraliðafélagsins var kjörinn í framkvæmdanefnd BSRB á þingi bandalagsins síðastliðið haust. Á myndinni eru frá vinstri Kristín Á. Guðmundsdóttir, ritari, Árni Stefán Jónsson, fyrsti varaformaður, Elín Björg Jónsdóttir, formaður, Garðar Hilmarrson, annar varaformaður, og Þuríður Einarsdóttir, gjaldkeri.

## Kjörstjórn SLFÍ

### Kjörstjórn Sjúkraliðafélags Íslands er þannig skipuð:

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Sjálfsbjörg, Jóhanna S. Sigurvinsdóttir, Sólheimar, Grímsnesi, Guðrún Viggósdóttir, Sunnuhlíð Kópavogi, Ingibjörg Vilhjálmsdóttir, Reykjavík, Ragna M. Gunnarsdóttir, DSNE.

**Varamenn:** Hulda Ragnarsdóttir, Stuðlum, Jóhanna Þorleifsdóttir, Siglufirði, og Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Akureyri.

# Allir horfi og rói í sömu átt

Félagstjórn Sjúkraliðafélags Íslands hefur að undanförunu farið ítarlega yfir markmið og leiðir í starfi félagsins, en það starf var unnið í tengslum við mótun stefnukorts og skorkorts fyrir félagið. „Það er búið að ræða starfsemi félagsins, skipulag og vinnubrögð mjög ítarlega og sú vinna er líkleg til að efla einingu og samstöðu í félaginu þannig að allir horfi og rói í sömu áttina,“ segir Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri.

„Upphaf þessarar vinnu má rekja til þess að ég fór í nám í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands,“ segir Gunnar Örn. „Þar tók ég stefnukort og skorkort fyrir skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands sem verkefni. Ég kynnti þetta verkefnið fyrir samstarfsfólki mínu sem höfðu alla tíð lagt áherslu á að þjónusta sjúkraliða sem mest og best, en aldrei velt sérstaklega fyrir sér eigin stöðu. Í kjölfarið fengum við sérfræðing í mannauðsstjórnun okkur til ráðuneytis, héldum starfsmannafund þar sem við fórum ítarlega í gegnum málin og endurskipulögðum starfið á skrifstofunni.“

Í tengslum við námið í Háskólanum ákveðum við Þorgerður Laufey Diðriksdóttir að gera könnun á skoðunum sjúkraliða á starfi félagsins og skrifstofunnar, en niðurstöður hennar voru kynntar í Sjúkraliðanum fyrir ári síðan, í júní 2009. Þar fengum við miklar upplýsingar um afstöðu sjúkraliða til félagsins og skrifstofunnar og það var mjög jákvæður grunnur til að byggja á.

Í samráði við mannauðsráðgjafann var farið með þetta verkefni inn í félagsstjórnina og efnt til sérstaks vinnufundar í Munaðarnesi síðastliðið haust. Þar var farið mjög rækilega í skoðun á stefnu og starfsemi félagsins og stefnukort félagsins og skorkort þróað áfram, það er markmið og leiðir og hvernig eigi að ná þeim markmiðum. Félagstjórnin skipaði nokkra vinnuhópa sem fóru ofan í afmarkaða þætti sem þóttu mikilvægir og eftir ítarlega naflaskoðun skiluðu þessir hópar skriflegu álitum til félagsstjórnarinnar sem samþykkti niðurstöðurnar á fundi sínum fyrr á þessu ári, þar á meðal stefnukortið og skorkortið.“



Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélagsins.

Hér á eftir er greint frá helstu niðurstöðum vinnuhópanna sem skipaðir voru á vinnufundi félagsstjórnar í Munaðarnesi, og afstöðu stjórnar félagsins til þeirra, samanber fundargerð félagsstjórnar.

## Stefnukort og Skorkort SLFÍ

Hópin skipuðu Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður og Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ. Gunnar Örn fór yfir þær breytingar sem unnar voru á stefnukortinu í framhaldi og í samræmi við umræður félagsstjórnar í Munaðarnesi. Fram kom að lítil breyting var á stefnukortinu en töluverð vinna hefði verið lögð í breytingar á skorkortinu til að fækka og sameina markmið, leiðir og viðmið í kortinu.

Stjórnarmenn voru ánægðir með breytingarnar og var kortið samþykkt af stjórn.

## Lýðræðishópurinn

Hópin skipuðu Margrét Þ. Óladóttir,

gjaldkeri SLFÍ, Helga Dögg Sverrisdóttir, formaður Norðurlandsdeildar SLFÍ, og Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ. Helga Dögg Sverrisdóttir sagði sig frá vinnunni innan hópsins.

Margrét og Gunnar Örn gerðu grein fyrir vinnunni. Farið var yfir núverandi skipurit félagsins, valddreifingu, stöðu/styrk landsbyggðardeildanna og hugmyndina á bak við núverandi skipulag félagsins. Rýnt var í skipulag stéttarféлага sem nálgast lýðræðis-hugsjónina á annan hátt en SLFÍ eins og með opnum aðalfundum, útskiptireglu á stjórn-um og formanni og fleira. Félagstjórn var sammála um að núverandi lýðræðisskipan/stjórnkerfi SLFÍ stuðlaði að góðri dreifingu valds og sanngjarnri aðkomu allra deilda að stjórn félagsins.

## Aukin stéttarvitund

Hópin skipuðu Kristín Ólafsdóttir, varaformaður SLFÍ, Steingerður Steingrimsdóttir, formaður Austurlandsdeildar SLFÍ, og Guri


Liv Stefánsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn SLFÍ

Kristín Ólafsdóttir gerði grein fyrir vinnunni. Fram kom að trúnaðarmaðurinn væri í lykhillutverki varðandi innri styrk félagsins. Nauðsynlegt væri að staða hans væri eflað meðal annars með öflugu námi, auknum vinnustaðafundum, nánari skilgreiningu á hlutverki trúnaðarmanna og að mikilvægt væri að hvetja trúnaðarmenn til faglegra umræðna um ábyrgð og störf stéttarinnar á vinnustöðum. Sjúkraliðar verði virkir í nefndastörfum fyrir SLFÍ, skrifi í blöð, nýti Evrópudaginn og haldi málþing um störf og stöðu sjúkraliða. Vinnuhópurinn taldi einnig mjög mikilvægt að kynna námið og starfið í grunnskólum landsins.

### Fjölgun félagsstjórnarfunda

Hópin skipuðu Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, Torhildur Þórarinsdóttir, formaður Vestmannaeyjadeildar SLFÍ, og Sif Eiðsdóttir.

Torhildur Þórarinsdóttir gerði grein fyrir vinnunni. Fram höfðu komið hugmyndir um hvort breyta eigi félagsstjórnarfundunum SLFÍ úr því að vera upplýsingafundir í fundi sem hafi það markmiðum að fjalla um hugmyndafræði til framtíðar í einstaka þáttum bæði sem undirbúning fyrir framkvæmdastjórnina og fulltrúaþing. Með því nýtist félagsstjórnin betur og yrði sterkari og ábyrgðarmeiri fyrir félagið í heild. Einnig væri hugsanlegt að vera með meira af kynningum á fundunum, eins og málefni sem eru í þjóðfélagslegri umræðu hverju sinni. Skoða þarf hvort hægt væri að nýta tæknina betur með því að fundirnir væru haldnir í fjarfundi eða á öðrum miðlum og þá oftast en þrisvar á ári. Fram kom í máli Torhildar að erfiðir tíma væru í íslensku samfélagi og víða á vinnustöðum er deilt um þann tíma sem trúnaðarmenn hefðu til félagsstarfa, en



nauðsynlegt væri að halda þessari umræðu áfram og aðlaga stjórnarstörf að nútíma tækni. Allir sammála því.

### Fræðslumál á landsbyggðinni

Hópin skipuðu Birna Ólafsdóttir, formaður fræðslunefndar SLFÍ, Torhildur Þórarinsdóttir, formaður Vestmannaeyjadeildar SLFÍ, og Sigríður Karlsdóttir, fyrirverandi formaður Norðurlandsdeildar vestri.

Birna Ólafsdóttir gerði grein fyrir vinnunni. Hún fór yfir núverandi stöðu í fræðslumálum á landsbyggðinni. Fram kom að í boði væru mismunandi leiðir svo sem námskeið í fjarfundi sem gengju misvel vegna tækniörðugleika, ónógrar þátttöku og jafnvel andstöðu kennara við slíka kennsluhætti. Boðið væri upp á að kennarar kæmu út á land og héldu námskeið á vegum Framvegis með styrk frá

Starfsþróunarsjóði. Framboð hefur verið aukið í fjárnámskeiðum þar sem námið fer fram í einkatölvu hvar sem er á landinu, en fylgst er með því að námið sé stundað. Niðurstaða hópsins var að núverandi kennsluhættir biðu upp á blandaðar námsleiðir og væri almenn ánægja með það fyrirkomulag.

### Trúnaðarmenn

Hópin skipuðu Margrét Auður Óskarsdóttir, formaður Suðurlandsdeildar SLFÍ, Guðlaug Sveinbjörnsdóttir, formaður Vestfjarðardeildar SLFÍ, og Ingibjörg Þorsteinsdóttir, formaður Suðurnesjadeildar sem einnig kynnti niðurstöðu vinnuhópsins. Fram kom að trúnaðarmaður eigi að vera milliliður milli SLFÍ og sjúkraliða og ef á reynir á milli vinnuveitanda og starfsmanns. Ítrekað var mikilvægi trúnaðarmanna, trúnaðarmannafræðslu og tengsla félagsins við trúnaðarmenn.

# Markmið á næstu árum

Félagsstjórn Sjúkraliðafélags Íslands hefur samþykkt tiltekin markmið sem starf félagsins mun miðast við á næstu árum. Markmiðunum er skipt niður í eftirfarandi fjóra meginflokka.

#### Fjölga félagsmönnum

- Að fjölga þeim sem útskrifast sem sjúkraliðar
- Að fá alla sem starfa sem sjúkraliðar inn í SLFÍ

#### Ánægðir félagsmenn SLFÍ

- Að veita framúrskarandi þjónustu á skrifstofu SLFÍ
- Að veita fjölbreytta og aðgengilega símenntunarmöguleika fyrir félagsmenn
- Að sjóðir félagsins séu virkir og öflugir

#### Virkt og öflug kjarabaráttu

- Að stytta vinnuviku vaktavinnufólks

- Að auka öryggi á vinnustað
- Að endur og símenntun sé hluti af vinnutíma sjúkraliða
- Að líkamsrækt sé hluti af vinnutíma sjúkraliða
- Að leiðrétta röðun til launa eftir menntun, kyni og ábyrgð
- Að kjarasamningur sé í takt við þróun starfs félagsmanna og auki framgangsmöguleika þeirra

#### Aukin virðing fyrir störfum/menntun félagsmanna

- Að framhaldsmenntun sjúkraliða sé viðurkennd
- Að auka virðingu fortöðumanna heilbrigðisstofnanna fyrir menntun/störfum sjúkraliða.

# Ný kenning um „öldrunarinnssæi“

Sænskur prófessor í öldrunarfræðum, Lars Tornstam, hefur sett fram nýja kenningu til skilnings á hegðun og viðhorfum aldraðra. Eitt af aðalmarkmiðum Tornstams með kenningu sinni er að víkka út þá heimsmynd sem við höfum varðandi öldrun. Hann segir að einna helst hafi verið unnið út frá kenningum um virkni og athafnagetu og helst til mikið einblínt á sjúkdóma og þær hindranir sem þeim fylgja. Þess í stað telur hann að skapa eigi öldruðu fólki rými til einveru og andlegrar næringar í formi samræðna um lífsferil sinn og dauða.

Lars Tornstam setti kenningu sína fram í bók sem heitir „Gerotranscendence - A Developmental Theory of Positive Aging“ og er aðgengileg á bókasafni Landakots, en á íslensku nefnist kenningin „öldrunarinnssæi“. Árið 2006 birti Helga S. Ragnarsdóttir, félagsráðgjafi, grein í 2. tbl. tímaritsins „Öldrun“ þar sem hún kynnti til sögunnar þessa nýju kenningu, en Helga er starfandi félagsráðgjafi á öldrunarsviði Landspítalans.

## Endurmat

Samkvæmt kenningu Tornstams um öldrunarinnssæi á sér stundum stað þróun í viðhorfum fólks og sýn á lífið með hækkandi aldri. Þessi þróun segir hann að endurspeglar í því að fólk endurmeti gildismat sitt í meginatriðum og að þetta endurmat fari aðallega fram á þrem þáttum tilverunnar. Þessa þrjá þætti segir hann taka til viðhorfa til tíma og tilvistar, viðhorfa til eigin persónu og viðhorfa til samskipta, einveru og efnislegra hluta.

Út frá kenningu Tornstams hafa verið unnar leiðbeiningar fyrir þá sem starfa að umönnun aldraðra. Þar kemur fram hvað skuli forðast og á hvað skuli leggja áherslu í samskiptum við aldraða í þeim tilgangi að auðsýna tilvist þeirra og gildismati aukna virðingu. Í þeim leiðarljósum sem kenningin innifelur, erum við sem störfum við hjúkrun meðal annars minnt á að öldrunar-



Valgerður Reginsdóttir, sjúkraliði á Dalbraut 27.



Helga Steinarsdóttir, sjúkraliði hjá Félagsþjónustu Kópavogs.



Ásta Óladóttir, sjúkraliði á Líknardeild LSH í Kópavogi.

innsæi og endurmat því samfara sé eðlilegur hluti öldrunar og að vert sé að virða og styrkja þessa þróun.

Eitt af aðalmarkmiðum Tornstams með kenningu sinni er að víkka út þá heimsmynd sem við höfum varðandi öldrun. Hann segir að einna helst hafi verið unnið út frá kenningum um virkni og athafnagetu og helst til mikið einblínt á sjúkdóma og þær hindranir sem þeim fylgja. Þess í stað telur hann að skapa eigi öldruðu fólki rými til einveru og andlegrar næringar í formi samræðna um lífsferil sinn og dauða. „Viðurkennið, ýtið undir og takið þátt í tali

um dauðann ef vilja til slíks verður vart“. Með þessu horfir hann ekki fram hjá nauðsyn þjálfunar og þátttöku í félagsstarfi en bætir við; „Ekki líta sjálfkrafa á það sem vandamál ef einhver sækist eftir því að vera einn“. Ef til vill má segja að Tornstam biðji okkur um að líta á öldrun sem tækifæri fremur en ógnun og henni, með öllum sínum einkennum, beri að taka fagnandi. „Spyrjið að morgni um drauma frekar en líðan. Ræðið draumana“.

Við munum nú fjalla nánar um þá þrjá þætti sem Tornstam telur liggja til grundvallar öldrunarinnssæi. Við höfum fengið til samræðu um þessi mál tvær konur sem báðar eru okkur kunnugar og hafa lýst sig fúsar til að taka á móti okkur. Þær eru báðar sjöttu og þriggja ára gamlar, en um margt ólíkar. Báðar búa þær í eigin húsnæði, önnur ein síns liðs en hin með eiginmanni.

## Viðhorf til tíma og tilvistar

Þegar lagt er af stað í þá vegferð að ræða við viðmælendur okkar um lífsviðhorf þeirra og velta því fyrir sér um leið hvernig sú afstaða á sér stað í kenningu Tornstams um öldrunarinnssæi, liggur fyrst fyrir að skoða afstöðu viðmælendanna til tíma og tilvistar.

Til að reyna að nálgast viðfangsefnið er lagt af stað með spurningar í farteskinu,

## Höfundarnir

Ritgerðina „Öldrunarinnssæi“ sömdu þrjár sjúkraliðar, Ásta Óladóttir, Helga Steinarsdóttir og Valgerður Reginsdóttir, sem lokaverkefni í Hjúkrun 334 í framhaldsnámi sjúkraliða við Fjölbrautaskólann við Ármúla. Kennari þeirra var Guðrún Hildur Ragnarsdóttir. Ritgerðin birtist hér lítið eitt stytt.

sem vonandi leiða okkur til niðurstöðu um það hvort viðmælendur okkar hafi tileinkað sér breytta eða jafnvel nýja sýn á lífið með hækkandi aldri. Samkvæmt kenningu Lars Tornstam hafa þeir sem hafa öðlast öldrunarinnisæi oft aðra sýn á samhengi lífsins, skil á milli fortíðar og nútíðar verða óskýrari og tilfinning fyrir tíma breytist. Bernskan færst nær og tilfinningalegar upplifanir hennar eru endurskoðaðar og skilgreindar á nýjan leik. Sú tilfinning fólks að vera hluti af heild og sú tilfinning að tilvist þeirra og tilgangur sé hlekkur í keðju kynslóðanna verður áberandi. Sýn á líf og dauða breytist í þessu samhengi og verður fremur eðlileg framvinda eða hin hliðin á sama teningi. Um leið og efnisheimurinn verður þokukennari í huga fólks, minnkar eða hverfur ótti við dauðann. Þessari afstöðu fylgir gjarna sú hugsun, að ekki verði allt skýrt út frá efnisheiminum og að ýmis fyrirbæri eigi sér aðra og dýpri merkingu.

Þær tvær konur sem rætt er við í tengslum við þessa umfjöllun um öldrunarinnisæi eru á margan hátt ólíkar, bæði hvað varðar lífsreynslu og úrvinnslu. Þrátt fyrir að þær eigi einnig margt sameiginlegt, má á köflum hugsa sér að þær séu sitt hvor hliðin á teningi hvað varðar afstöðu og viðhorf til tilvistar sinnar. Eitt eiga þær þó örugglega sameiginlegt, en það er hvernig þær hugsa til bernsku sinnar og æskudaga. Fyrri viðmælendi okkar segir margt skýrara í dag og hún segist hafa öðlast nýja sýn á bernskuna í gegn um barnabörnin sín, henni þykir sláandi hversu margt er líkt með þankagangi og hugrenningum þeirra nú og hennar eigin á sama aldri. Báðar hugsa þær sáttar og með hlýju til æskunnar.

Þegar kemur að samræðu um afstöðu þeirra eða sýn á lífið með hækkandi aldri kemur fram að fyrri viðmælendi telur sig síður upptekna af því að uppfylla væntingar eða eltast við tískustrauma. Henni finnst hafa orðið breyting á því hvaða hlutir skipta hana máli og að hún sé orðin sjálfstæðari í skoðunum sínum. Seinni viðmælenda finnst ekki að afstaða sín hefði breyst.

Næst er komið að því að ræða um hvað þær telja sig eiga sameiginlegt með eldri kynslóðum. Hjá þeim kemur fram gjörólíkt viðhorf; önnur finnur fyrir miklum tengslum og samsömun við fyrri kynslóðir og finnst hún hafa deilt með þeim kjörum. Hin er annarrar skoðunar og segist ekki finna fyrir neinni samkennd með fyrri kynslóðum.

Nú er þar komið að rætt er um dauðann og viðhorf viðmælenda okkar til hans. Einnig þar kemur fram nokkuð ólík afstaða þessara kvenna. Fyrri viðmælendi segir orðrétt: „Ég



Aldraðir á góðum degi úti í íslenski náttúru.

kvíði ekki dauðanum. Svipurinn á því fólki sem er að skilja við segir mér að það geti ekki verið vont“. Seinni viðmælendi segist sjaldan hugsa um dauðann, en bætir við: „Dauðinn getur verið góður, ef maður er veikur“.

### Viðhorf til eigin persónu

Hluti af kenningu Tornstams er að þeir sem öðlast hafa öldrunarinnisæi breyta viðhorfi sínu til eigin persónu. Eigin persóna verður ekki lengur í forgrunni og áhersla á útlit og aðra líkamlega þætti skiptir ekki eins miklu máli. Fólk endurmetur sjálft sig, uppgötvar nýjar hliðar á sjálfum sér. Þeir sem áður höfðu lélegt sjálfsmat geta oft metið sjálft sig raunhæft og eðlilega. Skilningur fólks af atburðum lífsins verða oft eins og brot sem falla saman í heila mynd. Með nýrri sýn á lífið og tilgang lífsins verður óeigingirni oft áberandi þáttur í fari fólks.

Þegar spjallað er um heilsuna telja báðir

*Samkvæmt kenningu  
Tornstams um öldrunarinnisæi á sér stundum stað þróun í viðhorfum fólks og sýn á lífið með hækkandi aldri.*

viðmælendur okkar sig vera við góða heilsu. Báðar stunda sund sér til heilsuþótar. Varðandi viðhorf þeirra til útlitsins, telja þær báðar útlitið skipta litlu máli og það hefur alltaf skipt þær litlu máli.

Þegar við spyrjum út í hvernig lífsreynslan, bæði góð og slæm, hafi mótað þær svarar önnur því til að hún teldi að góðir og slæmir dagar komi á víxl, þeir góðu ýti þeim slæmu til hliðar. Skapferli beggja hefur ekkert breyst með aldrinum, en þær segjast báðar hafa betri stjórn á skapi sínu í dag. Sömuleiðis telja þær báðar að þeim gangi vel að hafa stjórn á lífi sínu og þeim finnst þær hafa gott vald á aðstæðum sínum.

Báðar telja þær að sjálfsmat þeirra sé óbreytt, það hefur ekkert breyst með aldrinum. Sitt hvort viðhorfið er hjá þeim í sambandi við það að tilheyra ekki lengur ráðandi hópi í samfélaginu. Seinni viðmælenda finnst það allt í lagi. Fyrri viðmælendi er á öndverðum meiði og segir „fjandi skítt að ekki skuli vera meira hlustað á fólk á mínum aldri, en ég hef ekki nennu til að standa í einhverju stússi“. Hún finnur fyrir auknu áhrifaleysi.

### Viðhorf til samskipta, einveru og efnislegra hluta

Lars Tornstam segir í kaflanum um samskipti, einveru og efnislega hluti að fólk velji úr samskiptum, flokki í sundur hvað skipti

máli og hvað ekki og að tími sé gjarnan tekinn frá til einveru. Nýr skilningur verður til á mismun milli eigin sjálfs og hlutverka. Stundum verður tilhneiging til að hætta að leika hlutverk, en einnig eykst oft skilningur á nauðsyn ákveðinna hlutverka í lífinu. Kjarkur til að láta ekki viðtekna venjur stjórna sér eða hefta verður oft meiri. Fólk öðlast oft nýjan skilning á hlutverki eigna, þær séu stundum ónauðsynlegar og jafnvel til trafala. Tilhneiging verður til að láta ekki veraldlega hluti standa sér fyrir þrifum. Meiri víðsýni og umburðarlyndi fylgir iðulega í kjölfarið. Fólk öðlast aukinn skilning á því að skipting í rangt og rétt sé ekki alltaf eins einföld og ætla mætti og áður var talið.

Viðmælendur okkar eru um margt ósam-mála, þó finna megi sameiginlegar áherslur á stöku stað. Þegar við spyrjum þær um viðhorf þeirra til samskipta og hvort þau viðhorf hafi breyst eru svörin ólík, annarri finnst ekkert hafa breyst, á meðan hinn finnst mjög margt hafa breyst. Báðar eru þær sammála um að samskipti við fjölskyldu og vini séu mjög góð. Þegar spurningin um einveru ber á góma eru þær að mestu sammála um að þeim líði vel einum.

Gagnvart efnislegum hlutum eru svör þeirra verulega ólík, sú fyrri talar um að margt hafi breyst í þeim efnunum með hækkandi aldri. Seinni viðmælandi okkar finnur ekki til neinna breytinga hjá sér varðandi viðhorf til efnislegra hluta.

Við spurningu um hvað sé mest virði í samskiptum, þá er svarið stutt og laggott hjá annarri; það eina sem skiptir máli er traust. Hin talar um að það að geta umgengist fólk með góðu skipti mestu máli.

Þegar við spyrjum um mikilvægi hlutverka þeirra í lífinu eru þær sammála um að móðurhlutverkið og að ala börnin vel upp sé stærsta hlutverk þeirra í lífinu og að það sé aldrei nógu mikils metið. Einnig eru þær sammála um að hlutverkið í vinnunni hafi skipt þær miklu máli og það að standa sig vel þar.

Að lokum ræðum við um gildismat, við innum þær eftir því hvort þær finni til þess að það hafi breyst með árunum. Ekki vilja þær meina það, en samt lætur önnur það í ljós, að hún myndi ekki láta bjóða sér margt í dag, sem hún gerði á árum áður.

## Niðurstöður

Þá er komið að því að spyrja hvort þessar tvær konur sem við tókum viðtal við hafi tileinkað sér öldrunarinnisæi og þá hvernig. Í grein Helgu S. Ragnarsdóttur segir að samkvæmt rannsóknum Tornstams sé öldrunar-



Aldraðir njóta sólarblíðu í garði Grundar í Reykjavík.

innsæi ekki eitthvað sem sjálfkrafa fylgi því að verða gamall. Einnig að „ákveðin félagsleg mismunun komi fram á þann hátt, að þeir sem hafa haft meiri áhrif á eigin líf öðlast fremur öldrunarinnisæi en hinir sem ekki hafa haft eins mikið um það að segja. Veikindi og áföll virðast auka öldrunarinnisæi hjá þeim sem fyrir verða“.

Við fundum þess greinileg merki hjá viðmælendum okkar að þessi hugmynd ætti sér stoð. Sá viðmælandi, sem okkur finnst hafa tileinkað sér öldrunarinnisæi, hefur lent í miklum áföllum í lífinu, en náð að vinna sig út úr þeim á sinn hátt. Hún horfir nú á lífið sem eina samfellda heild þar sem hún miðlar reynslu sinni til þeirra yngri í fjölskyldunni, ásamt því að finna til samkenndar með fyrri kynslóðum. Við getum lítið merkt að hin konan hafi tileinkað sér öldr-

unarinnsæi, hún hefur á margan hátt átt stormasamt líf, en er lítið farin að líta yfir farinn veg, allavega ekki á þann hátt að okkur finnst það ná til kenninga Tornstams. Það kemur skýrt fram að hún forðast uppgjör og átök eru henni eitru í beinum.

Þegar talið berst að bernskunni þá kemur það vel fram að bernskan er annarri þeirra hugleikin í dag. Hún notar minningar sínar um bernskuna til að tengjast barnabörnum sínum betur og skil milli nútíðar og fortíðar verður þess vegna óskýrari. Hún finnur fyrir því að vera hluti af stærri heild. Hvað varðar afstöðu til dauðans kemur fram að hún hefur oft hugsað um dauðann og henni finnst það ekkert til að kvíða fyrir. Viðhorf hennar passar vel inn í kenninguna þar sem segir; óttinn við dauðann minnkar eða hverfur.

Hin konan hugsar líka oft til bernskunnar en á annan hátt. Hún yljár sér við góðar minningar og finnst á margan hátt að það hafi verið besti tími ævinnar, en hún finnur ekki til þess að það hafi neitt með daginn í dag að gera. Hún skiptir lífinu niður í fortíð, nútíð og framtíð. Ekki er hægt að verða var við að hún upplifi sig sem hlekk í keðju kynslóðanna, henni finnst hún ekkert eiga sameiginlegt með móður sinni og ömmu. Skoðun hennar á dauðanum er á þann veg, að hann sé líkn þeim sem eru mikið sjúkir, skoðun sem fólk á öllum aldri getur verið sammála um.

Í viðhorfi þeirra til eigin persónu verður

*Þeir sem öðlast öldrunarinnisæi hafa oft aðra sýn á samhengi lífsins, skil á milli fortíðar og nútíðar verða óskýrari og tilfinning fyrir tíma breytist, samkvæmt kenningu Lars Tornstam.*



Samkoma fyrir aldraða á hjúkrunarheimilinu Hlíð á Akureyri. Séra Gylfi Jónsson situr við hljóðfærið.

vart öldrunarinnisæis hjá annarri sem fyrr. Eigin persóna er ekki lengur í forgrunni, hún er meira upptekin af afkomendunum. Ekki er að heyra á henni að útlitið skipti hana miklu máli, en hún metur heilsu sína mikils. Hún telur að sjálfsmat sitt sé óbreytt, en hún endurmetur sífellt eigin gerðir og okkur finnst að hún hafi á margan hátt endurmetið afstöðu sína til eigin persónu. Hún talar einnig um að hún hafi betri stjórn á skapi sínu í dag. Óeigingirni hennar kemur fram í því að fjölskyldan skiptir meira máli en hún sjálf. Samt finnst henni skítt að ekki sé hlustað meira á fólk á hennar aldri. Hinn viðmælandi okkar er með sjálfa sig í forgrunni og það sem hún er að fást við í dag. Útlit hefur aldrei skipt hana máli, ekkert meira í dag en áður. Varðandi lífsreynslu sína og eigin persónu er það líkt því sem verið hefur, léttlyndið hefur lengst af bjargað henni í gegnum slæma daga og gerir enn. Ekki verður vart við að hún raði lífi sínu í neina heildarmynd, hún er upptekin af því sem er að gerast á líðandi stund.

Í viðhorfi þeirra til samskipta, einveru og efnislegra hluta er svipaða sögu að segja, við finnum sterkt til þess að önnur hefur tileinkað sér öldrunarinnisæi og kemur það vel fram þegar rætt er um einveruna. Hún velur hvaða samskipti hún hefur og við hverja. Henni þykir gott að vera ein með sjálfri sér og er ekki í þörf fyrir að eignast nýja vini. Viðhorf hennar til eigna og efnislegra hluta hefur breyst mikið, það sem áður var mælikvarði á stöðutákn, skiptir ekki máli í dag.

Hér má vissulega sjá samsömun við kenninguna þar sem segir að fólk öðlist nýjan skilning á hlutverki eigna. Skilningur hennar á ákveðnu hlutverki eins og móðurhlutverkinu hafði breyst, henni finnst það vera stærsta hlutverk sitt í lífinu í dag. Þegar við leitum eftir viðhorfi hennar og gildismati í lífinu, telur hún að það sem skipti mestu í öllum samskiptum sé traust. Vissulega má hér finna samsömun í kenningu Tornstam varðandi það, að kjarkur til að láta ekki viðteknar venjur stjórna sér og hefta verður oft meiri. Mikilvægi þessa hefur síst minnkað á þeim tímum sem við lifum á, nú þegar það að vera sjálfum sér samkvæmur og elta ekki uppi það sem hæst ber hverju sinni, hefur ekki átt upp á pallborðið.

Hjá hinum viðmælanda okkar er það svipað og áður, við verðum ekki varar við mikið öldrunarinnisæi hjá henni þegar hún

*Sá viðmælandi, sem okkur finnst hafa tileinkað sér öldrunarinnisæi, hefur lent í miklum áföllum í lífinu, en náð að vinna sig út úr þeim á sinn hátt.*

er spurð um einveru. Henni fannst í lagi að vera ein, hún finni sér þá eitthvað að gera þar til annað býðst. Hún finnur ekki til neinna breytinga hvað varðar efnislega hluti og þykir gaman að kaupa sér nýtt. Hún er sammála hinni um að móðurhlutverkið sé stórt hlutverk. Varðandi samskipti horfir hún til þess sem er að gerast í kringum hana í dag og finnst skipta mestu að fólk geti átt góð samskipti án illinda. En víðsýni hennar hefur þó aukist að því leyti, að hún telur ekki að hún myndi láta bjóða sér það sama í dag og hún gerði áður hvað varðar framkomu í sinn garð.

### Lokaorð

Þegar farið er yfir niðurstöðurnar úr spurningunum og þær bornar saman við kenningu Lars Tornstam er áberandi munur á öldrunarinnisæi viðmælanda okkar og er mikill munur á svörum þeirra. Fyrri viðmælandi okkar hefur greinilega tileinkað sér öldrunarinnisæi að flestu leyti. Til dæmis horfir hún á lífið sem eina samfellda heild og miðlar reynslu sinni til þeirra yngri. Seinni viðmælandi okkar hefur aftur á móti lítið tileinkað sér öldrunarinnisæi og horfir á lífið sem fortíð, nútíð og framtíð, lifir meira fyrir daginn í dag og er lítið farin að líta yfir farinn veg.

Við getum í lokin tekið undir orð Tornstam þegar hann óskar þess „að öldrun verði viðurkennd sem sjálfstætt tilverustig, með sínum eigin viðhorfum og sérkennum“.

# Veikindi barns er mikið áfall

Þegar barn veikist eða slasast alvarlega og þarf að fara á sjúkrahús hefur það mikil áhrif á líðan foreldra og á aðra í fjölskyldunni. Fyrst og fremst verður fjölskyldan fyrir miklu áfalli og upplifir ýmsar tilfinningar eins og hræðslu, miklar áhyggjur, sorg, ótta, óryggi, kvíða, samviskubit, sjálfsásökun, minnkað sjálfsálit, þunglyndi og reiði. Afneitun á því hversu alvarlegt ástandið sé, þörf fyrir að kenna einhverjum um ásamt tilfinningu um að vera að yfirbugast.

Greiningarferlið sjálf getur tekið tíma og getur verið mismunandi hversu auðvelt er að greina sjúkdóma og þá þarf barnið að gangast undir margar rannsóknir. Því ferli fylgir oft bið og óvissa og getur valdið fjölskyldunni kvíða og streitu. Það er mjög mikilvægt að fjölskyldan fái góða fræðslu því oftast veit fjölskyldan ekkert um sjúkdóminn eða það sem veldur vanlíðan og þarf því að meðtaka mikið magn af nýjum upplýsingum á stuttum tíma. Það getur reynst fólki erfitt að muna allar þessar upplýsingar sérstaklega þegar það er að takast á við tilfinningar eins og kvíða og streitu. Það er því mikilvægt að heilbrigðisstarfsfólk gefi sér tíma og setjist niður og ræði við skjólstaðing og fjölskyldu hans.

## Spurningar sem hjálpa

Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar vinna oftast í mikilli nálægð við börnin og aðstandendur þeirra og er því mikilvægt að nota þær stundir til að gefa þeim færi á að spyrja spurninga og tjá sig. Það er til dæmis hægt að vera með tilbúnar ákveðnar spurningar sem hægt er að nota til að skapa samræður og þannig fá foreldrar færi á að segja frá líðan sinni. Dæmi um þessar spurningar geta verið: „Hvernig hefur þú sofið síðan barnið lagðist inn á spítalann?“ „Hefur þú náð að hvílast eitthvað?“ „Hverju hefur þú áhyggjur af þessa dagana?“ „Hvernig gengur heima við að sinna systkinum?“ „Á hvern telur þú að veikindi hafi mest áhrif í fjölskyldunni?“



Veikindi barna eru erfið fyrir alla fjölskylduna. Myndin er frá Barnaspítala Hringins.

Það er einnig gott að styðjast við Calgary fjölskyldu- og meðferðamódelið og hægt að spyrja spurninga eins og: „Á hvern hafa veikindi mest áhrif?“ „Hvernig og hvaða aðstoð viljið þið núna?“ „Hvaða stuðning getum við veitt ykkur núna?“ „Hvað hefur reynst ykkur best?“ „Ef það væri ein spurning sem þú/þið gætuð fengið svar við núna, hver væri hún?“ Og fleira í þeim dúr.

*Þegar unnið er með fjölskyldum þarf að sýna þeim virðingu og umburðarlyndi gangvart skoðunum þeirra og viðhorfum.*

## Vanda samskiptin

Heilbrigðisstarfsmenn þurfa að vanda samskiptin við fjölskyldurnar og það þarf að varast að grípa fram í þegar fólk er að tala. Fólk getur verið að tjá sig um erfiðar tilfinningar og er þá mikil óvirðing sýnd ef gripið er fram í. Það er einnig mikilvægt að geta polað þagnir í samtölum. Í þögninni hefur fólk tækifæri til að greina á milli hugsana sinna, áreiti er minna og fólk fær þá tækifæri til að vinna úr hugsunum sínum. Þögn í samtölum er mikilvæg og auðveldar fólki að opna sig og tjá sig. Einnig getur þögnin hjálpað fólki við að losa sig við óheppilegar hugsanir.

Mikilvægt er að geta gefið góð ráð en það hefur einnig sýnt sig að ef ráð eru gefin of fljótt gera þau ekki eins mikið gagn. Mikilvægt er að vera meðvitaður um að fólk er mismunandi og skilur og skynjar á mismunandi hátt það sem því er sagt og er gert fyrir það. Gott er að heilbrigðisstarfsfólk



spyrji spurninga og hlusti á einstaklingana til að geta komist að því hvernig þeir skynja það sem fer fram. Þannig er hægt að koma í veg fyrir að foreldrar og fjölskyldur veika barnsins misskilji starfsfólk.

## Virðing og umburðarlyndi

Rannsóknir hafa sýnt að þegar einstaklingur veikist eða slasast alvarlega hvort sem það er barn eða fullorðinn, snertir það ekki einungis þann sem veikist heldur hefur það áhrif á alla fjölskyldu viðkomandi. Markmið fjölskylduhjúkrunar eru að veita sjúklingum og aðstandendum þeirra sérhæfða, heildræna hjúlrún og góða og faglega þjónustu. Þá er það markmið sett að það sé samstarf milli heilbrigðisstarfsmanna, skjólstæðings og fjölskyldu hans þannig að tekið er tillit til viðhorfa flestra. Í fjölskylduhjúkrun er einnig mikil áhersla lögð á mun á viðhorfum einstaklinga og hvernig mismunandi viðhorf geta haft áhrif á hvernig við hegðum okkur. Einnig hvernig mismunandi viðhorf getur haft áhrif á hvernig við skynjum það sem kemur fyrir okkur, til dæmis veikindi.

Heilbrigðisstarfsfólk og skjólstæðingar þeirra geta haft mismunandi viðhorf til aðstæðna, eins og hversu slæm líðan er og hvort hún þarfnist meðferðar. Það þarf að hafa í huga að ekkert eitt viðhorf er rétt heldur er mikilvægara að skoða vel viðhorf allra með opnum huga. Það er mikilvægt að fá upplýsingar frá barninu og aðstandendum og spyrja þau hvernig þau eru að upplifa vandamálið sem leitað er aðstoðar vegna. Sjónarmið þeirra skiptir miklu máli þó það sé ekki endilega það sama og þeirra sem hjúkra. Þannig er hægt að komast að því hvort áherslurnar séu þær sömu hjá fjölskyldunni og starfsfólkinu.

Þegar unnið er með fjölskyldum þarf að sýna þeim virðingu og umburðarlyndi gangvart skoðunum þeirra og viðhorfum. Þá er mikilvægt að líta í eigin barm og vera gagnrýnin á eigin vinnubrögð. Hvernig heilbrigðisstarfsmenn hjúkra er undir þeim sjálfum komið. Markmið hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða er að styðja fjölskyldur í vanda og gera sitt besta til að bæta líðan þeirra. Til að ná því markmiði skiptir máli að geta litið í eigin barm og að átta sig á að framkoma þeirra skiptir miklu máli.

## Traust og fræðsla

Þarfir foreldra barna á sjúkrahúsum á Íslandi og einnig erlendis hafa verið skoðaðar og komið hefur í ljós að það sem foreldrar leggja aðaláherslu á er að geta treyst á starfsfólk á heilbrigðisstofnunum, fengið þá



Sjúkraliðanemar ásamt umsjónarkennara á málstofu FB. Efri röð frá vinstri: Kristín Þorvaldsdóttir, Katrín White, Ágústa Jóhannsdóttir, kennari, Lýdís Rós Hermannsdóttir, Sigríður Kjördís Friðriksdóttir, Jette Magnea Jónsdóttir og Heiðrún Lilja Þrastardóttir. Neðri röð frá vinstri: Heiður Dögg Vilhjálmsson, Anna Júlía W. Eiríksdóttir, höfundur þess verkefnis sem nánar segir frá hér í blaðinu, Aldís Sunna Ólafsdóttir og Jesselou Marie C. Jumapao.

# Málstofa útskriftarnema

Málstofa útskriftarnemenda af sjúkraliðabraut var haldin í fimmta sinn í hátíðarsal Fjölbautaskólans í Breiðholti 20. apríl síðastliðinn að viðstöddum gestum, nemendum og kennurum sem og aðstandendum sem nutu fróðlegra fyrirlestra.

Tilgangur málstofunnar er tvíþættur: Annars vegar verður námið markvissara með því að nemendur safni saman þekkingu sinni, kunnáttu og færni í stuttum fyrirlestri. Hins vegar að sýna fram á umfang námsins fyrir hvern og einn.

Umsjón með málstofu og leiðbeinandi við verkefnaskrif hefur Ágústa Jóhannsdóttir, kennari í samfélagshjúkrun og umsjónamaður með vinnustaðanámi á sérdeildum

fræðslu og upplýsingar sem þeir þarfnast. Þarfir foreldra eru einnig bundnar öðrum í fjölskyldunni eins og systkinum veika barnsins eða maka. Einnig fannst þeim mikilvægt

*Það er mikilvægt að heilbrigðisstarfsfólk gefi sér tíma og setjist niður og ræði við skjólstæðing og fjölskyldu hans.*

að geta fengið hjálp og stuðning við að auka þekkingu sína á meðferð og ástandi veika barnsins þeirra.

Góð fjölskylduhjúkrun og samvinna heilbrigðisstarfsmanna og aðstandenda er nauðsynleg til að einstaklingum líði vel. Það er mikil ábyrgð sem fylgir því að vera heilbrigðisstarfsmaður. Til þess að geta veitt góða fjölskylduhjúkrun skiptir miklu máli að geta sett sig í spor annarra, geta átt góð og fagmannleg samskipti, geta sýnt umburðarlyndi, nærgætni og geta borið virðingu fyrir skjólstæðingum sínum og aðstandendum þeirra.

Anna Júlía Wenger Eiríksdóttir.

Margir sjúkraliðar leita til ráðgjafa VIRK

# Gaman hvað margir hafa blómstrað

„Okkar hlutverk er að veita ráðgjöf einstaklingum innan BSRB sem eru með skerta starfsgetu vegna veikinda eða slysa. Við hjálpum þeim að finna leiðir til að efla og styrkja starfsgetu og stöðu þeirra á vinnumarkaði. Við höfum störf í september 2009 og höfum þegar séð hvernig þessi þjónusta getur hjálpað fólki til að auka lífsgæði sín.“

Þetta segja Karen Björnsdóttir og Soffía Eiríksdóttir, en þær eru ráðgjafar á vegum Virk og annast starfsendurhæfingarráðgjöf við félagsmenn BSRB, þar á meðal sjúkraliða. Karen er með með meistaranám í náms- og starfsráðgjöf og starfaði um árabíl sem náms- og starfsráðgjafi við Háskólann í Reykjavík áður en hún hóf störf hjá BSRB, en Soffía er hjúkrunarfræðingur og starfaði lengi á LSH og er að auki með meistaranám í lýðheilsufræði.

Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðsins, sem er sjálfseignarstofnun með aðild helstu samtaka stéttarfélaga og atvinnurekenda á vinnumarkaði, er að draga markvisst úr líkum á að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna langvarandi veikinda. Áhersla er lögð á að koma snemma að málum og viðhalda vinnusambandi einstaklinga með virkni og öðrum úrræðum.

## Vinnusamband og vellíðan

„Fólk kemur til okkar á ýmsum stigum og við hjálpum því til að finna leiðir og úrræði, þar á meðal hvort það þarf aðstoð sérfræðinga eða stofnana sem við getum vísað því til,“ segja Karen og Soffía. „Einstaklingarnir sem til okkar leita eru þverskurður af þjóðfélaginu, fólk úr fjölmörgum starfsgreinum, þar á meðal sjúkraliðar. Það er mjög einstaklingsbundið hversu mikið við þurfum að aðstoða fólk. Fyrir suma er jafnvel nóg að koma í viðtal og ræða málin við okkur einu sinni eða tvisvar, en aðrir þurfa að fara til sjúkrahúsfara, sálfræðinga eða annarra sérfræðinga á leið sinni til endurhæfingar. Áherslan er alltaf á vellíðan einstaklingsins og að halda í vinnusamband hans og styrkja



„Þetta er í senn krefjandi og gefandi starf,“ segja ráðgjafarnir Soffía Eiríksdóttir og Karen Björnsdóttir sem hér eru mættar á skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands, en þær hafa þær rætt við marga sjúkraliða um endurhæfingu.

hann í því sem hann þarf að gera til að efla vinnugetu og starfshæfni.“

Allt sem varðar ráðgjöfina er bundið trúnaði við einstaklinginn. „Þeir sem til okkar leita skrifa undir upplýst samþykki og geta þannig fylgst með því hvernig farið er með þeirra gögn, og það er allt samkvæmt reglum um persónuvernd. Þannig ræðum við aldrei

mál skjólstæðinga okkar við vinnuveitendur eða sérfræðinga nema með leyfi þeirra.“

Margir sjúkraliðar hafa leitað til ráðgjafanna og rætt við þá á skrifstofu félagsins eða í BSRB húsinu þar sem skrifstofur þeirra eru. „Það er jákvætt hversu duglegir sjúkraliðar hafa verið að leita til okkar til að ræða málin og finna úrræði sem styrkir þá í vinnunni,“ segja Karen og Soffía. „Sjúkraliðar eru dugnaðarforkar og mjög áhugasamir um sitt starf, og það svo að þeir virðast stundum keyra sig áfram í vinnunni og ganga þannig nærri heilsu sinni. Áberandi er hvað margir sjúkraliðar sem komið hafa til okkar eru með bakverki og slæmir í öxlum eftir það líkamlega erfiði sem getur fylgt starfinu. En þessi stöðkerfisvandamál eru algeng hjá mörgum stéttum sem þurfa að erfiða líkamlega í vinnunni.“

## Vinnan er mikilvæg

Það er oft erfitt fyrir fólk sem á við veik-

„Þessir einstaklingar voru ansi vonlitlir til að byrja með, en hjá mörgum þeirra hefur vonin vaxið vegna þess að þeir fá aðstoð og hvatningu“

# Hvað getur ráðgjafinn gert fyrir þig?

- Ráðgjafinn aðstoðar þig við að efla færni þína og vinnugetu.
- Hjá ráðgjafanum færðu ráðgjöf og hvatningu sem tekur mið af þínum aðstæðum.
- Ráðgjafinn metur starfshæfni þína, bæði út frá heilsufarslegum og félagslegum þáttum.
- Þú færð aðstoð við gerð þinnar eigin áætlunar um aukna virkni, heilsueflingu og starfsendurhæfingu. Ráðgjafinn fylgir þeirri áætlun eftir, í samráði við þig.
- Ef þú ert lengi frá vinnu vegna veikinda aðstoðar ráðgjafinn þig við að vera í reglubundnu sambandi við vinnustaðinn. Og hjálpar þér við gerð áætlunar um að snúa aftur til starfa.
- Hefurðu kannski hug á að læra meira, til að auka vinnugetuna? Þá færðu stuðning til þess.
- Ertu ekki viss um réttindi þín og hvaða þjónustu þú átt rétt á? Ráðgjafinn getur svarað öllum slíkum spurningum.
- Þér býðst líka aðstoð frá sérfræðingum, svo sem sálfræðingum, iðjuþjálfum, sjúkraþjálfurum, læknum, félagsráðgjöfum og náms- og starfsráðgjöfum. Ráðgjafinn getur útvegað þá þjónustu sem þú þarft helst á að halda.
- Ráðgjafinn veit hvernig þú, atvinnurekandi þinn og ýmsir fagaðilar geta unnið saman að því að auka starfshæfni þína.
- Þjónustan er þér að kostnaðarlausu og hún er miðuð út frá þínum þörfum og skipulögð í góðri samvinnu við þig.

indi að stríða að vita hvert það á að leita eftir aðstoð; það fer í veikindaleyfi en er síðan í mikilli óvissu um hvað taki við.

„Við slíkar aðstæður verður fólk oft fljótt óöruggt, því vinnan er svo mikilvægur hluti af daglegu lífi flestra,“ segja ráðgjafarnir. „Það veit oft ekki hvaða rétt það hefur samkvæmt lögum og kjarasamningum eða hvert það á að leita til að fá aðstoð. Það er ansi mikið á einstaklinginn lagt í veikindum og getur verið erfitt að finna rétt sinn í flóknu kerfi stofnana og sjóða og á sama tíma huga að vinnusambandi sínu. Þá er mikilvægt að geta haft samband við ráðgjafa sem geta leiðbeint þeim áfram. Við vitum hins vegar að það getur stundum verið erfitt fyrir einstakling sem hefur verið lengi heima vegna veikinda að taka upp símann og hringja í okkur, en það er mikilvægt að taka fyrsta skrefið. Stundum sjáum við töluverðan árangur eftir tiltölulega skamman tíma og í flestum tilvikum skilar starfið þeim árangri að fólk kemst sjálft af stað til að efla starfsgetu sína. Við heyrum líka að þeir sem hafa leitað til ráðgjafanna eru ánægðir með þessa þjónustu og finnst að þetta hafi hjálpað sér.“

Það skiptir verulegu máli að við erum hjá stéttarfélagunum, því þau eru hluti af tengslum fólks við vinnuna, líka hjá þeim sem eru í veikindaleyfi. Það er gjarnan stærra og erfiðara skref að hafa samband við opinbera stofnun. Oft er líka gott að koma á hlutlausan stað þar sem starfsmaðurinn getur rætt við okkur um mál sem honum

finnst erfitt að ræða í vinnunni. Það skiptir miklu máli að byrgja ekki áhyggjurnar innra með sér heldur setja í orð það sem er að. Að geta þannig létt af sér í samtali þar sem fullur trúnaður ríkir er stundum alveg nóg.

Við erum auðvitað ekki sérfræðingar í kjarasamningum BSRB-félaga og þurfum því oft að leita til viðkomandi stéttarfélags til að fá upplýsingar, eða vísun skjólstaðingum okkar til þeirra til að fá samningsbundinn rétt sinn á hreint. Þannig höfum við meðal annars haft mjög góða samvinnu við Sjúkraliðafélagið í starfi okkar, en félagið er með sérfróða starfsmenn sem þekkja allt sem varðar réttindi sjúkraliða.“

## Margir hafa blómstrað

Misjafnt er hvernig einstaklingar komast í samband við ráðgjafana.

„Þegar við vorum að byrja komu margir til

*„Það er jákvætt hversu duglegir sjúkraliðar hafa verið að leita til okkar til að ræða málin og finna úrræði sem styrkir þá í vinnunni“*

okkar í gegnum Styrktarsjóð BSRB, því þá vissi fólk almennt ekki af okkur,“ segja ráðgjafarnir. „Allir sem sækja um styrki í sjóðnum fá bréf með upplýsingum um að þessi þjónusta sé til staðar, og við fylgjum því síðan eftir með símtali til hvers og eins. Núna veit fólk miklu meira um ráðgjafarþjónustuna, meðal annars vegna þess að við förum á vinnustaði og kynnum starfseminna bæði fyrir starfsmönnum og stjórnendum. Það fer eins vaxandi að vinnuveitendur og stéttarfélag vísi fólki til okkar, og margir einstaklingar hringja í okkur að fyrri bragði. Við vísum engum frá, því að jafnvel þótt fólk sem hringir falli ekki undir okkar ráðgjöf þá getum við alltaf vísað þeim til réttra aðila.“

Margir sem komu til okkar fyrstu mánuðina höfðu verið lengi í veikindaleyfi og voru búnir með veikindaréttinn í vinnunni og voru að ljúka honum hjá sjúkrasjóðnum, en enginn hafði haft samband við þá. Þessir einstaklingar voru ansi vonlitlir til að byrja með, en hjá mörgum þeirra hefur vonin vaxið vegna þess að þeir fá aðstoð og hvatningu með þessari nýju þjónustu. Fólk er oft ótrúlega seigt og gaman að sjá hvað margir hafa blómstrað þegar þeir sjá að það er eitthvað annað framundan en að þurfa að fara á örorkulífeyri.“

Það er einnig misjafnt hversu lengi hver og einn þarf ráðgjöf.

„Við byrjuðum síðastliðið haust og margir þeir sem komu til okkar fyrstu mánuðina eru enn í eftirfylgd hjá okkur, sem þýðir að þeir koma öðru hverju til okkar eða þá að við

Sjúkraliði sem fékk aðstoð hjá Virk

# Núna hlakka ég til framtíðarinnar

„Mig langaði að verða aftur virkur þátttakandi í lífinu, en ég gat ekki lengur gegnt gamla starfinu mínu. Stéttarfélagið mitt benti mér á Starfsendurhæfingarsjóð og þótt ég vissi lítið hvaða hlutverki hann gegndi þá fannst mér ekki saka að tala við ráðgjafa. Mig grunaði ekki að ég fengi svona mikla aðstoð. Ráðgjafinn fór bókstaflega yfir allt með mér; hvort mig langaði að mennta mig meira, ég fékk aðstoð við að byrja í líkamsrækt, geðhjúkrunarfræðingur kemur í heimsókn til mín vikulega, fjármál fjölskyldunnar voru tekin í gegn og svona mætti lengi telja. Í mínu tilviki virðist hreinlega enginn vandi, sem þessir ráðgjafar geta ekki hjálpað mér að leysa úr. Það er algjörlega ómetanlegt að fá svona hjálp.“

Hjördís E. Þorkelsdóttir er rúmlega fertug, gift og fjögurra barna móðir. Hún starfaði sem sjúkraliði á Hrafnistu í Hafnarfirði, en þegar gigtarsjúkdómur fór að herja á hana varð hún að hætta störfum. Hún hafði líka fengið tugaáfall árið 2005, en segir að þótt hún hafi vissulega fengið aðstoð þá hafi eftirfylgnin ekki verið nein. „Eftir langvarandi erfiðleika, sem tengdust áhyggjum af fjölskyldunni, fjárhagnum og versnandi heilsufari, fékk ég annað áfall í febrúar 2009. Ég hvarf af vinnumarkaði og satt best að segja leit ekki út fyrir að ég ætti greiða leið í annað starf. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðaafélagsins, benti mér á Starfsendurhæfingarsjóð og sagði að þar gæti ég fengið hjálp til að komast af stað á ný.“

## Frábær aðstoð

Hjördís hitti ráðgjafa fyrst í október 2009. „Það var tekið afskaplega vel á móti mér. Ég skýrði frá stöðu minni og ráðgjafarnir, Soffía og Karen, spurðu mig mjög ítarlega út í alla hluti. Aðstoð þeirra var frábær og ég var strax miklu sporléttari eftir fyrstu heimsóknina. Ég hafði til dæmis gælt við að fara í nám og var þá alltaf að ihuga nám sem tengdist sjúkraliðastarfinu, til dæmis iðjuþjálfun eða hjúkrunarfræði. Hins vegar fann ég að ég



Hjördís E. Þorkelsdóttir dreif sig í að ljúka stúdentsprófi við Fjölbautaskólann í Breiðholti.

hafði ekki nægan áhuga á þessum fögum. Í viðtölunum hjá ráðgjöfunum tókst mér að greina betur hvað ég raunverulega vildi. Ráðgjafarnir fóru líka yfir nám mitt fram á þennandag, árinsemégvarí Menntaskólanum við Sund og í sjúkraliðanáminu og þá kom í ljós að ég á mjög stutt eftir í stúdentspróf. Sjálf hafði ég haldið að ég ætti 2-3 annir eftir, en nú veit ég að mér nægir að setjast á skólabekk í eina önn. Og þegar stúdentsprófið er í höfn ætla ég að fara í sálfræði við Háskóla Íslands. Ég hlakka óskaplega mikið til að byrja í námi aftur. Það er langt síðan ég hef hlakkað svona mikið til einhvers.“

Hjördís ætlar ekki aðeins að huga að námi, því líkaminn þarf einnig að styrkjast. „Ráðgjafarnir útveguðu mér þriggja mán-

*Áður var ég alltaf að hugsa um aðra og vanrækti sjálfa mig algjörlega. Það varð til þess að ég var að niðurlotum komin.*

áða kort í Sporhúsinu og þar tók þjálfari á móti mér og útskýrði hvað ég þyrfti að gera til að styrkjast og léttast. Þennan þjálfara hitti ég alls sex sinnum, til að fara yfir prógrammið sem hann fól mér að vinna eftir og ræða um árangurinn. Svo fengum við hjónin fjármálaráðgjöf. Þótt staðan sé slæm, þá létti okkur báðum mjög við að fá nákvæma úttekt á því hver hún raunverulega er. Núna vitum við hvað þarf að gera, horfumst í augu við vandamálin og tökumst á við þau í sameiningu. Þetta skiptir okkur bæði miklu máli. Ég veit að maðurinn minn var orðinn mjög þjakaður af fjárhagsáhyggjum, en samt ætlaði hann ekki að fást til að koma með mér í ráðgjöfina. Það eru auðvitað þung spor fyrir marga. En hann kom nú samt og sér ekki eftir því. Við sátum fimm daga námskeið, þar sem farið var yfir ýmis grunnatriði og svo fengum við sérstaka ráðgjöf. Þar var farið ítarlega í saumana á fjármálum okkar, en mannlegi þátturinn gleymdist ekki, því við fengum líka aðstoð við að skilja þau áhrif, sem fjárhagsvandinn hafði á tilfinningar okkar. Svo fengum við aðstoð við að semja þau bréf

sem þurfti til að koma fjármálunum í réttan farveg.“

Börnin finna vel að mömmu þeirra líður betur. „Þau eru næm á líðan manns og um leið og ég styrkist, styrkjast þau. Ég hef sjálf gert mér grein fyrir að ég er einstaklingur með eigin þarfir. Áður var ég alltaf að hugsa um aðra og vanrækti sjálfa mig algjörlega. Það varð til þess að ég var að niðurlotum komin og auðvitað var enginn styrkur í mér í þannig ástandi.“

## Vikulegar heimsóknir

Hjördís fer einu sinni í viku til Soffíu og Karenar. „Stuðningur þeirra er ómetanlegur, í stóru sem smáu. Karen lætur mig til dæmis skipuleggja tíma minn, sem ég hef aldrei gert áður, til að ég verði tilbúin í námið. Ég veit líka að þær sleppa ekkert af mér hendinni, þótt ég ljúki stúdentsprófinu. Þær ætla til dæmis að aðstoða mig við að sækja um háskólanámið. Ég veit líka að þær geta veitt góð ráð um námslán, sem ég þarf hugsanlega að taka þegar í Háskólann er komið. Núna fæ ég endurhæfingarlífeyri, af því að ég get ekki lengur starfað í mínu fagi.“

Hjördís segist hafa verið heppin að fá ábendingu um starf Starfsendurhæfingarsjóðs. „Það var frábært að lenda í svona góðum höndum. Ég vona að sem flestir eigi þess kost, ef þeir þurfa svona stuðning. En ég veit að margir þekkja ekkert til þessa starfs. Vinir mínir hváðu margir þegar ég sagði þeim af Starfsendurhæfingarsjóði og höfðu aldrei heyrt á hann minnst. Læknirinn minn var einn þeirra sem hafði enga hugmynd um að ég gæti fengið þessa aðstoð. Ég hef áhyggjur af því fólki, sem missir vinnuna eða verður að hætta að vinna af einhverjum orsökum og veit ekki af þessum möguleika. Sumir eru ekki í nægilega góðu sambandi við stéttarfélagið sitt, sem gæti bent á þetta.“

Hún segir líðanina hafa batnað um leið og hún fór að hitta ráðgjafana. „Meira að segja áður en ég var farin að móta líf mitt upp á nýtt leið mér miklu betur. Ráðgjafarnir höfðu lag á að byggja mig upp og núna hlakka ég til framhaldsins. Ef ég hefði ekki fengið þessa aðstoð væri ég áreiðanlega föst í sama doðanum og fyrr; ég fann ekki fyrir neinu nema þá helst vonleysinu. Og ég veit að ég hefði ekki getað gert þetta allt ein og óstudd; athugað stöðuna í náminu, farið að stunda ræktina eða á fjármálanámskeið. Ég var alltaf svo kvíðin, að ég reyndi meira að segja að forðast að tala við nokkurn mann í símann. Áður var ég alltaf svo félagslynd, en undanfarin ár hef ég helst viljað vera heima. Núna hlakka ég til framtíðarinnar.“



Ráðgjafarnir kynntu starfið á fundi með stjórn Sjúkraliðafélagsins síðastliðinn vetur.

tölum við þá í síma til að fylgjast með gangi mála. Enn aðrir eru þegar komnir með önnur úrræði, til dæmis breytingu í vinnunni eða komnir í skóla til að endurhæfa sig til nýrra starfa.

Við byrjum yfirleitt með vikulega fundi með einstaklingum til að fara yfir málin og finna bestu leiðirnar til úrbóta. Við leggjum áherslu á að fá fram viðhorf og markmið einstaklingsins og ræðum við hann um hvernig og hvenær hann sjái sig komast í vinnuna aftur og hvað það er sem hann treystir sér til að gera. Flestir hafa verið tilbúin til að leggja verulega á sig til að ná árangri. Þeir leita til okkar af því að þeir vilja komast aftur út á vinnumarkaðinn. Þeir eru kannski komnir með vinnugetu en geta ekki farið aftur í sama starf, oft vegna þess að það er of erfitt. Þegar úrræði er feng-

ið hittum við einstaklinginn sjaldnar, gjarnan á þriggja til fjögurra vikna fresti. Ef allt gengur vel höfum við samband eftir ákveðinn tíma til að heyra hvernig gengur. Okkur finnst einnig nauðsynlegt að vera með eftirfylgni eftir að fólk er aftur komið í vinnu, eða farið að auka vinnuhlutfallið, því stundum koma upp vandamál þegar fólk er að byrja að vinna á ný eftir langvarandi veikindi. Þess vegna hringjum við til að kanna hvernig þeim gengur og heyra í þeim hljóðið.“

Karen og Soffía minna á að sumir einstaklingar nái ekki heilsu til að fara aftur út á vinnumarkaðinn og þurfa því að fá örorkulífeyri en í þeim tilvikum sé afar mikilvægt að benda þeim á þá möguleika sem þeir hafa þrátt fyrir örorkuna. „Það er einfaldlega spurning um að auka lífsgæði fólks.“

## Hafið samband við ráðgjafana

Soffía Eiríksdóttir og Karen Björnsdóttir, ráðgjafar VIRK hjá BSRB, hafa aðsetur í húsnæði bandalagsins að Grettisgötu 89, Reykjavík. Hægt er að hringja í þær eða senda þeim tölvupóst.

Þær svara öllum beiðnum sem berast.

Vinnusími Soffíu er 525-8357, en tölvupóstur [soffia@bsrb.is](mailto:soffia@bsrb.is)

Vinnutími Karenar er 525-8386, en tölvupóstur [karen@bsrb.is](mailto:karen@bsrb.is)

# Hálendisferð sjúkraliða í ágúst

Sjúkraliðum stendur til boða skemmtileg ferð um Landmannalaugar og Fjallabaksleið syðri dagana 6.-9. ágúst. Skipuleggjandi ferðarinnar er Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir sjúkraliði og leiðsögumaður. Ferðin, sem er við allra hæfi, kostar 35 þúsund krónur á manninn.

Þetta er önnur tveggja ferða sem Úlfheiður hefur skipulagt fyrir sjúkraliða í sumar. Sú fyrri, um Snæfellsnes, var ítarlega kynnt í Orlofsblaði Sjúkraliðans, en hún verður farin 25.-27. júní næstkomandi og kostar 25 þúsund krónur fyrir félagsmenn en 35 þúsund fyrir maka.

Úlfheiður, sem hefur átt sæti í orlofsnefnd félagsins um árabil, hefur langa reynslu af að skipuleggja ferðir um hálendið fyrir vinnufélaga og vini. „Já, ég hef verið að skipuleggja ferðir upp á hálendið frá árinu 1998, nánast á hverju ári. Í fyrra skipulagði ég til dæmis gönguferð fyrir fimmtán konur um Jökulsárgljúfrin frá Dettifossi niður að Ásbyrgi.“

## Fékk áhugann sem barn

Úlfheiður útskrifaðist sem sjúkraliði árið 1987 og starfaði lengi á handlæknisdeildum, en er núna í samfélagsgeðteymi sem er nýtt úrræði fyrir langveika sjúklinga með geðraskanir. Teymið er á vegum LSH og hefur aðsetur við Reynimel. Hún hefur þannig unnið lengst af á Landspítalanum, en starfaði þó við heima-hjúkrun í Kópavogi í fimm ár.

Nú hefur Úlfheiður bætt við sig háskólanámi sem leiðsögumaður. Hvernig kom það til?

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á að ferðast um Ísland, allt frá því ég var barn,“ segir hún. „Þegar ég var tíu ára fór faðir minn að fara upp á hálendið. Þrátt fyrir mikla fötlun móður minnar fóru þau í mánaðarlangar ferðir á þeim tímum þegar nánast enginn var að ferðast um hálendi Íslands. Þau voru í samfloti við Guðmund Jónasson, sem var frumkvöðull á þessu sviði, og tóku mig með og þannig kynntist ég hálendinu mjög ung og heillaðist af landinu. Ég elska Ísland og íslenska náttúru og lít á þessa reynslu sem mikilvæga gjöf frá foreldrum mínum.“



Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir, sjúkraliði og leiðsögumaður, á ferð um Ódáðahraun, fegursta hraun landsins. Myndin er tekin á Gæsavatnaleið. Trölladyngja er í baksýn.


## Kaflaskipti í lífinu

Það blundaði lengi í mér að læra eitthvað sem tengdist hálendi Íslands og þegar ég missti manninn minn, sem var danskur, í janúar árið 2008 urðu kaflaskipti í lífi mínu,“ segir Úlfheiður. „Þá fór ég að velta því fyrir mér hvað ég ætti að gera við líf mitt; hvort ég ætti að halda áfram að starfa sem sjúkraliði eða reyna eitthvað nýtt. Ég sá auglýsingu frá Endurmenntun Háskóla Íslands um leiðsögunám á háskólastigi, sem þá stóð til boða í fyrsta

skipti hér á landi og er 60 eininga nám. Ég fór í inntökupróf og komst inn og varð þá að taka ákvörðun; átti ég að hella mér út í þetta nýja nám eða ekki? Mér fannst ég engu hafa að tapa og dreif mig því í leiðsögunámið haustið 2008. Akademískt nám var auðvitað alveg nýtt fyrir mig, enda gerði ég ekkert annað næstu misserin en að vinna og læra. Ég sé svo sannarlega ekki eftir því, þótt námið hafi verið mjög erfitt, sérstaklega að skrifa langar háskólaritgerðir, sem ég hafði aldrei gert áður. Mér kom á óvart hvað ég fékk mikinn áhuga á jarðfræði landsins; það opnuðust þar einhverjar dyr, ég fór inn í aðra veröld og var bara þar. Maður kynnist sjálfum sér vel við að takast á við slík ný verkefni.

Við fórum í margar ferðir í tengslum við námið, þar á meðal í hringferð í kringum landið þar sem við fengum tækifæri til að æfa okkur að tala í hljóðnemann í rúttunni og lýsa því sem fyrir augu bar. Í hópnum var fólk á öllum aldri; sá elsti var 75 ára, en sá yngsti 24. Við urðum öll

„Ég kynntist  
hálendinu mjög  
ung og heillaðist af  
landinu“



Gönguleiðin er fyrir austan Heklu og norðan Mýrdalsjökul

## Landmannalaugar og Fjallabaksleið syðri

**Fjögurra daga ferð sjúkraliða upp í Landmannalaugar og um Fjallabaksleið syðri 6.-9. ágúst 2010. Farið verður um Hrafninnusker, Strútslaug, Skælinga, Eldgjá, Ófæru, Sveinstind og Langasjó.**

**Verð á mann: 35 þúsund krónur.**

**Almennur farangur hvers og eins:** Svefnpoki, bakpoki, gönguskór, göngustafir (val), vatnsflaska, hitabrúsi, sólgleraugu, sólvarnarkrem, derhúfa, sjónauki, eldspýtur, flugnanet (val), eyrnatappar (val), handklæði, tannbursti, tannkrem, vaðskór.

**Fatnaður:** Jakki úr vatnsheldu efni, utanyfirbuxur úr sama efni, göngubuxur, tvö pör ullarsokkar, vettlingar, ullarhúfa eða lambhúshetta, nærskyrtta úr ull, silki eða gerviefni, síðar nærbuxur úr ull, silki eða gerviefni, lopapeysa eða þykk flíspeysa, sundföt.

góðir vinir og höldum enn sambandi.“ Úlfheiður útskrifaðist sem leiðsögumaður í febrúar á þessu ári.

### „Njóta frekar en þjóta“

Úlfheiður segist hafa skipulagt ferðirnar fyrir Sjúkraliðafélag Íslands með það í huga að þær væru auðveldar fyrir alla. „Að njóta frekar en þjóta“ er kjörorð hennar við skipulagningu ferðanna. Þeir sem treysta sér ekki til að ganga geta sleppt gönguferðunum en samt notið ferðanna.

„Hálendisferðin er líka fyrir alla,“ segir hún. „Fyrsta daginn er ekið upp í Landmannalaugar, en hvergi annars staðar á landinu finnst þvílíkt samansafn af litum og formum. Þar förum við í stuttar göngur og í laugina og gistum í Landmannahelli, en þar er nýlegur gistiskáli.“

Síðan verður farin Fjallabaksleið syðri, en hún var reyndar lokaverkefni mitt í leiðsögunáminu. Dag tvö verður ekið í Hrafninnusker, sem er fyrir austan Heklu. Útsýni er mikið og gott af Skerinu, sem er á gönguleiðinni milli

Þórsmerkur og Landmannalauga, en fjöldinn allur af litskrúðugum hverum er þar allt í kring. Gist verður í Strútsskála, sem var byggður haustið 2002 og er með olúkyndingu, eldunarstöðu og vatnssalerni.

Þriðja daginn verður fyrst gengið um Strútsstíg að Strútslaug, sem stendur á afar fallegu og vel grónu svæði undir hlíðum Torfajökuls. Þaðan verður ekið í Skælinga sem eru á Skaftártunguafretti. Gist verður í skála við Sveinstind.

Fjórða daginn ökum við að Eldgjá, sem er 50 kílómetra löng gossprungu sem liggur norður frá Mýrdalsjökli að Gjátindi og er einstakt náttúrufyrirbrigði. Þaðan verður síðan ekið til Reykjavíkur sunnan Búlands um Skaftártungu og yfir Eldvatn hjá Ásum á hringvegi 1.“

Úlfheiður mun funda sérstaklega með þeim sjúkraliðum sem ætla í ferðina um það bil viku fyrir brottför og fara yfir allt sem varðar ferðaáætlun og útbúnað þátttakenda. Hámarksfjöldi þátttakenda er 26 með bílstjóra og leiðsögumanni.

## Landspítalinn Pláss fyrir nema

Samdráttur og niðurskurður hefur haft áhrif á starfsþjálfun sjúkraliða á Landspítalanum. Ljóst var um miðjan vetur að plássum fækkaði, en í maí var staðan sú að spítalinn gat tekið við fleiri nemum en voru með virka umsókn.

„Fjárhagsvandi íslensks samfélags birtist á ýmsan hátt á Landspítala,“ segir Svava Kr. Þorleifsdóttir, deildarstjóri starfsumhverfisdeildar mannaúðssviði Landspítala. „Áhrifin á nám sjúkraliða voru fyrri hluta ársins sú að plássum fyrir launaða starfsþjálfun sjúkraliðanema fækkaði. Þetta var ljóst strax í desember og átti þá spítalinn fund með stjórnendum FB, FÁ og FSU. Um 2/3 þeirra nemenda sem sóttu um starfsþjálfun þetta tímabil fengu pláss.“

„Í byrjun maí var staðan hins vegar orðin sú að spítalinn gat tekið við fleiri nemum en voru með virka umsókn. Vegna talsverðra skipulagsbreytinga í starfsemi sumarsins reyndist ekki unnt að láta sjúkraliðanema vita með nægum fyrirvara um námspláss og nemarnir voru búnir að ráða sig á aðrar heilbrigðisstofnanir þegar niðurstaða um pláss var skýr. Landspítala þykir afar leitt að hafa ekki getað orðið við óskum allra nemenda. Spítalinn hvetur sjúkraliðanema til að sækja um námspláss með góðum fyrirvara fyrir næsta námsár og skila inn vel unnum umsóknum,“ segir Svava.

## Starfsþróunarsjóður Enn hækkar styrkurinn

Stjórn Starfsþróunarsjóðs Sjúkraliðafélags Íslands ákvað á fundi 26. maí að hækka styrkin úr sjóðnum um 30.000 krónur.

Styrkurinn var 70.000 krónur en verður 100.000 krónur frá og með 1. júní 2010.

Einnig var ákveðið að hluti þessa styrkj- ar geti verið ferðastyrkur. Verið er að útfæra reglur varðandi ferðastyrkin.

Lágmarksmönnun á hjúkrunarheimilum

# Brýnt að ákveða grundvallarviðmið

„Mikilvægt er að Landlæknisembættið, heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið séu sammála um grundvallarviðmið í mönnun hjúkrunarheimila, bæði hvað varðar hlutfallslega skiptingu og fjölda stöðugilda. Því mun embættið óska eftir samstarfi við þau ráðuneyti auk sérfróðra aðila. Brýnt er að þessari vinnu verði hraðað sem mest,“ segir í greinargerð Landlæknisembættisins um mönnun á hjúkrunarheimilum. Þótt greinargerðin hafi verið lögð fram í janúar síðastliðinn hafði embættið ekki fengið nein viðbrögð frá ráðuneytunum þegar síðast fréttist.

Landlæknisembættið óskaði eftir upplýsingum um mönnun frá alls 46 hjúkrunarheimilum haustið 2009. Ekki var óskað eftir upplýsingum um mönnun varðandi hjúkrunarrými sem tilheyra sjúkrahúsum eða heilbrigðisstofnunum, þar sem mönnun er með öðrum hætti. Upplýsingasöfnunin var hluti af eftirliti embættisins með áhrifum sparnaðaraðgerða á gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar. Samstarf var við heilbrigðisráðuneytið (HBR) í vinnuferlinu.

## Afar mismunandi mönnun

Hjúkrunarheimilin eru mjög mismunandi að stærð, með allt frá 3-187 hjúkrunarrými. Í ljósi þessa var ákveðið að skipta þeim í fimm flokka eftir fjölda hjúkrunarrýma til að auðvelda samanburð. Í ljós kom að hlutfall hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða af heildarmönnun er afar mismunandi eftir heimilum:



Eitt stóru hjúkrunarheimilanna – Eir í Grafarvogi.

1. Heimili með undir 10 hjúkrunarrými (7 heimili): Hjúkrunarfræðingar voru 0-25,4% af heildarmönnun en sjúkraliðar 0-30,2% af heildarmönnun. Fjöldi stöðugilda sem koma að beinni þjónustu við íbúa voru 5,7-12,6. Þrjú heimili eru með bakvakt hjúkrunarfræðinga, en 4 heimili ekki.
2. Heimili með 10-29 hjúkrunarrými (19 heimili): Hjúkrunarfræðingar 4,4-21,2% af heildarmönnun en sjúkraliðar 0-65,9% af heildarmönnun. Fjöldi stöðugilda sem koma að beinni þjónustu við íbúa eru 9-27,05. Sextán heimili með bakvakt hjúkrunarfræðinga, 1 heimili að hluta til, 2 heimili ekki.
3. Heimili með 30-49 hjúkrunarrými (9 heimili): Hjúkrunarfræðingar 9,3-19,2% af heildarmönnun, en sjúkraliðar 16,9-47,8% af heildarmönnun. Fjöldi stöðugilda sem koma að beinni þjónustu við íbúa 19,3-

42,3. Bakvakt hjúkrunarfræðings eða staðbundin vakt á öllum heimilum.

4. Heimili með 50-100 hjúkrunarrými (5 heimili): Hjúkrunarfræðingar 9,5-18,1% af heildarmönnun, en sjúkraliðar 14-36,6% af heildarmönnun. Fjöldi stöðugilda sem koma að beinni þjónustu við íbúa 58,23-88,72. Bakvakt hjúkrunarfræðings eða staðbundin vakt á öllum heimilum.
5. Heimili með eira en 100 hjúkrunarrými (6 heimili): Hjúkrunarfræðingar 8-15,1% af heildarmönnun, en sjúkraliðar 13,7-34,7% af heildarmönnun. Fjöldi stöðugilda sem koma að beinni þjónustu við íbúa 92,25-192,59. Bakvakt hjúkrunarfræðings eða staðbundin vakt á öllum heimilum.

## Viðmið um æskilega mönnun

Í greinargerðinni segir að hvað varðar viðmið um æskilega mönnun á hjúkrunarheimilum hafi Landlæknisembættið miðað við tvennt:

1. Ábendingar gæðaráðs Landlæknisembættisins í öldrunarhjúkrun um hjúkrunarmönnun á öldrunarstofnunum frá árinu 2001.
2. Mönnun á hjúkrunarheimilum samkvæmt reiknilíkani heilbrigðisráðuneytisins.

„Landlæknisembættið mun út frá þeim upplýsingum sem borist hafa frá hjúkrunarheimilunum leitast við að setja fram viðmið um lágmarksmönnun á hjúkrunarheimilum til að tryggja öryggi þjónustunnar,“ segir í greinargerð embættisins.

## Hvað er fullnægjandi hjúkrun?

Árið 2001 ákvað gæðaráð Landlæknisembættisins í öldrunarhjúkrun mönnunarlíkón fyrir fullnægjandi hjúkrun á hjúkrunarheimili. Þar var „einvörðungu gert ráð fyrir hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum við umönnunina. Ef ekki fæst faglært fólk til

starfa þarf í sumum tilvikum að grípa til þess ráðs að manna stöðugildi með ófaglærðu starfsfólki. Sé stór hluti stöðugilda settinn af ófaglærðu fólki þarf að gera ráð fyrir að þörf verði fyrir meiri mönnun.“

Fjöldi stöðugilda í hjúkrunarrými þar sem dvelja 12 aldraðir einstaklingar:	
Hjúkrunarfræðingar	4,6
Sjúkraliðar	8,0
Stöðugildi samtals	12,6
Hjúkrunarklukkustundir á sjúkling á sólarhring	6,0.

Fjöldi stöðugilda í hjúkrunarrými þar sem dvelja 18 aldraðir einstaklingar:	
Hjúkrunarfræðingar	5,2
Sjúkraliðar	10,8
Stöðugildi samtals	16,0
Hjúkrunarklukkustundir á sjúkling á sólarhring	5,08.

Fjöldi stöðugilda í hjúkrunarrými þar sem dvelja 24 aldraðir einstaklingar:	
Hjúkrunarfræðingar	7,5
Sjúkraliðar	13,6
Stöðugildi samtals	21,1
Hjúkrunarklukkustundir á sjúkling á sólarhring	5,02.



Gjaldeyrissamningar lífeyrissjóðanna við bankana fyrir hrun

# Leit að skjótfengnum gróða?

Rannsóknarnefnd Alþingis telur „það umhugsunarvert að þeir þrír lífeyrissjóðir sem kannaðir voru hafi aukið varnir þegar krónan tók að veikjast sem bendir til þess að sjóðirnir, sem eiga að vera með langtímafjárfestingarmarkmið, hafi verið að vonast eftir skjótfengnum ágóða á gjaldeyrismarkaði,“ segir í skýrslu Rannsóknarnefndarinnar.

Við skoðun á gjaldeyrissviðskiptum bankanna þriggja kom í ljós að umsvif íslenskra lífeyrissjóða voru talsverð í slíkum viðskiptum.


Fram kemur í fjórða bindi skýrslunnar að „lífeyrissjóðir landsins voru stærstu seljendur erlendar myntar framvirkt á árinu 2008, sérstaklega hjá Kaupþingi og Glitni.“

Rannsóknarnefndin tók til skoðunar gjaldeyrissviðskipti þriggja stærstu lífeyrissjóða landsins, þ.e. Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Gildis-lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóða Bankastræti 7, en Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 er sameiginlegt rekstrarfélag Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.

## Gjaldeyrissvornir

„Lífeyrissjóðirnir hafa allir heimild til þess að verja ákveðnum hluta af fjármunum sínum í erlendar fjárfestingar, svo sem til kaupa á erlendum hlutabréfum eða skuldabréfum. Kjósi sjóðstjórar viðkomandi lífeyrissjóðs að nýta þessa heimild ber sjóðurinn, eðli málsins samkvæmt, áhættu vegna hugsanlegra gengisbreytinga íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Styrkist gengi krónunnar lækka viðkomandi eignir í verði í krónum talið en hækka í verði ef krónan veikist,“ segir í skýrslunni.

„Þar sem tekjur og útgjöld lífeyrissjóða eru í íslenskum krónum getur þótt æskilegt að minnka þessa áhættu án þess þó að draga úr möguleikum sjóðsins til að ná fram ákjósanlegri áhættudreifingu á erlendum fjármálamörkuðum. Lífeyrissjóðir hafa því í auknum mæli gert framvirka gjald-



Staða gjaldeyrissamninga Lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins. Hér sést að staða samninganna helst tiltölulega lág allt fram til ársins 2007 þegar staða framvirkra samninga og skiptasamninga hækkar talsvert. Þannig nær neikvæð heildarstaða framvirkra samninga sjóðsins hámarki í lok mars 2008 og er hún þá neikvæð upp á um 300 milljónir evra en við hrun bankanna er hún neikvæð um tæplega 179 milljónir evra. Sé einnig lögð við neikvæð staða gjaldeyrisskiptasamninga sjóðsins þá nær staðan hámarki í lok júní 2008 og er þá neikvæð um tæplega 687 milljónir evra við fall bankanna.

eyrissamninga þar sem skuldbindingin er að ákveðið magn af gjaldeyri er selt fyrir íslenskar krónur á gjaldþaga samningsins. Þannig tryggðu lífeyrissjóðirnir sér ákveðið verð á íslenskum krónum fram í tímann, án þess að selja erlend verðbréf sín, og því hafa gengisbreytingar íslensku krónunnar ekki áhrif á afkomu sjóðsins að því er varðar þá upphæð sem samningurinn kveður á um. Það er svo matsatriði að hve miklu leyti heppilegt er að verja erlendar eignir á þennan hátt og þarf það mat að taka mið af

útgjöldum sjóðsins til sjóðfélaga sinna sem og langtímafjárfestingastefnu sjóðsins.“

Í sameinuðum ársreikningi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga fyrir árið 2007 kemur fram að um áramótin hafi erlendar eignir sjóðsins numið rétt rúmum 700 milljónum evra. Framkvæmdastjóri hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins sagði að gerð samninga til að verja erlendar eignir gegn gjaldmiðlahreyfingum hefði verið hluti af stefnu sjóðsins.

„Það vekur athygli að þessar varnir jukust þegar krónan veiktist sem gefur til kynna að þessu hafi verið stýrt á virkan hátt í stað þess að ákveðið fast hlutfall erlendu eignarinnar hafi verið varið. Ummæli stjórnenda sjóðanna skjóta einnig stoðum undir þá ályktun. Það er því ljóst að þessir lífeyrissjóðir væntu þess að íslenska krónan ætti eftir að styrkjast,“ segir í skýrslunni.

## Skammtímasjónarmið

„Það er vert að benda á að lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og þessir varnarsamningar, hvort sem þeir voru framvirkir gjaldeyrissamningar eða gjaldmiðlaskiptasamningar, voru yfirleitt til skamms tíma. Við slíkar aðstæður myndast mótáðilaáhætta meðal annars, sem getur falið í sér að lífeyrissjóðirnir verða að innleysa samningana þegar þeir eru ekki að flytja erlendan gjaldeyri inn í landið. Þetta var í raun það sem gerðist í október 2008 en þá stóðu lífeyrissjóðirnir frammi fyrir því að þeir gætu neyðst til að gera upp gjaldmiðlaskiptasamninga á mjög óhagstæðu gengi án þess að tímabært væri að leysa inn stóra hluta erlendu eignanna,“ segir í skýrslunni.

Þar kemur einnig fram að Rannsóknarnefnd Alþingis aflaði álits erlends sérfræðings á því hvort lífeyrissjóðir ættu almennt að verja erlendar eignir sínar. Svar sérfræðingsins „felur í sér að almennt sé ekki hægt að mæla með skammtímaörnum á langtímaeignir. Þegar litið væri til þess að íslensku lífeyrissjóðirnir væru enn að auka við eignir sínar, bæði innlendar og erlendar, benti erlendi sérfræðingurinn á að mikilvægt væri að horfa til þess hvort erlendu fjárfestingarnar væru „ódyrar“ í krónum talið. Það er ef virði krónunnar eykst þá yrði erlend fjárfesting ódyr í krónum og þá ætti að auka við hana, en öfugt ef virði krónunnar minnkar. Því ætti að auka erlendar fjárfestingar þegar krónan er sterk. Sú stefna næst fram t.d. með því að hafa fast hlutfall eigna í erlendum myntum. Benti hann á að skammtímasveiflur á verðmæti eignanna skipti í raun ekki máli. Skoðanir á því hvort lífeyrissjóðir eigi að verja erlendar eignir sínar fyrir gjaldeyrissveiflum eru mismunandi, en hvað sem því líður telur rannsóknarnefnd Alþingis það umhugsunarvert að þeir þrír lífeyrissjóðir sem kannaðir voru hafi aukið varnir þegar krónan tók að veikjast sem bendir til þess að sjóðirnir, sem eiga að vera með langtímafjárfestingarmarkmið, hafi verið að vonast eftir skjótfengnum ágóða á gjaldeyrismarkaði,“ segir í skýrslu Rannsóknarnefndarinnar.

## Sárlega skorti skýrar reglur um starfshætti

# Kallar á sérstaka rannsókn

„Margt er óljóst um stöðu lífeyrissjóðanna og starfshætti þeirra en málefni þeirra kalla á sérstaka rannsókn og greiningu sem ekki var unnt að gera af rannsóknarnefnd Alþingis,“ segir í níunda bindi skýrslu nefndarinnar sem telur „áríðandi að vonduð umræða fari fram um hlutverk þeirra í framtíðinni, starfshætti og fjárfestingarstefnu.“

„Mikil umsvif lífeyrissjóðanna vekja upp spurningar um hvort og þá hvernig þeir beiti sér í íslensku viðskiptalífi,“ segir ennfremur í skýrslunni. „Að mörgu leyti má segja að lífeyrissjóðirnir hafi verið vanbúnir að bregðast við þeim gífurlegu breytingum sem urðu á íslensku viðskiptalífi á síðustu tíu árum. Þrátt fyrir fjárhagslegan styrk sinn virðast þeir hafa verið hart leiknir í því ástandi sem skapaðist.“

## Skorti skýrar reglur

Í niðurstöðum þessa hluta skýrslunnar segir ennfremur að í stöðu og starfsháttum lífeyrissjóðanna kristallist mörg vandamál sem hafa einkennt íslenskt viðskiptalíf á síðustu árum:

„Sárlega skorti skýrar reglur hjá lífeyrissjóðunum um starfshætti, ekki síst um boðsferðir og gjafir. Slíkar reglur eru til þess fallnar að auðvelda fólki að standast freistingar og þrýsting utan frá og auka trúverðugleika gagnvart almenningi.

Í íslensku viðskiptalífi og stjórnkerfi hafa starfshættir oftar en ekki verið byggðir á matskenndum reglum eða óskýrum hefðum og á það við um lífeyrissjóðina eins og aðra. Í litlu samfélagi þar sem tengsl eru náin eru skýrar reglur enn mikilvægari og geta verið árangursríkt tæki til að efla þá varnarmúra sem eru nauðsynlegir í starfsemi lífeyrissjóðanna. Á meðan íslenskir lífeyrissjóðir fjárfesta að stórum hluta hér á landi er enn mikilvægara að reglurnar séu skýrar.

Einn maður í níu manna stjórn Kaupþings mátti sín lítils og eins og dæmin sanna lentu fulltrúar lífeyrissjóðanna á milli í átökum valdablokka. Að auki var umhverfi íslensks viðskiptalífs drifið áfram af skammtímahagsmunum sem er langtímafjárfestum eins og lífeyrissjóðum andsnúið. Loks var vandi lífeyrissjóðanna mikill sem stórs fjárfestis á mjög grunnnum hlutabréfmarkaði þar sem fyrirtækjum á markaði fækkaði frekar en hitt. Í slíku umhverfi getur verið vandkvæðum bundið að losa eignir án þess að eiga á hættu að verðlækki sem aftur getur haft áhrif á afkomu lífeyrissjóðanna.“

## Hvað þarf að gera?

Í skýrslu Rannsóknarnefndarinnar segir að draga verði eftirfarandi lærdóma af hremmingum lífeyrissjóðanna í bankahruninu:

- Standa verður vörð um sjálfstæði lífeyrissjóðanna svo þeir geti sem best sinnt því meginhlutverki sínu að ávaxta lífeyri landsmanna. Dæmi eru um að stjórnarmenn lífeyrissjóðanna hafi átt í vök að verjast gagnvart þrýstingi fyrirtækja, einkum þar sem margir félagar þeirra voru við störf. Huga þarf að því hvernig hægt er að verja stjórnarmenn gegn slíkum þrýstingi.
- Vonduð umræða þarf að fara fram um fjárfestingarstefnu sjóðanna í framtíðinni í ljósi þess taps sem þeir standa frammi fyrir, þar sem m.a. verði rætt um að hve miklu leyti þeir fjárfesti erlendis og hér á landi og hvernig þeir þjóna almannahagsmunum sem best.
- Setja þarf siðareglur um starfsemi lífeyrissjóðanna þar sem tekið er á samskiptum starfsmanna við fyrirtæki.

## Reykjavíkurseildin

# Félagar ríflega tólf hundruð

Fram kom á aðalfundi Reykjavíkurseildar sjúkraliða í nóvember síðastliðnum að í deildinni voru 1220 starfandi sjúkraliðar, 37 karlmenn og 1183 konur, og er þetta langfjölmennasta deild Sjúkraliðafélags Íslands.

Jóhanna Traustadóttir, formaður deildarinnar, flutti skýrslu stjórnar og sagði að stjórnin hefðu fundað 14 sinnum á starfsárinu. Haldnir voru fjórir trúnaðarmannafundir í BSRB-salnum fyrri hluta ársins og góð mæting á þá alla. Síðastliðið haust var ákveðið að bjóða trúnaðarmönnum upp á opið hús. Það heppnaðist mjög vel og var ákveðið að halda því áfram. Reykjavíkurseildin fékk Kristínu Á. Guðmundsdóttur, formann félagsins, til að koma á nokkra af fundunum og spjalla við trúnaðarmenn.

Enn er mikil vanskraning hjá trúnaðarmönnum í Reykjavíkurseildinni, sagði Jóhanna. Nú er enn mikilvægara fyrir trúnaðarmenn að hafa þessi mál í lagi vegna þeirra sparnaðaraðgerða sem eru í gangi á öllum stofnunum. Mikilvægt er því að trúnaðarmaður sé á hverri einingu þar sem fimm og fleiri sjúkraliðar starfa saman og að þeir séu vel vakandi yfir því að ekki sé brotið á sjúkraliðum.

Farið var að hausti og vori í Fjölbraut í Ármúla (FÁ) og Fjölbraut í Breiðholti (FB) ásamt fræðslunefnd SLFÍ og Ungliðadeild SLFÍ og haldin kynning á Sjúkraliðafélaginu og deildunum. Fulltrúi Reykjavíkurseildar var ásamt fulltrúa Ungliðadeildar SLFÍ viðstaddur útskriftir sjúkraliða úr FB og FÁ á þessu starfsári. Að þessu sinni útskrifuðust úr FÁ 19 sjúkraliðar og úr FB 41 sjúkraliði, samtals 60 nýir sjúkraliðar. Við það tækifæri færði Reykjavíkurseildin öllum útskriftarnemum rósir og heillaóskir frá Sjúkraliðafélagi Íslands.

## Fundir og samkomur

Í janúar var hafist handa við undirbúning þorablóts deildarinnar sem haldið var 13. febrúar 2009. Nánast var uppselt á þorablótið þetta árið en boðið var upp á þorramat frá Múlakaffi. Happadrættið vakti mikla lukku að vanda. Davíð Ólafsson og



Á aðalfundi Reykjavíkurseildarinnar, frá vinstri: Sigurður Hilmar Gíslason, Birkir Högnason, formaður Ungliðadeildar, og Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins.

Stefán Helgi Stefánsson söngvarar sáu um skemmtiatriði, en Viðar Jónsson um tónlistina. Mjög gaman var að sjá hve margir sjúkraliðar sáu sér fært að mæta á þorablótið og skemmtu sér vel þessa kvöldstund.

1. maí þetta árið gengu þó nokkrir sjúkraliðar undir fána félagsins þrátt fyrir leiðinda veður á baráttudegi verkalýðsins. Fulltrúaþing SLFÍ var haldið 12. maí. Reykjavíkurseildin átti þar 13 fulltrúa. Í lok maí bauð stjórn Reykjavíkurseildarinnar öllum þeim sjúkraliðum sem unnu við skipulagningu þorablóts og þökkun vaktabókarinnar út að borða í

þakklætisskyni. Að þessu sinni var farið á veitingastaðinn Pósthúsið og áttum við þar mjög ánægjulega kvöldstund saman. 9. júní fór formaður deildarinnar í hina árlegu sumarferð Eftirlaunadeildar SLFÍ, en farið var austur fyrir fjall og skoðaðar uppsveitir Suðurlands. Deildin átti þó nokkra fulltrúa á þingi BSRB sem var haldið í október á Grand hóteli og stóð í þrjá daga. Í Reykjavíkurseildinni eru starfandi 5 nefndir: Fræðslu- og skemmtinefnd, fjáröflunarnefnd, uppstillinganefnd, kjörstjórn og kjaramálanefnd.

Gaman er að geta þess að á ársfundi Landspítala Háskólasjúkrahús í maí voru níu starfsmenn heiðraðir fyrir vel unnin störf þar á meðal var Anna Friða Harðardóttir sjúkraliði. Reykjavíkurseildin óskar Önnu Friðu innilega til hamingju.

Að lokum langar mig að þakka sjúkraliðum í Reykjavíkurseildinni fyrir alla þá vinnu sem þeir unnu á síðasta starfsári deildarinnar og allan þann stuðning sem ég hef fengið sem formaður deildarinnar, sagði Jóhanna.

Meðstjórnendur deildarinnar eru Ingibjörg Jóhannsdóttir, Jóna J. Sveinsdóttir, Birna Helgadóttir og Hulda Ragnarsdóttir. Varamaður í stjórn er Birkir Högnason.

*Mikilvægt er að trúnaðarmaður sé á hverri einingu þar sem fimm og fleiri sjúkraliðar starfa saman og að þeir séu vel vakandi yfir því að ekki sé brotið á sjúkraliðum.*

## Norðurland vestra Fimm í framhalds- námi

Aðalfundur deildar sjúkraliða á Norðurlandi vestra var haldinn á Gauksmýri fimmtudaginn 26. nóvember síðastliðinn, það er á Evrópuþegi sjúkraliða. Fundurinn var einnig með jólalegu yfirbragði því allir fundarmenn komu með lítinn jólapakka.

Fráfarandi formaður, Sigríður Karlsdóttir á Hvammstanga, flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2008–2009. Fram kom í máli hennar að í deildinni eru 58 félagsmenn.

Á síðastliðnu starfsári hélt stjórnin fimm fundi og einn almennan félagsfund. Formaður sótti félagsstjórnarfundi og Fulltrúáþing. Guðrún Helga Marteinsdóttir sjúkraliði var fulltrúi deildarinnar á þingi BSRB.

Í deildinni okkar eru fimm sjúkraliðar í framhaldsnámi í öldrunarhjúkrun. Það er ánægjulegt og vonandi að yfirmenn hjúkrunar nýti sér þá þekkingu, sagði Sigríður.

### Verum virk!

Það er nauðsynlegt að vera vel upplýstur um félagið sitt og við erum svo heppin að eiga greiðan aðgang að því bæði í gegnum skrifstofu Sjúkraliðafélagsins og einnig blaðið okkar, Sjúkraliðann. En það er líka nauðsynlegt að við séum virkir félagsmenn sem stöndum saman, komum með tillögur um hvað má betur fara. Samstaða er afl sem ekkert fær staðist!

Formaður hverrar deildar á sæti í aðalstjórn SLFÍ og því getum við haft áhrif ef við viljum. Það er gaman að vinna með því góða fólki sem stjórnar Sjúkraliðafélaginu, sama hver er, þetta eru því líkir reynsluboltar. Svo er mikill kostur að þarna þorir maður að láta allt fjúka ef þörf krefur – málin eru afgreidd og búið spil, sagði Sigríður.

Á aðalfundinum tók ný stjórn við deildinni. Formaður er Albert Stefánsson, Blönduósi, varaformaður Helga Marteinsdóttir, Hvammstanga, gjaldkeri Stefanía Jónsdóttir, Sauðárkróki, ritari Guðrún Björnsdóttir, Sauðárkróki, og meðstjórnendur Katrín Líndal, Blönduósi, og Ellen Haraldsdóttir, Sauðárkróki.

Endurskoðendur eru Hanna Jørgensen, Blönduósi og Sigríður Karlsdóttir, Hvammstanga.



Hópur sjúkraliða á Ísafirði. Myndin var tekin í vinnustaðaheimsókn Sjúkraliðans.

## Vestfjaðadeild sjúkraliða

# Tuttugu ára afmæli fagnað

Góð mæting var á aðalfundi Vestfjarðadeildar sjúkraliða, sem haldinn var 6. nóvember síðastliðinn í Golfskála Ísafirðinga, en um þrjátíu sjúkraliðar mættu. Þær breytingar urðu á stjórn deildarinnar að Fanný M. Bjarnadóttir lét af störfum ritara, en í hennar stað kom Ragnheiður Ása Ingadóttir.

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum var haldið upp á 20 ára afmæli deildarinnar sem var 9. nóvember. - Í tilefni afmælisins fékk deildin 20 þúsund krónur styrk frá félaginu, segir Guðlaug I. Sveinbjörnsdóttir, formaður deildarinnar. - Við ákváðum að gera eitthvað skemmtilegt í tilefni afmælisins og þema kvöldins var í anda sjöunda áratugarins sem lukkaðist mjög vel. Í tilefni dagsins elduðum við dýrindis kjúklingarétt ásamt ýmsu meðlæti, súkkulaðiköku með ís í eftirrétt og kendu allt þetta rann ljúft niður í sjúkraliðana, sem gerði góða lukku. Mikil var spjallað og var farið í leiki fram eftir kvöldi og skemmtum við okkur yfir ýmsum uppátækjum sjúkraliðanna sem voru tilbúnar að hressa ærlega uppá hópinn. Í lokin var skálað fyrir afmælisbarninu.

### Fundir og námskeið

Formaður deildarinnar sagði meðal annars í skýrslu fyrir starfsárið 2008-2009:

- Haldnir voru nokkrir stjórnarfundir innan deildarinnar þetta árið og fjórir deildarfundir. Jólafundurinn var hjá Lóu Guðmundsdóttur sjúkraliða, að vanda var þar margt um manninn, vel var tekið á móti okkur að hætti húsmóðurinnar og áttum við þar góða kvöldstund yfir mat og drykk. Þann 26. mars fengum við Auði Ólafsdóttir og Hörpu Guðmundsdóttir til að vera með námskeið fyrir sjúkraliða um samvinnu, liðsheild, hrós og gagnrýni. Þetta var mjög gott námskeið, allir þurfa að staldra aðeins við og hugsa áður að maður talar og jafnvel framkvæmir. Sjúkraliðar sóttu einnig námskeiðið Blátt áfram hjá Sólstaðskonum 4. apríl. Á vorfundi okkar 9. júní fengum við Árna Hafstað frá Dómus Medica til að kenna okkur á heyrnartæki og meðhöndlun á þeim. Hann kynnti fyrir okkur ýmsar gerðir heyrnartækja og hjálpartækja.

Birna Ólafsdóttir og Birkir Högnason komu vestur í mars og héldu fund með sjúkraliðanemum og kennara. Birna kynnti fyrir nemum Sjúkraliðafélagið, en Birkir ungliðahreyfingu félagsins. Ólafía Sif Magnúsdóttir, ungur sjúkraliði á Ísafirði sagði frá námi sínu í Heilbrigðiskólanum við Ármúla og einnig á Ísafirði, og frá verknáminu sem hún tók að mestu leyti á Reykjavíkursvæðinu. Hún hvatti nemendur til að víkka sjóndeildarhringinn með því að taka verknámið líka á stóru spítölunum þar ef þess væri einhver kostur. Bæði nemendur og kennari voru mjög ánægð með heimsóknina og upplifðu það að vel væri hugsað um sjúkraliða í heild sinni og að félaginu væri umhugað um hvern sjúkraliða. Deildin tók einnig þátt í Evrópuþegi sjúkraliða 26. nóvember með því að hafa fund í sal Stjórnsýsluhússins á Ísafirði; boðið var uppá kaffi og smákök meðan á fundi stóð. Við fengum Auði Ólafsdóttur hjúkrunarfræðing og Hörpu Guðmundsdóttur iðjuþjálf til að sjá um erindi fyrir deildina.

Skemmti- og fræðslunefnd stóð fyrir haustferð sjúkraliða inn í Heydal 18.-19. september. Það endaði eins og svo oft áður að það var fámennt en góðmennt. Við skemmtum okkur mjög vel saman. Í sveitasælunni fengum við mjög gott veður algjört óskaveður, góðan og mikinn mat, best þótti okkur að við vorum lausar við uppvaskið. Þarna var heitur náttúrurpottur sem við lögðumst í og létum líða úr okkur stíðleika eftir göngutúrinn. Í Heydal er öll aðstaða frábær það er alveg hægt að mæla með þessum stað ef fólk vill slappa af í fámenninu og vill njóta náttúrunnar í senn, sagði Guðlaug.

## Austurlandsdeild

# Stjórnin til Vopnafjarðar

Á aðalfundi Austurlandsdeildar sjúkraliða færðist stjórn deildarinnar frá Eskifirði til Vopnafjarðar, en slík skipti eiga sér stað í deildinni á fjögurra ára fresti.

Gunnhildur Ósk Sæbjörnsdóttir, fráfarandi formaður, flutti skýrslu stjórnar fyrir nýliðið starfsár og vakti athygli á því að ástandið í heilbrigðismálum hefði sjaldan verið erfiðara:

- Öllum er skipað að spara á stöðum sem varla er hægt að spara meira á, einnig er reynt að kalla ekki út aukavaktir þegar veikindi eru og ekki ráðið í þær stöður sem losna, sagði hún. Þetta hefur valdið því að mikið álag er á heilbrigðisstarfsfólki. Sjúkraliðar og hjúkrunarfræðingar standa frammi fyrir því að fá jafnvel ekki vinnu eftir útskrift.

### Nýtum námskeiðin

- En þrátt fyrir mótbyr verðum við horfa fram á veginn og huga vel að menntamálum okkar sjúkraliða, sagði Gunnhildur. - Þekkingarnet Austurlands og Framvegis hafa tekið að sér að sjá um endurmenntunarnámskeið fyrir okkur og séð um að senda út tilkynningar til trúnaðarmanna og senda út upplýsingar um þau námskeið sem hafa verið í boði. Við verðum að vera dugleg að nýta okkur þessi námskeið þegar þau eru í boði og minni ég á að ekki þarf lengur að leggja út fyrir námskeiðunum, heldur sér félagið um að borga námskeiðsgjöld fyrir sjúkraliða og fær hver sjúkraliði 60-130 þúsund á tveggja ára fresti sem hægt er að nýta til endurmenntunar.

Fram kom í máli Gunnhildar að þrjár stjórnarkonur hafa verið í námi í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri. - Við verðum örugglega betri hjúkrunarfræðingar af því að við erum sjúkraliðar og vitum hvaða kostum góður sjúkraliði er búinn og vinnum í því að þessar starfsstéttir vinni hlið við hlið, sagði hún.

Hin nýja stjórn Austurlandsdeildar er þannig skipuð: Steingerður Steingrímsdóttir, formaður, Erla Sveinsdóttir, varaformaður, Kolbrún Gísladóttir, ritari, Kolbrún Steingrímsdóttir, gjaldkeri, og Kolbrún Pétursdóttir, meðstjórnandi.



Sjúkraliðar hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands á fundi um stöðu mála.

## Suðurlandsdeild sjúkraliða

# Fullskipað á námskeiðum

Félagar í Suðurlandsdeild sjúkraliða eru 130 talsins með nemum, eftirlaunaþegum og öryrkjum, en enginn nýr sjúkraliði útskrifaðist frá Fjölbrautaskóla Suðurlands á síðasta ári. Þetta kom fram á aðalfundi deildarinnar.

Margrét Auður Óskarsdóttir, formaður deildarinnar, flutti skýrslu stjórnar og þar kom meðal annars eftirfarandi fram um starfsemina:

Á því starfsári sem nú er að ljúka hefur staðan í þjóðfélaginu verið vægast sagt mjög sérstök, og hafa störf stjórnar litast af því, sem og öðrum þáttum. Ekki hefur verið mikið fundað eða annað gert, einhver lægð eða deyfð yfir mannskapnum. Formaður sótti fundi félagsstjórnar á árinu. Að þessu sinni var haustfundurinn haldinn 19. október í Munaðarnesi, en í framhaldi af honum var öll stjórnin á vinnufundi 20. október um innri mál SLFÍ, hvernig mætti gera gott betra og hvað mætti bæta. Formaður sótti líka BSRB-þing dagana 21.-23. október síðastliðinn.

Kjarasamningar okkar runnu út 31. mars 2009, og ekkert hefur skeð í þeim málum síðan. Á meðan er gamli samningurinn í gildi. Allt umhverfi sammingsaðila er gjörbreytt og ekki er vitað núna hvernig þetta verður.

### Námskeiðin vinsæl

Haldin voru námskeið hjá Fræðsluneti Suðurlands vor og haust; þrjú námskeið á vorönn og tvö á haustönn. Alltaf er fullskipað og sagði framkvæmdastjóri Fræðslunetsins að eftir því væri tekið hvað sjúkraliðar væru áhugasamir og duglegir að sækja námskeið. Allt eru þetta flott og áhugaverð námskeið sem fræðslunefnd Suðurlandsdeildar hefur komið á, en þær hafa verið mjög áhugasamar að finna námskeið í samvinnu við Fræðslunetið bæði frá Framvegis og með heimamönnum. Færum við þeim kærar þakkir fyrir það.

Einnig eru mörg spennandi námskeið í boði núna fyrir sjúkraliða hjá Framvegis. Ég hvet ykkur til að vera vel vakandi fyrir þeim og jafnframt að koma með óskir til fræðslunefndar ef um eitthvað sérstakt efni er að ræða sem við gætum fengið hingað austur.

Fjórar deildir innan SLFÍ ákváðu að taka sig saman um að halda upp á Evrópudag sjúkraliða, það er Suðurlandsdeild, Suðurnesjadeild, Vesturlandsdeild og Reykjavíkudeild ásamt sérdeildum ungliða og sjúkraliða með sérnam. Ekki var farið í neina vorferð á þessu ári, heldur var ákveðið að spara til næsta vors þegar deildin verður 30 ára og gera eitthvað myndarlegt þá.

Að lokum vil ég þakka sjúkraliðum, stjórn Suðurlandsdeildar og nefndarkonum öllum fyrir gott samstarf á árinu, og þeim á Grensásveginum fyrir frábæra liðveislu, og sjúkraliðar munum að „samstaða er afl sem ekkert fær staðist“.

Varaformaður deildarinnar er Helga S. Sveinsdóttir, gjaldkeri Kolbrún Ásta Jónsdóttir, ritari Þóra S. Hallgrímsdóttir og meðstjórnandi Rósa Birgisdóttir. Varamaður er Þyrí Kristjánsdóttir.

## Deild sjúkraliða Norðurlandi eystra

# Góð námskeið í boði fyrir norðan

Aðalfundur Deildar sjúkraliða á Norðurlandi eystra var haldinn 26. nóvember síðastliðinn, á fyrsta Evrópuþegi sjúkraliða.

Helga Dögg Sverrisdóttir, sem verið hefur formaður deildarinnar í 17 ár, flutti skýrslu stjórnar, en þar kom meðal annars eftirfarandi fram um starfsemi deildarinnar:

## Námskeið og fyrirlestrar

Stjórn deildarinnar er samstarfsaðili í námskeiðahaldi á svæðinu. Skipulag námskeiðanna er gott og forsenda þess að vel gangi. Í hverju rúmi er vel skipaður leiðbeinandi eða kennari. Það er stjórnendum deildarinnar mikilvægt að aflýsa engu námskeiði og við það er staðið. Sjúkraliðar á svæðinu segja úrval svo mikið og gott að erfitt sé að velja á milli. Á haustönn voru 60 kennslustundir í boði sem dreifðust á fjögur námskeið. Bjart er framundan á vorönn. Það er von okkar að þeir sjúkraliðar sem ekki hafa nýtt sér námskeiðin sjái sér fært að gera það á næstu önn.

Fræðsla í formi fyrirlestra hefur verið fastur punktur í starfi deildarinnar í nokkur ár og svo var einnig nú. Kristín Jónsdóttir sjúkraliði sér um slökun á Kristnesspítala. Á vordögum fræddi

hún eigin stétt um efnið og líkaði öllum vel. Í október hélt Kristín Thorberg fyrirlestur um DUS aðferðina sem er dreifð umönnun skjólstaðinga og á rætur sínar að rekja til krabbameinssjúkra í Ameríku.

Formaður deildarinnar átti í viðræðum við forsvarsmenn Verkmenntaskólans með það fyrir augum að bjóða uppá nám í hjúkrun aldraðra fyrir sjúkraliða. Skemmt er frá að segja að vel var tekið á móti ábendingum um námið. Skólinn hlaut ekki náð fyrir augum ráðuneytisins til að halda þessu námi úti, af þeim sökum verður bið á því. Á þeim sparnaðartímum sem ríkja í dag situr nám af þessum toga á hakanum.

## Leiðrétting

Þau leiðu mistök áttu sér stað í frásögn um fyrirlestur Grétu Bjarna í desemberblaðinu að fyrirlestur hennar var sagður rannsókn í diplómunámi. Hið rétta er, að rannsókn hennar var meistaraverkefnið hennar í hjúkrun við Háskólann á Akureyri. Beðist er velvirðingar á þessu.

Helga Dögg Sverrisdóttir, formaður DSNE.

## Fundur og heimsóknir

Trúnaðarmenn funduðu einu sinni á starfsárinu. Farið var yfir mál sem upp komu í starfi trúnaðarmanna. Hæst bar ólík túlkun á grein í kjarasamningi um greiðslu fyrir vinnu-fatnað á Hlíð. Félagsstjórnarfundir eru haldnir þrisvar á ári. Formaður átti ekki heimanngengt á tvo af þremur fundum, en var í símasambandi.

Almennur félagsfundur var haldinn 15. júní. Eitt málefni var til umræðu, staða formanns deildarinnar og störf hans í þágu sjúkraliða á svæðinu og í félaginu í heild.

Stjórn deildarinnar heimsótti sjúkraliða á Siglufirði í upphafi júní mánaðar og var vel tekið á móti henni. Sjúkraliðar á Húsavík voru heimsóttir síðsumars.

Að þessu sinni ganga úr stjórn Ragna Gunnarsdóttir og Marín Jónsdóttir, báðar búsettar á Dalvík. Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir varaformaður og Anna Lilja Björnsdóttir gjaldkeri munu starfa áfram. Ég vil þakka þeim sem ganga úr stjórn óeigingjamt starf í þágu sjúkraliða og óska þeim velfarnaðar í því sem þær taka sér fyrir hendur.

## Suðurnesjadeild Sjúkraliðafélags Íslands Vinsælt þorablót

Sjúkraliðar í Suðurnesjadeild SLFÍ héldu Þorablótsfund í fyrsta sinn á síðasta starfsári. 24 sjúkraliðar skemmtu sér konunglega fram eftir nóttu í veitingahúsinu Vitanum í Sandgerði og ljóst að þessi fundur er komin til að vera, segir í ársskýrslu stjórnar deildarinnar fyrir starfsárið 2008-2009.

Formaðurinn, Ingibjörg Þorsteinsdóttir, flutti skýrslu um starfsemi á aðalfundi deildarinnar og þar kom meðal annars eftirfarandi fram:

Á síðasta starfsári voru haldnir 8 stjórnarfundir. Formaður og ritari sátu árlegt fulltrúafundur S.L.F.Í í maí. Formaður og Agnes Ármannsdóttir voru við útskrift sjúkraliðanema hjá Fjölbrautaskóla Suðurnesja þar sem 11 sjúkraliðar útskrifuðust að þessu sinni og veittu þeim blóm og viðurkenningu.

Hinn árlegi jólafundur var haldinn þann 27. nóvember á Garðvangi í Garði. Þar mættu 38 sjúkraliðar á vel heppnað kvöld.

Þann 23. mars mætti Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, ásamt öðrum starfsmönnum félagsins og hélt með okkur vinnustaðafund þar sem farið var yfir ýmis mál hjá okkur sjúkraliðum á HSS.

Vorferðin var 15. maí. Farið var til Reykjavíkur á Þjóðminjasafnið og í Ölgerð Egils Skallagrímssonar, en síðan borðað um borð í Humarskipinu. Alls fóru 43 sjúkraliðar í þessa skemmtilegu ferð sem A-deildar sjúkraliðar sáu um að þessu sinni.

Formaður sat fjóra félagsstjórnarfundir SLFÍ.

Haldin voru þrjú námskeið í samvinnu við Símenntun, Sár og sárameðferð, Sýkingarvarnir og Lyfjahvarfafræði og voru þau öll mjög vel sótt. Sjúkraliðum bauðst einnig að taka þátt í fríu tölvunámskeiði í fjarkefnslu. Margir sjúkraliðar á Suðurnesjum nýttu sér það og voru mjög ánægðir.

Formaður fór yfir email adressulista félagsmanna og leiðrétti þá, einnig skráningu trúnaðarmanna og gekk í að koma trúnaðarmannamálum sjúkraliða á öllum Suðurnesjum í lag. Góður mórall virðist vera allstaðar meðal sjúkraliða á svæðinu og flestir hafa áhuga á auknu félagsstarfi.

Formaður deildarinnar er Ingibjörg Þorsteinsdóttir, varaformaður Sjöfn Þórgrímsdóttir, gjaldkeri Arnbjörg Ólafsdóttir, ritari Hulda Björg Birgisdóttir og meðstjórni Lilja Högnadóttir, en varamaður Ása Guðmundsdóttir.

## Ungliðadeild Sjúkraliðafélags Íslands

# Nemar ánægðir með nám sitt

Ungliðadeild Sjúkraliðafélags Íslands gerði á vorönn 2009 könnun meðal sjúkraliðanema um allt land, um viðhorf þeirra til námsins og hugsanlegs framhaldsnáms. Alls tóku 133 nemendur þátt í könnuninni. Megin niðurstöður könnunarinnar voru að nemendur eru almennt ánægðir með nám sitt og gera miklar væntingar til framhaldsnáms á sviði sjúkraliðamenntunar, segir í skýrslu stjórnar um starfsemina á liðnu ári.

Birkir Högnason, formaður deildarinnar, flutti aðalfundi skýrslu stjórnar, en þar kom eftirfarandi fram um starfsemina:

Stofnfundur deildarinnar var haldinn þann 22. janúar 2009. Stjórn deildarinnar hélt all marga formlega fundi á árinu auk óformlegra símafunda. Þar af hélt formaður deildarinnar einn fund á Akureyri með þrem stjórnarmönnum sem eru búsettir þar.

Stjórn deildarinnar gerði athugasemdir við verðlagningu á námskeiðum Framvegis og sendi stjórn þess erindi vegna málsins. Viðbrögðin voru góð og voru fulltrúar deildarinnar boðaðir á fund með framkvæmdastjóra Framvegis. Stjórn deildarinnar hafði þá reiknað út að sjúkraliðar þyrftu að greiða mun meira úr eigin vasa til námskeiða þrátt fyrir að félagið legði mun meira til en áður. Fulltrúar Framvegis sögðust gæta þess í hvívetna að námskeiðskostnaður væri ekki fram úr hófi og væri í sífelldri endurskoðun. Lækkaði verðskrá Framvegis töluvert fyrir næstu önn þar á eftir.

### Hjartsláttur

Í vor hóf deildin verkefnið Hjartslátt en markmið þess var að vera sýnilegri og leggja okkar að mörkum við heilsueflingu. Lagt var upp með mun stærra verkefni en úr varð vegna ýmissa þátta sem unnu á móti. Deildin hyggst skoða möguleikana á að halda verkefninu áfram.



Sjúkraliðanemar á stofnfundi Ungliðadeildar Sjúkraliðafélagsins.

Fulltrúar ungliða voru viðstaddir útskriftir frá Fjölbrotaskólanum í Breiðholti og Fjölbrotaskólans í Ármúla ásamt fulltrúum Reykjavíkurdeildar SLFÍ bæði á vor- og haustönn 2009. Færðu þeir þar nemendum rósir frá Reykjavíkurdeild og skjal frá SLFÍ. Ákveðið hefur verið að Reykjavíkurdeild og Ungliðadeild sinni þessu verkefni saman og vonumst við til að slík samvinna geti orðið í fleiri deildum innan félagsins.

### Heimsóknir í skóla

Formaður Ungliðadeildar fór ásamt Birnu Ólafsdóttur, formanni fræðslunefndar SLFÍ, í heimsóknir í framhaldskóla til þess að kynna félagið og deildina. Var farið á Suðurnesin, Selfoss og á Ísafjörð ásamt formönnum viðkomandi svæðisdeilda. Sömuleiðis var farið tvisvar í Fjölbrotaskólann við Ármúla og einu sinni í Fjölbrotaskólann í Breiðholti ásamt formanni Reykjavíkurdeildar. Einnig fór Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir ásamt formanni deildar sjúkraliða á Norðurlandi

eystra með kynningu í Verkmenntaskólanum á Akureyri á vorönn 2009.

Deildin sendi frá sér þrjár ályktanir á árinu um heilbrigðis-, mennta- og kjaramál. Sú síðasta varð tilefni fundar með heilbrigðisráðherra þar sem mikil vinna fór í gang. Heilbrigðisráðherra óskaði þá eftir álit Landlæknis en stuttu síðar óskaði Landlæknisembættið eftir skýrslu frá Ungliðadeild um ástandið á Landspítala. Formaður deildarinnar vann þá mikla skýrslu um málið og ræddi við á sjötta tug sjúkraliða og annarra starfsmanna á LSH. Skilaði deildin ýtarlegri skýrslu um málið í samvinnu við formann SLFÍ, Kristínu Á. Guðmundsdóttur. Verður unnið frekar með niðurstöður þessa máls á árinu 2010.

Stjórn Ungliðadeildar er þannig skipuð: Formaður Birkir Þór Högnason, varaformaður Helen Long, gjaldkeri Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, ritari Lilja Björnsdóttir og meðstjórnandi Svava Hrund Friðriksdóttir, en varamenn Hildur Björk Þórðardóttir og Dagbjört Sigurpálsdóttir.

## Golfvöllurinn Glanni

Félagsmenn í BSRB fá 50% afslátt á golfvöllinn Glanna.

Á það við um alla félagsmenn BSRB en ekki einungis þá sem dvelja í orlofsbygðinni í Munaðarnesi.

Golfvöllurinn Glanni er staðsettur í einungis 9 kílómetra fjarlægð frá orlofshúsabygðinni í Munaðarnesi og því tilvalið fyrir golfáhugamenn innan BSRB að nýta sér þessa aðstöðu.

Völlurinn er í einstöku umhverfi, grænar flatir innrammaðar af úfnu Grábrókarhrauni og fjallasýnin stórbrotin þar sem drottningin Baula vakir yfir sveitinni.





Sjúkraliðafélag  
Íslands

# Vetrarleiga orlofshúsa og íbúða félagsins 2010

Félagmenn Sjúkraliðafélags Íslands eiga kost á leigu fimm orlofshúsa og íbúðar í Reykjavík, Akureyri og Kaupmannahöfn. Nýtt fyrirkomulag verður á útleigu félagsins næsta haust. Opnað verður fyrir þrjá mánuði í upphafi og síðan bætist við einn mánuður í senn um hver mánaðamót fram að sumarleigutíma. Nú þegar er opið fyrir leigu á íbúðinni í Kaupmannahöfn fram að áramótum. Vetrarleiga er frá 10. september 2010 til 13. maí 2011.

## Verð:

- Vikuleiga.....18.000 krónur
- Helgarleiga frá föstudegi til mánudags .....12.600 krónur
- Virkir dagar .....3.000 krónur
- Jól 20. desember til 27. desember .....20.000 krónur
- Áramót 27. desember til 3. janúar .....20.000 krónur

Leiga um jól og áramót kostar fimm orlofsþekktum.

## Bókanir september 2010 - maí 2011

10. ágúst kl. 9.00 verður opnað fyrir bókanir á orlofsvef félagsins. Ath. ganga þarf frá greiðslu og prenta út samning um leið og bókað er. Þeir sem ekki bóka á vefnum geta haft samband við skrifstofu SLFÍ að Grensásvegi 16, 108-Reykjavík.

Símar á skrifstofunni eru 553 9494, 554 9493. Tölvupóstfang: slfi@slfi.is

## Leiga á sængurfatnaði

Leigutökum á íbúð félagsins í Reykjavík og á Akureyri er boðið að leigja sængurfatnað og handklæði á 1.700 krónur settið.



## Gistimiðar á hótélum

### Flugleiðahótel

Gistimiðar á Flugleiðahótel kosta 6.000.- kr. nóttin. Hótel Hamar Borgarfirði, Hótel Flúðir, Hótel Klaustur Kirkjubæjarklaustri, Hótel Hérað Egilsstöðum og Hótel Hengill Nesjavöllum.

### Icelandair hótel

Gistimiðar á Icelandair hótel kosta 7.000.- kr. nóttin. Hótel Loftleiðir Reykjavík og Flughótel Reykjanesbæ.

### Fosshótel

Gistimiðar á Fosshótelin kosta 6.000.- kr. nóttin í tveggja manna herbergi á eftirtalin hótel í Reykjavík: Fosshótel Lind og Fosshótel Baron.

Auk þessara hótela gilda miðarnir á: Fosshótel Reykholt Borgarfirði, Fosshótel Húsavík, Fosshótel Skaftafelli og Fosshótel Dalvík.

Morgunverður er innifalinn í verði.



Kiðjberg - Sumarhús

Kiðjberg í Grímsnesi á Suðurlandi. Í húsunum eru 3 svefnherbergi, rúm og sængur fyrir 8 manns, auk tveggja lausra dýna. Umhverfis húsin er verönd með rafhituðum potti fyrir 4 - 6. Ahugaverður staður fyrir útivistarfólk og golfáhugamenn. Golfvöllurinn að Kiðjbergi er 18 holar þar geta leigjendur spilað frítt.



Sigurhæð - Sumarhús

Sigurhæð er í landi Úthlíðar í Biskupstungum 15 kílómetra fyrir austan Laugarvatn. Bústaðurinn er heilsárs-hús með 3 svefnherbergjum. Rúm og sængur eru fyrir 7 manns, auk tveggja lausra dýna. Umhverfis bústaðinn er verönd með heitum potti. Í næsta nágrenni eru skemmtilegar gönguleiðir, stutt í þjónustu og marga áhugaverða staði svo sem Laugarvatn, Geysi, Gullfoss, Skálholt, Flúðir og fjölmargt annað.



Munaðarnes - Sumarhús

Orlofshúsið Munaðarnesi í Borgarfirði er um 52 fermetrar að stærð. Í bústaðnum eru þrjú svefnherbergi, svefnpláss fyrir sjö, tvo í hjónaherbergi, þrjá í svefnherbergi og tvo í koju í barnaherbergi. Í húsinu eru tvær aukadýnur, sængur og koddar fyrir 8 manns. Stór verönd með heitum potti er við húsið.



Eiðar - Sumarhús

Orlofshúsið að Eiðum er 54 fermetrar. Í húsinu eru 3 svefnherbergi með svefnpláss og sængum fyrir 6 manns, 2 aukadýnur. Öll rúm í húsinu hafa verið endurnýjuð. Frá Eiðum eru 14 km að næsta þéttbýlis- kjarna, Egilsstöðum.



Fellsmúli 16 - Íbúð í Reykjavík

Íbúðin að Fellsmúla er þriggja herbergja í næsta nágrenni við skrifstofu félagsins. Íbúðin er búin helstu þægindum. Svefnaðstaða er fyrir 7-9 manns, þar af fyrir tvo á dýnum. Fellsmúlinn er vel staðsettur, örstutt í strætisvagna við Grensásveg. Verslanir í Skeifunni og Kringlunni eru í göngufæri og stutt að sækja útivistasvæði Reykvikinga í Laugardalnum heim.



Hamratún 26 - íbúð á Akureyri

Íbúðin að Hamratúni er þriggja herbergja 99 fermetra. Íbúðin er á neðri hæð í tvíbýli, svefnpláss er fyrir 6 - 8 manns þar af fyrir 6 í rúmum með sængum, tvær lausar dýnur fylgja. Á Akureyri er alltaf eitthvað áhugavert um að vera á öllum sviðum mannlífins.

## ÍBÚÐ Á VESTERBRO Í KAUPMANNAHÖFN

Íbúðin er með uppabúnum rúmum og handklæðum fyrir 6 manns. Svefnsofi fyrir tvo er í stofu, en möguleiki er að bæta inn aukarúmum og þá er pláss fyrir allt að 10 manns. Íbúðin er fullbúin húsgögnum, með nettengingu og öllu því sem þarf til venjubundins heimilisreksturs. Íbúar í Flensborggade hafa aðgang að lokuðum garði sem er einstaklega vel við haldið og hefur upp á að bjóða fína aðstöðu til leikja, afslöppunar og ýmissar afþreyingar. Gardurinn er mjög öruggt umhverfi fyrir börn. Gatan er einstefnugata og því mjög kyrrlát þrátt fyrir að vera staðsett miðsvæðis í borginni. Íbúðin er í göngufæri og hjólaferi

### Leiguverð á íbúð í Kaupmannahöfn

Leigutími:	1 nótt	2 nætur	3 nætur	4 nætur	5 nætur	6 nætur	7 nætur
Leiguverð:	15.000	22.000	29.000	36.000	42.000	48.000	55.000

Um helgar er íbúðin í Kaupmannahöfn leigð annað tveggja frá fimmtudegi til sunnudags eða frá föstudegi til mánudags. Gjald fyrir helgardvöl er kr. 29.000

við helstu samgöngukerfi borgarinnar og helstu afþreyingu sem ferðamenn kjósa sér. Innan við þriggja mínútna gangur er í næsta strætó. Margir áhuga-verðir staðir fyrir ferðamenn eru í göngufæri við íbúðina. Þannig tekur aðeins um 10 mínútur að ganga í tivólíð og um 15 mínútur; að aðalstarstöðinni (Hovedbanegarden), í dýrgarði (Zoologiske Haven), í stærsta prividdarbió heims (Tycho Brahe Planetarium), í eina nýjustu og stærstu verslunarmiðstöð borgarinnar (Fisketorvet) eða í Listasafn Danmerkur.